ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 1/2003
Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra,
ásamt Holtamannaafrétti

ÓBYGGÐANEFND

10. desember 2004

EFNISYFIRLIT

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 15

2. MÁLSMEÐFERÐ 15
2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar 15
2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar . . 16
2.3. Lýstar kröfur og kynning 16
2.4. Afmörkun máls nr. 1/2003 17
2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð 18

3. KRÖFUGERÐ 18
3.1. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu 18
3.2. Kröfur sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárþings ytra og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra 18
3.3. Kröfur Landsvirkjunar 19

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN 20
4.1. Inngangur 20
4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 20
4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru 21
4.4. Vettvangsferð 22
4.5. Skýrslutökur 23

5. SAGA AFRÉTTAR 23
5.1. Landnám 23
5.2. Holtamannaafréttur 25

6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR 42
6.1. Inngangur 42
6.2. Landnám 42
6.3. Holtamannaafréttur 43
6.3.1. Staðhættir og gróðurfar 43
6.3.2. Kröfugerð aðila 44
6.3.3. Sjónarmið aðila 44
6.3.4. Niðurstaða óbyggðanefndar 45
6.4. Um kröfur og réttindi Landsvirkjunar 50
6.4.1. Sjónarmið íslenska ríkisins 51
6.4.2. Sjónarmið Landsvirkjunar 51
6.4.3. Einkaréttarlegar heimildir 52
6.4.4. Heimildir Landsvirkjunar samkvæmt lögum 60
6.4.5. Lagaheimildir sem einkum varða Landsvirkjun 62
6.4.6. Niðurstaða óbyggðanefndar 67
6.5. Vatnajökull og önnur landsvæði í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi 76
6.6. Um málskostnað 76

7. ÚRSKURÐARORÐ **77**

VIÐAUKI **79**
I. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu) og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður) . . . . . .

FYLGISKJÖL **131**
I. Kort
II. Aðilaskrá
III. Skjalaskrá

1. ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Ár 2004, föstudaginn 10. desember, er í óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, sbr. lög nr. 65/2000, tekið fyrir málið

nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur,
nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannaafrétti,
hvort og þá hvaða land teljist til þjóðlendna,
hver séu mörk þjóðlendu við eignarland,
hvaða hluti þjóðlendu sé nýttur sem afréttur
og hver séu eignarréttindi innan þjóðlendu,

og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Kristján Torfason, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Benedikt Bogason.

Aðilar málsins eru:[1]
Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.
(Ólafur Sigurgeirsson hrl.)
Sveitarfélögin Ásahreppur og Rangárþing ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú Rangárþingi ytra.
(Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl. og Óskar Sigurðsson hdl.)
Landsvirkjun.
(Þórður Bogason hdl.)

2. MÁLSMEÐFERÐ

2.1. Setning laga nr. 58/1998 og skipan óbyggðanefndar

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

Þann 2. september 1998 skipaði forsætisráðherra Kristján Torfason dómstjóra, formann

1 Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (aðilaskrá).

óbyggðanefndar, og aðra nefndarmenn Karl Axelsson hæstaréttarlögmann, varaformann, og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Varamenn voru skipuð Halldór Jónsson héraðsdómslögmaður, Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari og Þorgeir Örlygsson prófessor. Þorgeiri Örlygssyni var veitt lausn að eigin ósk frá og með 1. janúar 2003 og Benedikt Bogason héraðsdómari þá skipaður varamaður í hans stað.

2.2. Sveitarfélög í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu tekin til meðferðar

Með bréfi, dagsettu 12. október 2000, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til meðferðar landsvæðið vestan sveitarfélagsins Hornafjarðar og austan Þjórsár, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Svæði þetta, sem er hið þriðja sem kemur til meðferðar hjá óbyggðanefnd, var nánar tiltekið afmarkað til austurs af vesturmörkum jarðarinnar Núpsstaðar í Fljótshverfi (Skaftárhreppi), að sunnan af hafi, til norðurs í samræmi við tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálendinu frá 1996 og á Vatnajökli af línu þeirri sem samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands hefur notað við vinnu sína, sbr. afmörkum svæðisins á meðfylgjandi korti. Fjármálaráðherra var veittur frestur til 1. apríl 2001 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, væri um slíkar kröfur að ræða. Fyrirsvarsmönnum sveitarfélaga á svæðinu, þ.e. Ásahrepps, Holta- og Landsveitar, Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps, Hvolhrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Eyjafjallahrepps, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps, auk Bændasamtaka Íslands, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar. Frestur fjármálaráðherra var síðar framlengdur til 27. apríl 2001 og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

2.3. Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu bárust 27. apríl 2001. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um meðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 1. júní 2001, Morgunblaðinu 3. júní og fleiri blöðum síðar í sama mánuði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. desember 2001. Þá var tekið fram að málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðaðist ekki við kröfur aðila heldur bæri nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Til þess gæti því komið að tekin yrðu til athugunar svæði utan við kröfulýsingu fjármálaráðherra.

Óbyggðanefnd lét þinglýsa yfirlýsingu um málsmeðferð nefndarinnar og kröfugerð fjármálaráðherra á þær fasteignir sem kröfugerðin snertir og sem skráðar eru í þinglýsingabókum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, auk viðkomandi sveitarfélaga og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt fyrirsvarsmönnum aðliggjandi sveitarfélaga og sýslumönnum í þeim umdæmum, auk fjölmiðla.

Frestur annarra til að lýsa kröfum á kröfusvæði ríkisins var framlengdur í þeim tilvikum að leitað var eftir slíku með rökstuddum hætti, fyrst til 15. janúar 2002 og síðar til 15. febrúar. Þar sem allar boðaðar kröfulýsingar höfðu ekki skilað sér innan þessa tíma var að auki veittur lokafrestur til 9. maí. Síðustu viðbætur og lagfæringar á kröfulýsingum bárust óbyggðanefnd 11. september 2002.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Hvolsvelli og í Vík, dagana 1.-31. október 2002, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 7. nóvember 2002. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Jafnframt fengu hlutaðeigandi sveitarstjórnir yfirlit og uppdrátt óbyggðanefndar til upplýsingar.

Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests en eftir þann tíma hafa aðilar gert nokkrar breytingar á kröfum sínum og jafnframt hafa komið fram nýjar kröfur. Óbyggðanefnd hefur vakið athygli málsaðila á augljósu misræmi eða villum í málatilbúnaði og haft frumkvæði að því að kanna hvort aðilar, sem kunna að telja til eignarréttinda á kröfusvæði íslenska ríkisins, vilji lýsa kröfum sínum, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998.

Fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í ellefu hlutum og sjö kröfulýsingar vegna ríkisjarða. Á móti bárust 34 kröfulýsingar ýmissa aðila, auk krafna Landsvirkjunar. Gerðar voru kröfur vegna 159 tilgreindra jarða, jarðahluta eða annarra landsvæða, stundum sameiginlega.

2.4. Afmörkun máls nr. 1/2003

Í janúar 2003 var lögmönnum aðila tilkynnt að ákveðið hefði verið að fjalla um svæðið í eftirfarandi níu málum og var hreppamörkum þar fylgt í meginatriðum:

Mál nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannaafrétti.

Mál nr. 2/2003, Holta- og Landsveit ásamt Landmannaafrétti í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 3/2003, fyrrum Rangárvallahreppur, nú í Rangárþingi ytra.

Mál nr. 4/2003, fyrrum Fljótshlíðar-, Hvol- og Vestur- og Austur-Landeyjahreppar, nú í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 5/2003, Eyjafjallasvæði og Þórsmörk í Rangárþingi eystra.

Mál nr. 6/2003, Mýrdalshreppur.

Mál nr. 7/2003, Álftaver og Skaftártunga í Skaftárhreppi.

Mál nr. 8/2003, Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallarhreppi, nú í Skaftárhreppi.

Mál nr. 9/2003, Fljótshverfi í Skaftárhreppi.

Landsvæði það sem til meðferðar er í máli nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrum Djúpárhreppur ásamt Holtamannaafrétti (Rangárvallasýslu), skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi er þar um að ræða Holtamannaafrétt, í öðru lagi önnur landsvæði í Ása- og Djúpárhreppum og í þriðja lagi hluta Vatnajökuls. Á milli tveggja fyrrnefndu hluta svæðisins liggja Landmannaafréttur, Holta- og Landsveit og Rangárvallahreppur. Holtamannaafréttur afmarkast að vestanverðu af sveitarfélaga- og sýslumörkum í Þjórsá og til norðurs af stjórnsýslumörkum gagnvart Þingeyjarsveit og Eyjafjarðarsveit, sbr. tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálendinu 1996 sem samþykkt var af öllum aðliggjandi sveitarfélögum. Til austurs er Vatnajökull og sveitarfélaga- og sýslumörk í Tungnaá. Til suðurs er Landmannaafréttur, svo sem áður greindi. Önnur landsvæði í Ása- og Djúpárhreppum afmarkast einnig af Þjórsá til vesturs. Til norðurs er Holta- og Landsveit og til vesturs Rangárvalla- og Vestur-Landeyjahreppar. Til suðurs er hafið. Þess ber að geta hér að Djúpárhreppur er nú hluti af Rangárþingi ytra, ásamt Rangárvallahreppi og Holta- og Landsveit. Þá er til meðferðar í málinu svæði á Vatnajökli sem afmarkast svo: Þaðan sem lína á milli Deilis, hæð 1125 m, og Bárðarbungu, hæð 2009 m, sker jaðar Vatnajökuls og áfram í Bárðarbungu (2009 m). Úr Bárðarbungu yfir Kerlingar og að upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við jaðar Tungnaárjökuls.

Á því svæði, sem hér hefur verið lýst, hafa í meginatriðum annars vegar komið fram kröfur fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendu á Holtamannaafrétti og hins vegar kröfur tiltekinna aðila um beinan eignarrétt að sama landsvæði. Að auki hafa verið lagðar fram kröfur af hálfu Landsvirkjunar. Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur ekki til lands innan Ásahrepps og fyrrum Djúpárhrepps að öðru leyti en varðar Holtamannaafrétt. Kröfum aðila er nánar lýst í kafla 3. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, sjá nánar í kafla 4.2.

2.5. Fyrirtökur og aðalmeðferð

Mál nr. 1/2003 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 5. maí 2003. Gefið var færi á athugasemdum við skipan óbyggðanefndar í málinu en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi skjöl og gagnaöflun. Jafnframt var óskað eftir því að lögmenn skiluðu umboðum hið fyrsta og gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl., sbr. einnig bréf óbyggðanefndar til lögmanna, dags. 29. september 2002. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort sáttaflötur væri á málinu, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Loks var íslenska ríkinu veittur fjögurra vikna frestur til að skila greinargerð.

Við fyrirtöku málsins 2. júní var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins og fleiri gögn. Öðrum málsaðilum var veittur u.þ.b. fjögurra vikna frestur til að skila greinargerðum. Við þriðju fyrirtöku málsins, 27. júní, var lögð fram sameiginleg greinargerð frá Rangárþingi ytra og Ásahreppi svo og jarða í þeim sveitarfélögum, ásamt fleiri gögnum. Af sérstökum ástæðum var Landsvirkjun veittur viðbótarfrestur til að skila greinargerð.

Málið var svo tekið fyrir í fjórða skipti 3. september. Við það tækifæri var greinargerð Landsvirkjunar lögð fram auk þess sem farið var yfir dagskrá aðalmeðferðar og fyrirkomulag vettvangsferðar. Á þessum fundi voru einnig lögð fram ýmis önnur gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Fyrri hluti aðalmeðferðar fór fram 5. september og skiptist í forflutning, vettvangsferð og skýrslutökur. Fundað var í Hálendismiðstöðinni Hrauneyjum. Síðari hluti aðalmeðferðar fór fram 26. nóvember, þegar málið var munnlega flutt. Auk þess voru lögð fram gögn. Þeirri fyrirspurn var beint til lögmanna hvort þeir teldu unnt að sætta málið að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga en svo var ekki. Fundað var að Leirubakka í Landsveit. Að lokinni aðalmeðferð var málið tekið til úrskurðar. Um vettvangsferð og skýrslutökur er fjallað nánar í köflum 4.4.-4.5. og vísast þangað.

Þann 8. nóvember 2004 var málið endurupptekið. Lögmenn fengu þar tækifæri til að tjá sig um fyrstu dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum, upp voru kveðnir 21. október 2004 í málunum nr. 47/2004 og 48/2004. Að auki voru lögð fram viðbótargögn sem áður höfðu verið kynnt lögmönnum. Engar athugasemdir komu fram. Málið var tekið fyrir í síðasta skipti 10. desember 2004 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og tækifæri gefið til athugasemda. Engar athugasemdir komu fram. Var málið síðan tekið til úrskurðar að nýju.

3. KRÖFUGERÐ[1]

3.1. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu

Kröfulína fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins liggur yfir landsvæði sem til meðferðar eru í öðrum málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd, sbr. kafla 2.2. Holtamannaafréttur liggur norðan þessara landsvæða og miðað við þessa kröfugerð er hann því allur í þjóðlendu.

3.2. Kröfur sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárþings ytra og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra

Af hálfu Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra, er gerð sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur af svæði sem afmarkað er þannig í kröfulýsingu, dags. 27. júní 2003:

1 Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá).

Úr Þjórsá að vestan alla leið inn á Sprengisand að Fjórðungskvísl, að Tungnaá að sunnan að Blautukvísl sem fellur í Krókslón sunnan Þóristinds. Úr Þóristindi er markið í Þveröldu austan Þórisvatns. Síðan eins og grös gróa til norðausturs frá Þveröldu til Vonarskarðs. Nánar tiltekið að norðan úr Klakki hæðarpunktur 1008 m. Þaðan í Háöldukvísl „eftir miðjum farvegi“ hennar í Þjórsá. Þaðan í austur ræður Þjórsá „eftir miðjum farvegi“ að Fjórðungakvísl. Þaðan eftir Fjórðungakvísl „miðjum farvegi“ í punkt við Jökuldal. Þaðan eftir Jökuldal, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í „miðjum farvegi“ Nýjadalsár. Þaðan í austasta punkt í hæðapunkt 1115. Þaðan í Deili, hæð 1125, og þaðan beint í Bárðarbungu, hæð 2009.

Við aðalmeðferð málsins, 26. nóvember 2003, kom fram að litið væri svo á að í kröfugerð þessari fælist jafnframt krafa um afnotarétt í þjóðlendu, að öllum venjubundnum notum að fornu og nýju sem fram hafi komið, komi til þess að einhver hluti landsins eða það allt teljist þjóðlenda. Loks var krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Áður en málið var tekið til úrskurðar kom fram, athugasemdalaust, leiðrétting á framangreindri afmörkun á kröfusvæðinu, til samræmis við kröfulínukort og málflutning aðilanna, svohljóðandi:

Að vestan af Þjórsá frá ármótum Tungnaár og Þjórsár í Sultartangalóni norður að ármótum Þjórsár og Fjórðungakvíslar. Að norðan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvíslar í punkt við Jökuldal. Þaðan eftir Jökuldal, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvíslar. Þaðan í austasta punkti í hæðarpunkt 1115. Þaðan í Deili, hæð 1125, og áfram í Bárðarbungu, hæð 2009. Að sunnan fylgja mörkin Tungnaá frá ármótum við Þjórsá um Hrauneyjalón og Krókslón að útfalli Blautukvíslar. Austurmörkin eru frá þeim stað í stefnu í Þóristind og þaðan efst í Þveröldu, austan Þórisvatns. Úr Þveröldu er síðan dregin lína í austsuðaustur efst í Svartakamb og þaðan út í Tungnaá. Fylgja mörkin síðan meginfarvegi Tungnaár allt að upptökum árinnar í fremri Tungnaárbotnum. Þaðan er dregin lína yfir Kerlingar og í Bárðarbungu, hæð 2009.

3.3. Kröfur Landsvirkjunar

Endanleg kröfugerð Landsvirkjunar kom fram í greinargerð dagsettri og afhentri óbyggðanefnd þann 4. júlí 2003. Hafði þá kröfugerðin tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri gerð. Kröfugerðin er sameiginleg fyrir mál á svæði 3 og er svohljóðandi:

> Landsvirkjun gerir kröfu til þess að viðurkennd verði og staðfest eftirtalin bein eða óbein eignarréttindi fyrirtækisins á hinu auglýsta landsvæði:
>
> 1. Öll vatnsréttindi í Þjórsá, Tungnaá og Köldukvísl. Réttindi vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða kunna síðar að verða reist til þess að hagnýta vatnsafl Þjórsár, þ. á m. stöðvarhús, uppistöðulón, stíflur, vatnsvegi, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegi og vegslóða og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar. Er þá átt við fasteignirnar sem slíkar auk eðlilegra lóðaréttinda þeim tengdum.
>
> 2. Réttindi vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi og kunna síðar að verða reist í tengslum við:
>
> a) Kvíslaveitu,
> b) Hágöngulón,
> c) stíflur við Þórisvatn og Þórisós,
> d) Norðlingaölduveita,
> e) Vatnsfellsvirkjun,
> f) Sigölduvirkjun,
> g) Hrauneyjafossvirkjun,
> h) Búðarhálsvirkjun,

i) Sultartangavirkjun, þ.e.a.s. sá hluti mannvirkja og réttinda sem er í Rangárvallasýslu,
j) Búrfellsvirkjun, þ.e.a.s. sá hluti mannvirkja og réttinda sem er í Rangárvallasýslu.

Mannvirki í þessum skilningi teljast byggingar, uppistöðulón, stíflur, vatnsvegir, miðlunarmannvirki, orkuflutningslínur, spenna- og rofavirki, vegir og vegslóðar og hvers kyns önnur mannvirki vegna starfsemi Landsvirkjunar. Gerir Landsvirkjun kröfu til þess að auk viðurkenningar á eignarrétti fyrirtækisins á mannvirkjunum sem slíkum verði viðurkennd bein eignarréttindi fyrirtækisins á eðlilegum lóðaréttindum þeim tengdum eða ótakmarkaður afnotaréttur þegar það á við.

3. Réttindi vegna háspennulína Landsvirkjunar á svæðinu. Er þá átt við háspennumöstur og línur auk um 30 m beltis beggja vegna línustæðis, sbr. áskilnað í 404 gr. reglugerðar nr. 264/1971, um raforkuvirki. Háspennulínur þær er hér um ræðir eru:

a) Hrauneyjafosslína 1.
b) Sigöldulína 2-4, þ.m.t. Suðurlína sem liggur að Hólum í A-Skaftafellssýslu.
c) Vatnsfellslína1.
d) Búðarhálslína 1.

Þá krefst Landsvirkjun þess að óbyggðanefnd úrskurði fyrirtækinu málskostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni.

4. GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1. Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-11 ásamt undirskjölum eða samtals 161 skjal, auk 19 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998, sbr. l. nr. 65/2000. Úrlausn óbyggðanefndar einskorðast þannig ekki við þær kröfur og gögn sem aðilar leggja fram heldur ber nefndin einnig sjálfstæða rannsóknarskyldu. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til meðferðar. Verkið var unnið á hlutlausan og fræðilegan hátt.

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar, samkvæmt samkomulagi þessara aðila og nánari tilgreiningu í kafla 4.3. Jafnframt var haft samstarf við handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og fleiri aðila. Gagnaöflun óbyggðanefndar grundvallast á „Yfirliti um frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Við samningu þess hefur óbyggðanefnd notið ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundsson-

ar sagnfræðings og starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum og engar athugasemdir komið fram.

Leitað var eftir gömlum og nýjum nöfnum þeirra jarða sem kröfulýsing ríkisins tekur til, auk afrétta og almenninga. Jafnframt var að því hugað hvort utan kröfusvæðis ríkisins væru landsvæði sem þörfnuðust sérstakrar rannsóknar enda nær rannsóknarskylda óbyggðanefndar til alls þess svæðis sem tekið hefur verið til meðferðar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn, sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu, voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til yfirlits í kafla 4.3., sjá nánar í greinargerðum Þjóðskjalasafns Íslands, handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2, 3 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru

Könnun einstakra skjalaflokka skiptist, eins og áður greinir, milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í meginatriðum er skiptingin þannig að Þjóðskjalasafn leitar heimilda í óprentuðum frumgögnum en óbyggðanefnd í þeim prentuðu. Þessari skiptingu er nánar lýst í greinargerðum um gagnaöflun. Greinargerð Þjóðskjalasafnsins um gagnaöflun er nr. 2 í skjalaskrá en greinargerð óbyggðanefndar um gagnaöflun er nr. 4.

Í flokki óprentaðra frumgagna leituðu sérfræðingar Þjóðskjalasafnsins eftir landamerkjabréfum og jarðabréfum frá svæðinu. Óbyggðanefnd aflaði hins vegar ljósrita af jarðabréfum í prentuðum heimildum og var við þá leit farið yfir Íslenskt fornbréfasafn (stuðst við efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl., „Heimildaskráning jarða“), 13. b. Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1990) og Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993).

Af hálfu Þjóðskjalasafns var leitað heimilda í afsals- og veðmálabókum í safninu en óbyggðanefnd aflaði upplýsinga úr afsals- og veðmálabókum hjá sýslumanninum á Hvolsvelli. Óbyggðanefnd kannaði einnig landskiptabækur við sýslumannsembættið. Þjóðskjalasafn aflaði ljósrita af óprentuðum jarðamötum, þ.e. jarðamati 1804, 1849-1850 og fasteignamati 1916-1918 en óbyggðanefnd aflaði ljósrita úr eftirtöldum prentuðum jarða- og fasteignamötum: Jarðatali á Íslandi í útgáfu J. Johnsen (1847), Nýrri jarðabók (1861), Fasteignabók 1921, Fasteignabók 1932 og Fasteignabók 1938.

Sérfræðingar Þjóðskjalasafns fóru yfir gerðabækur sýslumanna og sáttanefnda, þ.e. dóma- og þingabækur og sáttabækur en óbyggðanefnd aflaði prentaðra dóma og lagði fram. Annars vegar var um að ræða dóma Landsyfirréttar og hins vegar dóma Hæstaréttar.

Af hálfu Þjóðskjalasafns voru athuguð kirknaskjöl, vísitasíubækur prófasta, brauðamöt, kirkjustólar og skýrslur presta um tekjur, útgjöld og ástand prestssetra. Einnig var farið yfir vísitasíubækur biskupa og skrifað upp það efni sem talið var einhverju skipta fyrir málið.

Í Þjóðskjalasafni voru könnuð skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja. Óbyggðanefnd sá hins vegar um leit í þeim skjölum sömu embættismanna sem gefin hafa verið út og var þá farið yfir tiltekna efnisflokka í Lovsamling for Island.

Hvað varðar bréfasöfn og bréfabækur biskupa í flokki óprentaðra frumgagna fór forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns-Háskólabókasafns yfir afrit af bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar sem þar er varðveitt. Niðurstaða þeirrar athugunar er nr. 3 í skjalaskrá.

Af hálfu óbyggðanefndar var aflað yfirlita um fornleifar á svæðinu. Óbyggðanefnd aflar einnig örnefnaskráa frá Örnefnastofnun Íslands o.fl. og leggur fram ef ástæða þykir til en það var ekki gert í þessu máli. Óbyggðanefnd aflaði og lagði fram ljósrit af fjallskilareglugerðum sem í gildi hafa verið á viðkomandi landsvæði og birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda.

Auk þeirra prentuðu rita, sem áður hafa verið nefnd, var af hálfu óbyggðanefndar farið yfir Íslenskt fornbréfasafn í leit að máldögum, jarðabréfum og öðrum skjölum sem varða einstakar jarðir og stuðst við áðurnefnt efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. við þá yfirferð. Óbyggðanefnd lagði fram ljósrit úr Landnámabók í útgáfu Hins íslenska fornritafélags um landnám á viðkomandi svæði. Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups var yfirfarin skv. nafnaskrá en ekkert fannst sem ástæða þótti til að leggja fram. Ekki hefur verið talin ástæða til að yfirfara aðrar útgefnar bréfabækur biskupa enda allar frá Hólabiskupum og varða ekki málefni Skálholtsbiskupsdæmis sérstaklega. Af hálfu óbyggðanefndar var farið yfir nafnaskrá Alþingisbóka Íslands og leitað þar heimilda. Stuðst var við Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1.-12. bindi) sem almennt uppsláttarrit en ekki eru lögð fram ljósrit úr bókinni.

Í flokki annarra óprentaðra frumgagna lagði óbyggðanefnd fram nokkur skjöl, sbr. áðurnefnda greinargerð óbyggðanefndar og skjalaskrá.

4.4. Vettvangsferð

Að morgni föstudagsins 5. september 2003 var haldið af stað í vettvangsferð frá Hálendismiðstöðinni Hrauneyjum.

Auk óbyggðanefndar, starfsmanna nefndarinnar og lögmanna málsaðila, voru með í för þeir Sveinn Tyrfingsson, Lækjartúni, Jónas Jónsson, oddviti Ásahrepps, Kálfholti I og Óskar Ólafsson, Bjóluhjáleigu.

Ekið var sem leið lá í átt að Hrauneyjarfossvirkjun. Þeir Sveinn og Jónas sáu sameiginlega um leiðsögn. Við virkjunina var staðnæmst og skyggnst um. Sjá mátti Þóristungur og Búðarháls sem og leitarmannakofa á flötunum fyrir neðan. Þar er að sögn heimamanna gist þegar smalað er úr Þóristungum og réttað. Á sama stað mátti jafnframt sjá vel yfir athafnasvæði Landsvirkjunar. Jónas greindi frá fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum á svæðinu. Haldið var af stað á ný og ekið upp að Sigöldu. Á leið þangað mátti sjá Köldukvísl og fossinn Nefja sem og Þóristind. Staðnæmst var við Sigölduvirkjun og athafnasvæði Landsvirkjunar skoðað. Þá var haldið sömu leið til baka.

Þegar komið var út á Sprengisandsleið var ekið sem leið lá norður afréttinn. Fyrirhugað var að aka norður í Nýjadal. Ekið var fram hjá Vatnsfellsvirkjun sunnan við Vatnsfell. Staðnæmst var stutta stund á hæð nokkurri þar sem vel sést yfir bæði Þórisvatn og Útgönguhöfða. Haldið var af stað á ný og ekið fram hjá afleggjara sem liggur að Þórisós. Þar mátti á vinstri hönd sjá Grjótárkvísl sem rennur með fram veginum. Á hægri hönd mátti sjá framkvæmdir við Þórisós. Ekið var fram hjá Grjótárkvíslarbotnum og Kjalöldum. Fram undan blöstu við Arnarfell og Hjartarfell í Hofsjökli. Ekið var fram hjá Versölum sem standa sunnan við Stóraver. Ekið var áfram yfir Stóraversskurð þar sem hluta af Þjórsá er veitt niður í Þórisvatn. Staðnæmst var við Þveröldu. Þaðan mátti meðal annars sjá Hágöngur og Kerlingarfjöll og Kjalverin sem liggja sunnan með Svartá vestur undir Norðuröldu.

Haldið var af stað á ný og ekið áfram eftir Sprengisandsleið. Ekið var fram hjá Hnöttóttuöldu. Jónas lýsti vexti eyrarrósa sem eru við og með öldunni á sumrin. Fram undan mátti sjá Hágöngurnar tvær og Miðfell á milli. Framan við er Skrokkalda. Ekið var fram hjá afleggjaranum að Hágöngulóni. Þar mátti m.a. sjá Kistuöldu fram undan. Þegar ekið var yfir Mjóhálskvísl mátti sjá flugvöll á hægri hönd. Fram undan mátti sjá stakt fjall sem Þvermóður heitir. Stöðvað var við skála Ferðafélags Íslands í Nýjadal.

Þessu næst var ferðinni heitið vestur að Þjórsá. Ekið var til baka spölkorn og beygt út af Sprengisandsleið við Hreysiskvísl. Jónas lýsti mörkum Holtamannaafréttar á leiðinni og benti viðstöddum á að norðurmörkin lægju eftir Nýjadalskvísl í Fjórðungskvísl og síðan í Þjórsá. Fram undan mátti sjá Arnarfell hið mikla og Arnarfell hið litla. Ekið var fram hjá Biskupaleið þar sem riðið var á milli Skálholts og Hóla. Þá var ekið fram hjá graslendi nokkru sem kallast Háumýrar og Þjórsárlóni. Áfram var haldið og ekið yfir Háumýrarkvísl og komið að Þjórsárstíflu. Ekið var áfram suður með Þjórsá í átt að Kvíslarvatni. Á vinstri hönd mátti sjá Hreysiskvísl sem stífluð er rétt fyrir neðan. Staðnæmst var við Eyvindarkofa og svipast um.

Haldið var af stað á ný og ekið yfir stíflu í Syðri-Eyvindarkvísl. Á hægri hönd mátti m.a. sjá Svartöldu. Þá var ekið fram hjá Þúfuöldu, Biskupsþúfu og Þúfuveri og yfir Þúfuversstíflu. Á hægri hönd mátti sjá leitarmannakofa sem að sögn heimamanna kallast Gásagustur. Þá var ekið fram hjá Þúfuvatni. Þar eru hús sem að sögn heimamanna eru í eigu einkaaðila sem hafa verið með vatnið á leigu í rúm 20 ár. Þá var komið að Svartárstíflu og fram undan blöstu Stóraverslón og Stóraver við. Þegar komið var fram hjá Kvíslavatni var komið inn á Sprengisandsleið á ný. Beygt var út af þeirri stuttu síðar og ekið í átt að Þjórsá. Stöðvað var við Norðlingaöldu þar sem fyrirhugað að stífla ána og framkvæmdir skoðaðar.

Áfram var haldið og ekið með Kjalvötnum suður á Búðarháls. Fram undan mátti sjá Innri-Búðarháls. Á hægri hönd liggur Grjóthás inn með Hvanngiljum nánast eins og virki um Hvanngil. Í Hvanngili er að sögn heimamanna gamalt leitarmannahús sem ekki er notað lengur. Á vinstri hönd mátti jafnframt sjá Köldukvísl sem rennur austan megin við Búðarháls. Þar eru helstu gróðurlendur afréttarins að sögn þeirra Sveins, Jónasar og Óskars. Ekið var áfram suður með Þjórsá, fram hjá mynni Uppgöngugils og beygt í átt að fyrirhuguðu stæði stöðvarhúss Búðarhálsvirkjunar. Stöðvað var við væntanlegt virkjunarstæði Búðarhálsvirkjunar og framkvæmdir skoðaðar.

Haldið var af stað á ný og ekið suður með Tungnaá. Staðnæmst var við gamla ferjustaðinn við Tungnaá og svipast um. Þá var haldið til baka og komið að Hálendismiðstöðinni Hrauneyjum síðdegis þar sem vettvangsferðinni lauk.

4.5. Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins voru teknar skýrslur af Sveini Tyrfingssyni, bónda, Lækjartúni og Jónasi Jónssyni, bónda og oddvita Ásahrepps, Kálfholti I. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum eftir því sem tilefni er til en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5. SAGA AFRÉTTAR

Hér verður í fyrstu gerð grein fyrir elstu ritheimildum um landnám í Holtamannahreppi hinum forna og síðan rakin í stórum dráttum saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á því landsvæði sem hér er til meðferðar.

5.1. Landnám

Holtamannahreppur hinn forni skiptist til skamms tíma í þrjú hreppsfélög: Holtahrepp, Ásahrepp og Djúpárhrepp. Á þessu svæði eru nafngreindir nokkrir landnámsmenn í Landnámabók. Nyrst á svæðinu nam Þorsteinn lunan land:

> Þorsteinn lunan hét maðr norrœnn ok farmaðr mikill; honum var þat spát, at hann mundi á því landi deyja, er þá var eigi byggt. Þorsteinn fór til Íslands í elli sinni með Þorgilsi syni sínum; þeir námu enn efra hlut Þjórsárholta ok bjǫggu í Lunansholti, ok þar var Þorsteinn heygðr.[1]

1 *Landnámabók*. Íslensk fornrit 1. Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1986. S. 366 (Sturlubók og Hauksbók).

Fyrir sunnan (neðan) Lunansholtsfeðga námu bræður tveir land:

Ráðormr ok Jólgeirr brœðr kómu vestan um haf til Íslands; þeir námu land milli Þjórsár ok Rangár. Ráðormr eignaðisk land fyrir austan Rauðalœk ok bjó í Vétleifsholti. … Jólgeirr eignaðisk land fyrir útan Rauðalœk ok til Steinslœkjar; hann bjó á Jólgeirsstǫðum.[1]

Fyrir vestan Jólgeir var landnám Áskels hnokkans:

Áskell hnokkan, son Dufþaks Dufníalssonar, Kjarvalssonar Írakonungs, hann nam ‹land› milli Steinslœkjar ok Þjórsár ok bjó í Áskelshǫfða.[2]

Að síðustu er nefndur Þorkell bjálfi sem nam syðst á umræddu landsvæði:

Þorkell bjálfi, fóstbróðir Ráðorms, eignaðisk lǫnd ǫll milli Rangár ok Þjórsár ok bjó í Háfi; hann átti Þórunni eyversku.[3]

Að sögn Haralds Matthíassonar náði landnám Þorkels yfir land Háfshverfis og Þykkvabæjar og landnám Áskels hnokkans yfir vesturhluta Holtahrepps og vestasta hluta Ásahrepps. Þeir bræður, Ráðormur og Jólgeir, hafa þá numið mestan hluta Holtahrepps. Hins vegar taldi Haraldur landnám Lunansholtsfeðga vera neðsta hluta Landmannahrepps, þann sem er í Þjórsárholtum en neðan Lækjarbotna.[4]

Fyrir norðan þá feðga tók við landnám á því svæði sem síðar var nefnt Land (Landsveit). Um það eru þessar frásagnir í Landnámabók (Sturlubók og Hauksbók):

Ketill enn einhendi hét maðr, son Auðunar þunnkárs; hann nam Rangárvǫllu alla ena ytri fyrir ofan Lœkjarbotna ok fyrir austan Þjórsá ok bjó at Á.[5]

Síðar í sömu bókum Landnámu segir:

Ketill aurriði, brœðrungr Ketils einhenda, nam land et ytra með Þjórsá ok bjó á Vǫllum enum ytrum.[6]

Þriðji landnámsmaðurinn á svæðinu var Ormur auðgi:

Ormr auðgi, son Úlfs hvassa, nam land með Rangá at ráði Ketils einhenda ok bjó í Húsagarði ok Áskell son hans eptir hann, en hans son reisti fyrst bœ á Vǫllum; frá honum eru Vallverjar komnir.[7]

Ekki þykir leika vafi á um landnámsmörk Ketils einhenda. Haraldur Matthíasson taldi fullvíst að þau hefðu verið Þjórsá að norðvestan og einnig að miklu leyti að norðan en Ytri-Rangá að suðaustan. Hann taldi takmörkin að suðvestan (niðurtakmörkin) einnig ljós. Landnámið hefði náð niður að læk sem nefnist Bjallalækur og væri að mestu uppsprettuvatn undan hrauninu. Rétt þar hjá,

1 *Landnámabók* 1986, s. 367 (Sturlubók og Hauksbók).
2 *Landnámabók* 1986, s. 367 (Sturlubók og Hauksbók).
3 *Landnámabók* 1986, s. 368 (Sturlubók og Hauksbók).
4 Haraldur Matthíasson, 1982: *Landið og landnáma.* 2. b. Reykjavík. S. 453-458. Í *Sunnlenskum byggðum* er gert ráð fyrir því að landnám Þorsteins lunans og sonar hans hafi verið á því svæði sem síðar var nefnt Holtahreppur (*Sunnlenskar byggðir.* 5. b. Rangárþing vestan Eystri-Rangár. Búnaðarsamband Suðurlands 1987. S. 203).
5 *Landnámabók* 1986, s. 364. Á er talin hafa verið þar sem síðar hét Árbær á bakka Þjórsár gegnt Ölmóðsey (sama rit, s. 365, 2. nmgr.).
6 *Landnámabók* 1986, s. 364.
7 *Landnámabók* 1986, s. 364, 366.

sem lækurinn kæmi upp, stæði bærinn Lækjarbotnar sem nefndur er í landnámi Ketils. Haraldur gat sér einnig til um að niðurtakmörkin á landnámi Ketils frá Lækjarbotnum og út í Þjórsá hefðu verið um Kolbeinslæk sem rennur til norðvesturs í Árneskvísl, þ.e. þá kvísl Þjórsár sem er austan við Árnesið.[1]

Engar frásagnir eru um að land hafi verið numið fyrir norðan landnám Ketils einhenda, þ.e. á svæðinu norðan við Þjórsá og Tungnaá.

5.2. Holtamannaafréttur

Holtamannaafréttur og Landmannaafréttur eiga sér sameiginlega forsögu enda voru þessi landsvæði lengi nýtt sameiginlega af íbúum í Holtamannahreppi hinum forna og Landmannahreppi. Í þessum kafla verða því raktar helstu heimildir um nýtingu afréttanna beggja fram til ársins 1892 þegar Holtamannahreppi var skipt í Holtahrepp og Ásahrepp. Af því tilefni gerðu hrepparnir samkomulag um að Holtamannaafréttur skyldi tilheyra Ásahreppi og Landmannaafréttur Landmannahreppi og Holtahreppi. Árið 1936 var Djúpárhreppi skipt út úr Ásahreppi.

Engar þinglýstar landamerkjaskrár eru til um Holtamannaafrétt. Í greinargerð oddvita Ásahrepps 5. september 1979 er mörkum Holtamannaafréttar lýst á þessa leið:

> Holtamannaafréttur afmarkast af Þjórsá að vestan, Sprengisandi eftir vatnaskilum að norðan, Tungnaá að sunnan en að austan eftir Blautukvísl frá Tungnaá í Blautukvíslarbotna, þaðan sjónhending í Þóristind, þaðan í Þveröldu norðaustan Þórisvatns, og síðan austur í Svartakamb, þar sem hann er hæstur og þvert í Tungnaá. Þaðan upp eftir Tungnaá og allt upp til jökla, síðan til Vonarskarðs, Tungnafellsjökuls og loks norður á Sprengisand en þar ráða vatnaskil eins og fyrr var sagt.[2]

Önnur lýsing er í ritinu *Sunnlenskum byggðum*:

> Afréttur Ása- og Djúpárhrepps afmarkast af Þjórsá að vestan alla leið inn á Sprengisand að Fjórðungskvísl, að Tungná að sunnan að Blautukvísl sem fellur í Krókslón sunnan Þóristinds. Úr Þóristindi er markið í Þveröldu austan Þórisvatns. Síðan eins og grös gróa til norðausturs frá Þveröldu til Vonarskarðs.[3]

Eldri lýsingar eru til um mörk afréttarins og verður gerð nánari grein fyrir þeim síðar í þessum kafla.

Fyrir norðan Holtamannahrepp, frá Sprengisandi, taka við afréttir Bárðdælahepps og Ljósavatnshrepps (Mjóidalur, Íshólsdalur, allt suður í Jökuldal í Tungnafellsjökli) og Fnjóskdæla og Hálshrepps (Timburvalladalur, Hjaltadalur og Bleiksmýrardalur). Þar vestar er Nýjabæjarafréttur í Skagafjarðarsýslu.[4] Í greinargerð um afrétti og fjallskil í Þingeyjarsýslu 1959 er þessi lýsing á afrétti Bárðdælahrepps austan og vestan Skjálfandafljóts:

> Afrjettarland austan Skjálfandafljóts: Að vestan ræður Skjálfandafljót. Að austan ræður lína frá Suðurá ofanvert við Kerlingarbörð suður í Langadalsárós, þar sem hún fellur í Sandá, síðan ræður Langadalsá og drag það, er að henni liggur austanvert við Álftatjarnarflæðu, er því dragi sleppir, ráða að austan og

1 Haraldur Matthíasson 1982 (2), s. 443-444.
2 Skjal nr. 4 (27).
3 *Sunnlenskar byggðir* 5, s. 313. Sbr. einnig *Göngur og réttir.* 1. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1983. S. 301.
4 *Göngur og réttir.* 4. b. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Önnur prentun aukin og endurbætt. Akureyri 1986. S. 129, 253-257, 271, 281, 284, 290-291. Skjöl nr. 4 (51, 52). „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“ (hliðsjónargagn).

sunnan hagar með þeim drögum, er flytja vötn til Skjálfandafljóts. Að norðan Suðurá að Suðurárkrók, en þaðan girðing vestur í Skjálfandafljót.

Afrjettarland vestan Skjálfandafljóts: Að norðan ráða land milli Mýrar og Bólstaðar annarsvegar en Íshóls og Mjóadals hinsvegar. Að austan Skjálfandafljót. Að vestan og sunnan ráða hagar með öllum þeim ám og lækjum er í Mjóadalsá og Skjálfandafljót falla.[1]

Afréttur Bárðdælahrepps vestan Skjálfandafljóts er í greinargerðinni sagður í eigu hreppsins að 6/11 en Ljósavatnshrepps að 5/11 hluta. Austan Skjálfandafljóts eigi Stóratunga (ríkiseign að sögn sýslumanns) allt hraunið suður að Sandá. Svæðið frá Sandá og suður að Krossá sé talið eign Skútustaða eða Skútustaðakirkju en svæðið frá Krossá og suður á öræfi teljist eign Einarsstaða í Reykjadal.[2]

Þar sem hér eru nefndar jarðirnar Skútustaðir og Einarsstaðir og tilkall þeirra til afréttarins er rétt að víkja orðum að landamerkjabréfum þeirra. Í landamerkjabréfi Skútustaða í Mývatnshreppi frá 13. apríl 1891 er annars vegar lýst merkjum heimalands og hins vegar „sellands og afréttarlands“. Þar stendur orðrétt: „Að sunnan, suðaustan og austan takmarkast land þetta af óbyggðum. Ódáðahrauni og Dyngjufjöllum.“[3]

Enginn slíkur greinarmunur er gerður í landamerkjabréfi Einarsstaða sem undirritað var 6. maí 1890 heldur er merkjum jarðarinnar lýst í heild sinni. Þar segir um suðurmörkin:

Að sunnan ræður Seljadalsá frá fyrr nefndum ármótum um Seljadal allan upp að garði þeim sem liggur úr Seljadalsá vestur fyrir Vatnsás sunnan við Irraskarð, þaðan bein stefna vestur í vörðu við endann á Engivatnsárlæk er hann fellur í Miðkíl, svo ræður lækurinn það sem hann endist, þaðan bein stefna í aðra vörðu, þá bein lína norður í suðausturhornið á Miðtjörn og því næst bein stefna úr norðaustur horni Miðtjarnar meðfram í vörðu við endann á Augnalæk svo ræður Augnalækur út í Engivatn þá ræður vatnið í ás þann, sem gengur útaf Engivatni og nú er kallaður Ingjaldsstaða-ás, þá ræður ás þessi, þar næst sjónhending út há heiðina um Miðtöng að garði þeim sem liggur neðan frá Skjálfandafljóti upp af miðjum Krosshólma norður við Fljótsbakka, garður þessi ræður merkjum beint í vestur til Skjálfandafljóts. Að vestan ræður Skjálfandafljót norður að garði þeim, sem liggur upp af syðri Bjúgeyrarsporði og svo beina stefnu austur á há heiði.[4]

Mörk Bleiksmýrardals liggja ekki fyrir en árið 1855 staðfesti Landsyfirréttur þann dóm héraðsréttar að „afréttarlandið“ Bleiksmýrardalur „austan Fnjóskár frá Hamarslæk og allt suður í öræfi“ væri „fullkomin og átölulaus eign Munka-Þverárklausturs“.[5] Samkvæmt fyrrnefndri greinargerð er Vestur-Bleiksmýrardalur ríkiseign en Austur-Bleiksmýrardalur eign Hálshrepps.

Landamerki Nýjabæjarafréttar eru í *Göngum og réttum* miðuð við Geldingsá (væntanlega frá upptökum) að sunnan en Árbæjará að norðan. Þar er þó tekið fram að suðurmörkin kunni áður að hafa verið dregin við Fossá og norðurmörkin við Hvítá sem fellur í Jökulsá að austan nokkru norðar en Keldudalsá fellur í hana að vestan.[6] Fyrir sunnan Geldingsá taka við Fjöllin, afréttur Fram-Eyfirðinga, og allt til Hofsjökuls, suður að Þjórsá og austur að leitarsvæðum Þingeyinga sem hér hefur áður verið lýst. Land þetta liggur vestar og miklu sunnar en venjulegar fjárleitir Eyfirðinga ná og smala þeir það með Skagfirðingum.[7]

1 „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“, s. 2 (hliðsjónargagn).
2 „Upplýsingar um afrjettir og fjallskil í Þingeyjarsýslu árið 1959“, s. 2 (hliðsjónargagn).
3 Skjal nr. 4 (52).
4 Skjal nr. 4 (51).
5 Landsyfirréttardómar eldri. VII/223.
6 *Göngur og réttir* 4 (1986), s. 129-130.
7 *Göngur og réttir* 4, (1986), s. 176-177.

Í þessu sambandi er rétt að geta um dómsmál sem varðar Nýjabæjarafrétt þó að mörk hans í heild sinni hafi þar ekki verið til úrlausnar. Í landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu 19. júní 1967 var að mestu tekið undir þá kröfu eigenda Ábæjar og Nýjabæjar með Tinnárseli í Austurdal í Akrahreppi að landamerki fyrrgreindra jarða og þar með talin sýslumörk Skagafjarðarsýslu á þessu svæði væru „að austan vatnaskil á hálendinu og að endamark við Hofsjökul [væri] fjallið Klakkur“. Upprekstrarfélag Saurbæjarhrepps í Eyjafjarðarsýslu gerði hins vegar þá kröfu að umráðasvæði þess að vestan gagnvart löndum Skagfirðinga á hálendinu vestan og sunnan Eyjafjarðadala yrði viðurkennt þannig: „Nyrst ráði merkjum Fossá frá upptökum nyrðri kvíslar til ármóta hennar og Jökulsár eystri, síðan ráði Jökulsá eystri merkjum suður að ármótum hennar og Strangalækjar, þaðan ráði bein lína suður í Miklafell í Hofsjökli.“ Í Hæstarétti var ekki tekin afstaða til þess hvor merkjalýsingin skyldi standa heldur kveðinn upp sá dómur að hvorugur málsaðila hefði fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því sem um væri að tefla í málinu.[1]

Holtamannaafréttur kemur að hluta til fyrir í dómi sem kveðinn var upp að Skarði á Landi 25. júní 1476 um afréttinn Þjórsártungur („Þiotzár Túngur“). Hann lá „fyrir Landmanna Repp. millum Túnár og Spreingi-Sands“. Dómurinn fjallaði um það hvort afrétturinn væri „eign edr almenníngur edur afriettur þeirra manna er i Landmanna Repp búa“. Niðurstaða dómsins var þessi:

> Dæmdumm vier fyrr skrifadir Dőmsmenn þeirra Eign og Afriett sem haft og halldid hafa i Holltumm og á Landi sem eru og verid hafa til fra Tún á og til Spreingi-Sands og vestur i Þiótz á og allt austur i fiallgard so lángt sem vőtn renna til og frá Hierada á millumm ad riettri tiltőlu. Og aungver menn adrer meiga í þeszumm Afriett Fugla veida Grős lesa Rótagrőft hafa edur øn‹n›ur Giædi fyrir utan þeirra leifi er fyrrskrif[ad]ir eru nema þeir hafi skilvís vitni edr brief er í fara edur sier kalla nema þeir menn er í Hreppumm bua hafi samreid vid þá er úr Holltum og af Landi fara til Fuglvei[d]ar og Grős ad tÿna badum megin Þiőtz ær sem ad fornu hefr verid og þeim hefr samid sÿn á millum et(cetera).[2]

Bréf þetta er einungis varðveitt í uppskriftum frá 19. öld og eru tvær gerðir þess birtar í Íslensku fornbréfasafni. Önnur þeirra (B-gerð) er talin fölsuð en hin, sem framangreind tilvitnun er úr (A-gerð), þykir trúverðugri. Það var niðurstaða tveggja dómkvaddra sérfræðinga sem rannsökuðu bréfið að A-gerðin væri gömul, a.m.k. að stofni til, en í því þyrfti ekki að felast að bréfið hefði í öndverðu verið lögmætt skjal, þ.e.a.s. að dómur hefði gengið eins og þar væri lýst og verið innsiglaður af öllum tilgreindum dómsmönnum.[3] Dómurinn var lesinn upp á manntalsþingi að Þjóðólfshaga í Holtum 4. júní 1805 ásamt vitnisburði „um þa sömu [afrétti?]“ og lögfestu þeirra:

> Þvi næst var upplesenn Dómur um Landmanna og Holta Afrett dateradur ad Skardi 1476 þrigjudægenn næstann efter Jonsmessu, á sama Dokumente var og upplesenn Vitnesburdur um þa sömu dateradur þann 12ta Septembr 1717 hvar i og er til greind Örnefne Afrettana under Nafne Landmanna Sveitar Man‹n›a, hverju og aföst var Lögfesta fyrer tiedre Afrétt under Nafne Hreppstjórana i Landmanna og Holta Hreppum, hvar inne þeir fyrerbjóda Skógar Hög‹g›, Róta Gröft og Fugla Veidar sem Grasa Tekju ödrum enn Inn Bygg‹i›urum þessara Sveita utan Fyrer Tall [fyrirkall?] þó er frá tekied Skogar Gagn og Róta Gröft. Daterad Stóruvöllum D. 2ann Marii [Martii, þ.e. mars?] 1805.[4]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns fyrir Landmannahrepp, sem lokið var við 1712[5], segir um jörðina Merkihvol:

1 H 1969 510.
2 Skjal nr. 4 (20).
3 Skjal nr. 4 (20). Niðurstaða Aðalgeirs Kristjánssonar skjalavarðar og Stefáns Karlssonar handritafræðings.
4 Skjal nr. 2 (16).
5 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 1. b. Kaupmannahöfn 1913-1917 (ljóspr. 1980). S. 303.

> Afrjett á jörðin sem aðrar í Landmannahrepp, sem af flestum búendum á Landi er haldinn fyrir framan Túná, og nú kallast Landmanna afrjettur eða Glæður. Þó hafa bændur í Holtamannahrepp brúkað hann til fjelags með Landmönnum og Landmenn í sama máta Holtamanna afrjett (so kallaðan) fyrir norðan eða innan Túná, og vita menn ekki fyrir víst, hver afrjettur hverri sveit með rjettu framar tilheyrir.[1]

Í þessari sömu heimild er vísað til óljósra sagna um byggð á afréttinum („Landmanna afrjett nú nefndum“) með þessum orðum:

> Þó Húngurvaka (eftir því mig minnir) segi að Næfurholt hafi staðið í miðri sveit og Hekla þingstaður, þá veit eg ei nje heyrt hefi eyðijarða nöfn fyrir norðan Næfurholt, nema einasta Frostastaða, hvar þó ekkert um fyrir mjer hefi annað en gamalla manna mál, þá eg úngur um þann afrjett í lambasafn með öðrum reið; þar er stöðuvatn, sem kallast Frostastaðavatn með hraunhólmum. Við vatnið er sagt til vergagna sjáist, sagt er þar hafi fólk við legið til veiðiskapar. Þetta er vestarlega í Landmanna afrjett nú nefndum. Í vestur ei lángt frá þessu Frostastaða vatni er dalur breiður, grasi vaxinn, kallaður Dómadalur; getið er þar hafi þíngstaður verið og dómar gengnir. Þar enn vestur lengra er hæðsta hamrafjall í nefndum afrjett, er kallað Loðmundur, en eg hygg það heiti Loðmundarfell, því eg heyrði (af gömlum manni ei óskýrum), að hann heyrt hefði að Sólheima kirkja í Mýrdal ætti ítak í Loðmundarfelli (máske fjallið hafi nafn tekið af Loðmundi gamla á Sólheimum). Skamt frá þessu fjalli heitir Herbjarnarfell, vestur af; en til vesturs frá Frostastaðavatni heitir Tjörfafell, Eskihlíð, item austast við afrjettinn Kirkjufell, hvort eg ætla nafn hafi af skapelsi sínu. Fyrir austan hvort fjall Tungnaá (eg hygg hún heiti so), kemur úr landsuðursátt og fellur so fyrst til útnorðurs sem hálfhringur að austan og norðan fyrir þessum afrjett, þar til Þjórsá í hana fellur fyrir framan Búðarháls, falla so til samans úr því millum áðurnefnds afrjetts og Búrfells.
>
> Suður í sveitinni er getið tveggja eyðijarða, Melakots og Grákollsstaða.[2]

Þegar Jarðabókin var gerð virðist sem ekki hafi lengur verið stundaðar veiðar í Frostastaðavatni, sem nefnt er hér að framan, né heldur í Veiðivötnum þar fyrir norðan. Þetta virðist stangast á við það sem fram kemur í örnefnalýsingum Árna Magnússonar frá um 1700. Þar lætur hann þess getið að „Fiskivötn“ séu rúmlega („freka“) þingmannaleið úr Skaftártungu, í norður eða lítið til útnorðurs. Síðan segir:

> Í Fiskivötnum veiða þeir [Skaftártungumenn?] mest í Nóvembri (qvod fieri non deberet), er nógur silungur. Skálavatn, Tjaldavatn, Langavatns, Fossvatn eru þau sérlegustu, sem í er veitt.[3]

En bændur af Landi sóttu einnig til Fiskivatna,

> uppmeð Þjórsá austan fram, til þess Túná kemur í hana, síðan yfir um Túná, hjá Hestabrekku, og svo upp með henni allri norðan fram í landnorður eða austur; skal vera álíka langt af Landi og úr Skaftártungu.[4]

Í ódagsettri lýsingu Þorsteins Magnússonar, sem var sýslumaður í Rangárvallasýslu 1743-1785,

1 *Jarðabók Árna og Páls.* 1, s. 281.
2 *Jarðabók Árna og Páls* 1, s. 278-279. Þessi lýsing er hluti lengri texta sem ritaður er á lausa örk og lá innan í jarðabók Árverjahrepps (Rangárvalla).
3 Einar Ól. Sveinsson, 1940: „Svar við aðfinnslu.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafjelags*. S. 78.
4 Einar Ól. Sveinsson 1940, s. 78.

kemur fram að bændur í Skaftafellssýslu hafi að fornu farið til veiða í Fiskivötnum („Fiskevande"). Veiðarnar séu nú af lagðar en nokkrir í Rangárvallasýslu hafi hug á að taka þær upp að nýju.[1]

Á svipuðum tíma, þ.e. á árunum 1752-1757, fóru Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson í rannsóknarleiðangur um Ísland til að kynna sér þar landkosti, jurta- og dýralíf og búskaparhætti. Um helstu stöðuvötn á Suðurlandi segja þeir m.a.:

> *Fiskivötn*. Þau liggja uppi á öræfum milli Rangárvalla- og Skaftafellssýslna, 10 mílur norður frá Heklu. Nú á dögum er sjaldan farið þangað af Suðurlandi, en fyrrum var þar veiðistöð, sem menn sóttu til bæði að sunnan og austan frá. Þar sjást enn rústir af veiðimannakofum og langir grjótgarðar, sem menn hafa hlaðið til að þurrka á fiskinn.[2]

Síðar á öldinni, árið 1783, var gert svohljóðandi samkomulag um Landmannaafrétt:

> Forlíkun sem giørðist um Landmanna-Afriett, millum Rangvellínga og Landmannahrepps innbyggiara.
>
> Anno 1783, þann 16da Septembr., að Víkingslæk á Rángárvöllum, samankomu undirskrifaðir málspartar, so sem fullmektugir hreppanna innbyggiara, Lands og Rángárvalla, samt Holltamanna, að því leiti, sem þeirra hrepp snertir, til að niðurtala friðsamlega þann ágreiníng og misklíð, sem allareiðu er risinn milli nefndra hreppa, út af svokölluðum Landmanna afriett, samt til að semia og setja vissan og staðfastan contract og giörníng þarum, hvörjum greindur afriettur tilheyra skuli framvegis, svoleiðis, sem fylgir:
>
> 1. Fráfalli Rángvellíngar aldeilis öllu eignarréttstilkalli, til Landmanna-afréttar, samt allri beit og brúkun á honum upphieðan, innan þeirra takmarka, sem Lögfesta Landmanna fyrir honum af 28 Mai næstliðins tilgreinir; so sami afriettur skal hieðan í frá heita og vera staðföst og órjúfanleg eign og eigindómur Landmanna hrepps; þó skulu þessir bæir á Rángarvöllum, Næfurhollt, Haukadalur og Selsund, samt Svínhagi hafa þar fríheit fyrir sín eigin Lömb, án þess að þiggia þartil árlegt Leyfi af Landmönnum, sem allir aðrir á Rángarvöllum skulu verða að hafa, þá þeir þykjast þess við þurfa, og það með þeim skilmála, að þeir giöri þá öll tilbærileg fiallskil.
>
> 2. Þará móti frá falla Land og Hollta hrepps menn allareiðu byrjuðum Lögsóknum, í móti Rangvellíngum, samt öllu tiltali, sektum og fiebótum, sem þeir meina sier tilheyra af þeim, fyrir óheimila brukun á Landmanna afriett híngaðtil, þó so að Rangvellingar upprietti þeim vel og anægianlega, so vel óþarfa málsýfíng, sem alla þá fyrirhöfn og mæðu, sem þeim er allareiðu orðsökuð, í stefnuför og process undirbúníngi, í þessu afriettar máli, eptir góðu samkomulagi, hvar uppá öll óeining, hreppanna í millum, rísandi af Landmanna afriett, skal þá vera aldeilis upphafinn.
>
> Þessum ofan og framanskrifuðum contract til kraptar, eru okkar undir skrifuð nöfn og hiá þrykt signet, sama stað, ár og dag, sem fyr greinir.
>
> Magnús Ingvarsson
>
> eptir hafandi fullmagt Landmanna

1 Skjal nr. 4 (64).

2 *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*. 2. b. Reykjavík 1943. S. 186.

Ofannefndt millilag fyrir fyrirhöfn og mæðu í þessari sök, hefir Magnús Ingvarsson meðtekið, sem er 1c [hundrað] á Landvísu, og er þarmeð fyrir Landmanna hrepp ánægður, en Mr. Þorgeir Hannesson vill ekkert hafa.

Magnús Ingvarsson Þorgeir Hannesson

Jon Philippusson Jon Þorgilsson

Þorsteinn Jónsson Jón Jónsson

Upplesið f(yrir) manntalsþingsrétti að Skarði á Landi, þann 8 Juni 1789.

Testr. Th. Nocolaisson meh.[1]

Þetta samkomulag virðist ekki hafa verið haldið að öllu leyti því að árið 1829 sáu hreppstjórar í Land- og Holtasveit ástæðu til að leggja bann við því að „óviðkomandi“ hagnýttu sér Þjórsártungur:

Við undirskrifaðir hreppstjórar á Land- og Holtasveit finnum okkur orsakaða, eigin sveitar okkar innbyggjara vegna, að kvarta yfir þeim ágangi og óretti, sem við af óviðkomandi Rangárvalla-sýslu innbúum líða hljótum, af rótargrefti, skógarrifrildi og kolabrennum, á því okkar sveitum tilheyrandi afréttar plátsi, Þjórsártungum, eftir gildandi dómi gengnum að Ytri Völlum árið 1476, til þessa dags, óátöldum; því fyrirbjóðum við hérmeð hverjum sem einum óviðkomandi manni, að hagnýta sér, uppá nokkurn sem helzt máta þetta okkar afréttar pláts, Þjórsártungur, eða hvar annarsstaðar sem okkar sveitaafréttur yfir nær, alla yrkingu og brúkun, allt undir aflamissi og lagasekta ákæru, í krafti af áður og nýverið útgengnum kóngsins og yfirvaldanna lagaboðum. Þetta okkar sameiginlegt forboð biðjum við okkar yfirvald, herra Krigscancelli sekretera Sýslumann Bonnesen að styrkja með sínu samþykki samt að þinglýsa því á Rangárvallasýslu næstkomandi manntalsþingum í ár.

Land og Holta-sveit 16. maí 1829

G. Thorsteinsson J. Runólfsson I. Jónsson

Framanskrifað forboð, samþykkist hérmeð af mér, hafa Rangárvalla-sýslu innbúar svo eftir hér fyrirsögðu að breyta og ógjört láta.

Rangárvallasýslu Contori 21. Mai 1829

Bonnesen.

Upplesið fyrir manntalsréttinum í Rangárvallasýslu árið 1829 að undanteknum Skarðs og Þjóðólfshaga-Þingstöðum,-

vitnar

Bonnesen[2]

1 Skjal nr. 4 (53).
2 Skjal nr. 4 (45).

Þessi ágreiningur um nýtingu Þjórsártungna hefur líklega einnig átt sinn þátt í því að bændur í Holta- og Landsveit sáu ástæðu til að lögfesta afréttinn árið 1856:

> Samkvæmt dómi þeim, er dæmdur var af sex mönnum á Ytrivöllum á Landi um Þjórsártungur árið 1476, þriðjudaginn næstan eptir Jóns messu baptistæ lögfestum við undirskrifaðir í nafni og umboði allra búenda í Holtasveit og Landsveit undir báðar þessar sveitir, afrjett þann, er fyrrum nefndist Þjórsártungur, en nú á dögum er nefnt Holtamannaafrjettur og Þóristungur með þessum takmörkum: Frá Tungnaá að sunnan og til Sprengisands að norðan og vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá hjeraða á milli, og fyrirbjóðum vjer öllum öðrum enn þeim, sem í Holtum og á Landi búa og þeim á Rangárvöllum, sem að fornum samningi hafa haft með oss upprekstur á afrjett okkar – upprekstur fjár, nauta, eða hrossa á þenna afrjett, fuglaveiði og fjaðratekju, grasatekju og rótargröft, silungsveiði og öll önnur gjæði eða nytjar, sem hafa má af afrjetti þessum. Við fyrirbjóðum og bönnum öllum óviðkomandi silungsveiðina eins og önnur gjæði afrjettarins, af því að veiðivötn þau, í hverjum silungur er veiddur nú á dögum eru innan áðurnefndra takmarka.
>
> Holta- og Landmannahrepp 27. desember 1856
>
> G. Bjarnason B. Jónsson M. Jónsson[1]

Lögfesta þessi var lesin upp í maí og júni næsta ár á eftirtöldum stöðum: Kirkjulæk, Stórólfshvoli, Reyðarvatni, Fíflholti, Krossi og Steinahelli og lagt fram á lögregluþingi að Stórólfshvoli 21. ágúst 1858.

Í lögfestunni er silungsveiði nefnd meðal nytja á afréttinum en hún virðist fram að þeim tíma lítið hafa verið stunduð og ekki að staðaldri ef marka má sóknarlýsingu séra Jóns Torfasonar, prests í Landþingum, árið 1841.[2] Árið 1858 sáu hreppstjórar Holta- og Landmannahrepps þó ástæðu til að bera fram kæru á hendur þremur „utanhéraðsmönnum“. Í kærunni, sem send var sýslumanni Rangárvallasýslu, segir m.a.:

> Þareð þeir Runólfur Nikulásson á Bergvaði, hreppstjóri í Hvolhrepp, og Árni Árnason í Garðsauka og Jón Steinsson á Kotvelli gjörðu í fyrra sumar á slætti, ferð að heiman frá sér, með áburðarhesta, byssur, bát og veiðarfæri norður á Holta- og Landmanna-afrétt, eptir því sem síðar kom fram, bæði til álfta- og silungsveiða og fluttu þaðan heim aftur talsverða veiði, bæði af silungi og álftum, en höfðu til þessarar veiðar í annarra manna landi og lóð engrar heimildar leitað eða leyfis en hafa þó ekki viljað bæta fyrir að neinu, þá erum vér undirskrifaðir hreppstjórar í téðum sveitum knúðir til að átelja þessar tiltektir þeirra, Runólfs hreppstjóra, er vel megu hafa óbærilegar afleiðingar fyrir sveitarbúa og vafalausan rétt þeirra til afréttarins og allra gæða af honum, ef fleiri utanhéraðsmenn léki þetta eftir, þegar fram liði stundir, sem við má búast, ef nú væri látið óátalað.[3]

Í lögregluþingi Rangárvallasýslu, sem haldið var 14. ágúst 1858, lagði Runólfur Nikulásson fram varnarskjal þar sem hann krafðist þess að öllum yrði dæmt jafnheimilt að veiða við Fiskivötn. Ekki bar vitnum saman um hvort Landmenn einir hefðu farið til fiskiveiða á afréttinum eða aðrir gert það einnig. Böðvar Tómasson, hreppstjóri í Rangárvallahreppi,[4] sagði t.a.m.:

---

1 Skjal nr. 2 (3).

2 *Rangárvallasýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1845, 1856 og 1872-1873.* Reykjavík 1968. S. 170.

3 Skjal nr. 4 (22).

4 Sbr. Valgeir Sigurðsson, 1982: *Rangvellingabók. Saga jarða og ábúðar í Rangárvallahreppi.* Fyrra bindi. Hellu. S. 353.

Til fiskiveiða veit ég ekki til að héðan úr sýslu, að fráteknum Landmönnum, hafi farið aðrir en Merki-Hvolsbræður. En úr Skaftártungum er víst að menn hafa farið og það margir saman, en til rótna hafa héðan úr sýslu farið menn úr öllum hreppum að undanteknum Eyfellingum, ekki hefi ég heyrt þetta átalið og ekki heyrt lögfestu þeirra Holta- og Landmanna getið fyrr en í dag.[1]

Meðal þeirra vitna sem hreppstjórar Holta- og Landmannahrepps létu kalla fram var Guðmundur Þorsteinsson í Hlíð í Eystrihreppi (Gnúpverjahreppi) í Árnessýslu. Hann hafði verið „flæktur við“ hreppstjórn í Landmannahreppi 30 árum fyrr og lagði þetta til málanna:

Að landspláss það, sem málefni þetta rís af, sé ekki eða hafi ekki í fornöld verið auðnir heldur numið land, er fullkomlega víst og verður sannað með þeirri dóms afskrift sem hér og hvar flækist manna í milli af þeim 6 manna dómi gengnum að Skarði á Landi þriðjudaginn næstan eftir Jónsmessu-og-baptistæ og er að ráða af orðatiltæki í dóms skjalinu, að einhverjir annarra sveita menn hafi viljað ná tilkalli eða einhveri notkun afréttar þessa því að öðru leyti virðist sem engin orsök hefði verið fyrir Land- og Holtamenn að tryggja réttindi sín með dómsuppsögninni. Ekki hefi ég heyrt hvert fyrr á tímum, eða fyrir minni feðra okkar, hafa verið nokkur ágreiningur um eignarrétt Land- og Holta-sveitarmanna fyrir afrétti þessum, en það hefi ég að nokkru leyti heyrt, og líka gefur það að skilja, að þegar bjargarskorturinn kom eftir fjárkláðann fyrri og eldana og harða veturinn Stúf hafi þessi yrking af óviðkomandi sveitarmönnum, í sannarlegri neyð byrjuð verið, og ekki þá strax uppátalin. Þá ég var í Landmannahrepp minnir mig það væri helzt Rangárvalla- Hvolhrepps- og Landeyjar-menn og má ske úr Fljótshlíð sem ég man ekki glöggt sem sóttu rót, grös, fuglaveiðar og önnur gæði í þenna afrétt án leyfis þeirra réttu eignar manna, svo þetta var orsök til þess að þáverandi hreppstjórar í Holta og Landhreppum lögfestu nefndan afrétt, sem nefndra sveita óuppátalda eign, og byggðu hana á dóminum. Ekki man ég víst Datum þessarar lögfestu en það var þó rétt fyrir eða um aldamótin, og ég man að faðir minn hafði afskrift þessa, en ekki fann ég hana eftir hann; mig minnir að yrking þeirra óviðkomandi hreppamanna minnkaði nokkuð við nefnda lögfestu eða forboð, um stund, en þegar hörðu árin komu aftur, eftir Langajökul og stríðstíðina, fóru yrking þeirra óviðkomandi manna með viðarrifrildi, hvolabrennum, rótagröft og fleiri nytjum svo fram, að til eyðileggingar horfði, og að ekki mátti heita að eigendur gæti þangað flúið í nauðsyn sinni og gekk þetta átölulaust þar til árið 1829 að við þáverandi hreppstjórar í Land- og Holta-hreppum lögðum nýtt forboð á alla óviðkomandi mannayrkingu og brúkun, undir afla missir og lagaákærum, var það samþykkt af viðkomandi sýslumanni, en við hreppstjórar og hreppsmenn okkar gengum nokkuð ríkt eftir því svo sú yrking lagðist niður meðan ég var í Landmannahrepp. -

Ég man nú ekki meira, þessu máli ykkar til upplýsingar í þessum hasti, en í ungdæmi mínu man ég ekki annað, en þessi afréttur væri almennt álitinn átölulaus eign Land- og Holtamanna, sem að fornu utan af þeim mönnum sem yrktu hann.[2]

Fleiri báru vitni í þessu máli, meðal þeirra Gísli Brynjúlfsson í Flagveltu, sem sagði um Þjórsártungur að „þettað pláts [væri] Land og Holtamanna sauðabeit“.[3]

Í „innleggi“ til lögregluréttarins ítrekuðu hreppstjórar í Holta- og Landmannahreppi þá fullyrðingu að frá ómunatíð hefðu þessir hreppar einir haft afréttinn „til fullra umráða, afnota og brúkunar“, að fráteknum fjórum bæjum í Rangárvallahreppi sem hefðu að fornu og nýju átt þar fjáruppprekstur. Þessu til staðfestingar vitna þeir í dóminn frá 1476 og segja síðan:

1 Skjal nr. 4 (54).
2 Skjal nr. 4 (46).
3 Skjal nr. 4 (26).

> Þótt frumritið hafi eigi innsigli eða aðra þá staðfestingu, er gjöri það öldungis óyggjandi réttarskjal skoðað einungis útaf fyrir sig, þá ber rithönd þess með sér að dómur þessi er bæði forn og ófalsaður; má og ráða það bæði af rithöndinni og af nöfnum dómendanna, er þar eru greindir, samanbornum við árbækur og annála landsins, að hann er frá þeim tíma er hann sjálfur segir og í alla staði áreiðanlegur; er einnig fyllilega sannast og staðfestist af óslitnu og óátöldu hefðarhaldi og átölulausri brúkun fyrrnefndra sveita á afréttinum er dómurinn ræðir um. Loksins sannar hreppstjóra skjalið frá 16. maí 1829 og lögfestan frá 27. des. 1856 eignarrétt Holta og Landsveita einna á afrétti þessum, þar sem þessi skjöl bera það með sér, að enginn hefur dirfst að hafa neitt í móti þeim þegar þau voru þinglesin á öllum þingstöðum annarsstaðar í sýslunni.[1]

Í dómi sýslumanns 21. september 1858 voru stefnendur (þ.e. Holta- og Landmenn) ekki taldir hafa sannað að afrétturinn væri þeirra. Þeir hefðu að vísu lagt fram „eftirrits eftirrit af skjali nokkru er nefnir sig „Dóm um Holta- og Landmanna-afrétt“ en eftirrit þetta vantar bæði undirskriftir allar, svo og alla sönnun fyrir því að það sé samhljóða nokkru frumriti (original)“. Skriflegir vitnisburðir stefnenda voru ekki heldur taldir hafa annað gildi en „að bera vitni í sjálfs síns sök“ og voru hinir stefndu því dæmdir sýknir í þessari sök.[2]

Málinu var áfrýjað til Landsyfirréttar en þar var niðurstaðan sú að enginn dómur yrði felldur án þess að áreið færi fram eða „afstöðumálverk“ gert sem sýndi takmörk afréttarlandsins og var málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.[3] Ekki er að sjá að málið hafi verið tekið fyrir að nýju.

Í 39. gr. tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi, 4. maí 1872, er sérstakt ákvæði um afréttarmál og fjallskil. Þar er mælt fyrir um að sýslunefndir semji reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur og refaveiðar og hafi umsjón með prentun markaskráa. Þremur árum síðar, í desember 1875, ritaði sýslumaður hreppsnefnd Landmannahrepps bréf með fyrirspurn um fjallskilaskýrslur og fleiri málefni. Í svari hreppsnefndar víkur hún að „upprekstrar óreglu, sem yfir hefur kvartað verið“ og leggur fram tillögur í 17 liðum um breytingar á afréttarleit og fjallskilum. Í 15. lið er fjallað um fé og hross sem ekki hafi gengið út að þremur vikum liðnum frá þeim tíma að því var komið í vöktun og lýst, og skyldi það selt á uppboði. Síðan segir:

> En það, sem enginn leiðir sig að eða getur helgað sér að endingu, um það hefur svo samizt milli hreppsnefndanna í Holtamanna- og Landmannahrepp, að Holtamannahreppssjóður hreppi 2/3 af því, sem svo er á sig komið og hefur til fallið í Landmannahreppi, en Landmanna-hreppssjóður 1/3; eins og Holtamannahreppsnefnd hefur undirgengizt, að einn þriðji partur skuli til falla Landmannahreppssjóði af öllu því, sem svo hefur til fallið í Holtamannahrepp og hverri annarri inntekt, sem til fjallaskila lýtur, og virðist sanngirni hér með mæla, þar Holtamannahreppur svarar 2/3 af öllum eitrunarkostnaði mfl.[4]

Samstarf Landsveitarmanna og Holtamanna var einnig áréttað á sameiginlegum fundi að Árbæ í Holtum í nóvember 1879:

> 1. Kom þeim ásamt um að allir Landsveitarmenn rækju á Landmanna afrjett og Marteinstungu Haga og Kálfsholtssókn og svo upprekstur allur sem gjörður verður af Landsveit og þeim parti Holtahrepps sem á þann afrjett rekur, og skal fje þetta rekast í Hrauneyarkatla af 3ur mönnum úr hvorri sveit. Enn hinn partur Holtahrepps sem er Odda, Árbæjar, Ás og Háfssóknir reki á Holtamanna-afrjett og gjöri upprekstur uppá sín bíti á Holtamannaafrjett.

1 Skjal nr. 4 (24).
2 Skjal nr. 4 (55).
3 Skjal nr. 4 (50).
4 Skjal nr. 4 (49).

2. Þóristungur verða einsog að undanförnu irktar og safnaðar þannig, að Landmenn og sá partur Holtahrepps sem á Landmannaafrjett rekur safni þær að 2/3 enn sá partur Holtahrepps er á Holtamannaafrjett rekur 1/3.

3. Einnig var samþikt að bygðar væru sumar rjettir nálægt Tjörfastöðum til innreksturs á fje því er til afrjettar rekið verður af báðum hreppunum laugardaginn í 13 viku sumars, og að þær irðu svo að haustinu brúkaðar fyrir bigdarsafnsrjettir.

Í samheingi við 2 grein skulu eptirleitir gjörast þannig að hvör partur annist um eptirleitir á þeim afrjetti er hann yrkir.[1]

Í júní 1884 barst oddvita sýslunefndar Rangárvallasýslu bréf frá amtmanni þar sem skýrt var frá því að sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu hefði fyrir hönd sýslunefndarinnar beiðst að fá styrk af opinberu fé til að rannsaka „hin ókunnu fjalllendi, sem liggi fyrir norðan afrjetti Skaptártungu og Síðu manna“. Fram kom í bréfinu að amtsráðið hefði fallist á að veita allt að 500 króna styrk „til þess að rannsökuð yrðu hin ókunnu fjalllendi með fram Vatnajökli og Skaptárjökli“, og var oddvitinn inntur eftir því hvort sýslunefnd Rangárvallasýslu vildi að sínu leyti leggja fram fé úr sýslusjóði til rannsóknarinnar. Málið var rætt á fundi sýslunefndar 25. júní, og varð niðurstaðan sú að ekki þætti gerlegt að leggja gjöld á sýslubúa til rannsóknarinnar af því að „sýslunefndin ekki geti eignað þessari sýslu fjalllendi þau, sem liggja fyrir innan og austan Fiskivötn, eða sýslan yfirhöfuð haft nein veruleg afnota af þeim“. Í svari sýslunefndar segir enn fremur

> að næst liggi að skoða þetta fjalllendis svæði, sem ráðgjört er að rannsaka, sem öræfi eða almenninga, sem ekkert víst sýslufjelag geti eignað sjer, og sem því liggi næst að rannsakað sje eingöngu á almennings kostnað, ef rannsóknar þykir þurfa, sem fundurinn fyrir sitt leyti, frá þessu sjónarmiði álítur æskilegt.[2]

Nú verður vikið nánar að landamerkjum afréttarins. Árið 1841 gerði séra Jón Torfason, prestur í Landþingum, grein fyrir takmörkum Landmannaafréttar og Holtamannaafréttar og nýtingu þeirra:

> Afréttarlönd tilheyra sveitinni, kallast Landmannaafréttur, í félagsskap við Holtasveit. Takmörk hans eru að sunnan og útsunnan Hekla, fjallaklasar, öldur og dyngjur þær, sem liggja norður af henni; að landsunnan og austan Hrafntinnuhraun og Torfajökull, samt Jökul- eða Námskvísl kölluð, hver að rennur norður í Tungná. Ræður hún svo og rennur allt vestur í Þjórsá, rúmum hálfum áfanga fyrir ofan byggð.
>
> Í miðjum afréttinum liggur hátt og eggjamikið fjall, sem Löðmundur kallast, með graslendi nokkru að framan. Rétt undir rótum nefnds fjalls að framanverðu liggur annað minna, kallað Hellirsfjall, sem tekur nafn af hellisgjögri nokkru (Landmannahellir). Þar hafa Land- og Holtamenn tjaldstað sinn í fjallgöngum á haustum í 3 nætur. …
>
> Í austur frá Landmannahellir liggja gagnvart hvurt öðru fjöll nokkur kölluð Lifrarfjöll og dalurinn kallaður Dómadalur. Af hverju hann hefur nafn sitt, vita menn ógjörla. Austar er Syðri- og Nyrðri-Námur og Tjörvafell svokallað. Í milli þessara síðast nefndu liggur stórt stöðuvatn, kallað Frostastaðavatn, og eru munnmæli þar hafi í fornöld verið silungsveiði. Mætti til geta, að veiðin hafi lagst af

1 Skjal nr. 4 (48).
2 Skjal nr. 4 (47).

vegna eldbrunahrauns, sem runnið hefur úr Námnum ofan í vatnið í einhverjum eldganginum á 14du, ekki seinna en á 15du öldinni.

Annan afrétt á sveitin í félagsskap við Holtasveit, nefndur Holtamannaafréttur út við Þjórsá, en fyrir innan Tungná. Plátsið er kallað Búðarháls (fyrrum Þjórsártungur) og rennur allmikil kvísl, nefnd Kaldakvísl, austan undir honum. Ætla menn hún komi úr Vatnajöklinum svokölluðum. Þeir, sem leita þennan afrétt á haustum, fara allt til Biskupsþúfu og Sprengisands norður.

Fyrir austan Köldukvísl, en fyrir innan Tungná allt austur í fjallgarð þann mikla, sem er fyrir austan öll Fiskivötn og norður undir næst nefndan jökul, eru mikil öræfi og víðlendur. Þó eru þar pláts sem að fornu og allt til þessa hafa verið notuð til rótagröftar, svo sem Þóristungur utast og syðst í krók þeim, sem myndast af kvíslinni og Tungná, þá Kvíslarnar svokallaðar. …

Í Fiskivötnum er silungsveiði, sem meir var stunduð til forna en nú á tímum. Þykir það ekki til vinnandi um heysláttartíma að láta fólk liggja þar, því oft er þar lítið um aflabrögð. Það gagn og gæði, sem í þessum auðnum og öræfum var að hafa fyrrum, svo sem fjallagrös, rót, silungs- og álftaveiði, var af 12 mönnum dæmt árið 1476 að Ytrivöllum hér í hrepp Land- og Holtasveitum og því er lýsingin svo langorð, að í því tilliti sýnist sem það sé viðkomandi þessu prestakalli.

Af nefndum afréttum er sauðfé rekið til rétta í svokallað Réttanes austur við Rangá nálægt miðsveitis. Þangað er tilsókt úr Holta- og Landsveit ‹hér um bil› 22 vikur af sumri.[1]

Séra Sigurður Sigurðsson segir í lýsingu sinni á Efri-Holtaþingum 1840 að afréttarlönd sóknarmanna „[kallist] Landmanna- og Holtamannaafréttir, sem báðar sveitirnar Holtasveit og Landsveit hafa upprekstur á eftir velþóknan“.[2] Séra Benedikt Eiríksson kemst svo að orði um svipað leyti að afréttur allra Holtamanna sé „fyrir innan Landmannaafrétt“. Upprekstur þangað hafi Holtasveit og Landsveit báðar í sameiningu eins og á Landmannaafrétt.[3]

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Landmannaafrétt 1886 í samræmi við landamerkjalög nr. 5/1882:

Fyrst er Ófærugil, þaðan beint í Krakatind, þaðan beint í Fljótið syðst í Reykjadölum, síðan ræður Fljótið inn að Torfajökli; síðan ræður Torfajökull inn að upptökunum á Stórukvísl, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá, þaðan beint í Þveröldu, sem er fyrir norðan austurbotninn í Þórisvatni; þaðan beint í Þóristind, þaðan beint í botninn á Blautukvísl, síðan ræður hún merkjum í Tungnaá, síðan Tungnaá í Þjórsá, síðan ræður Þjórsá fram að syðri endanum á Búrfelli, síðan þaðan beint í Ófærugil.

Framanskrifuð mörk samþykkjum vér undirskrifaðir.

Landmannahreppi 22. okt. 1886

Fyrir hönd Landmannahrepps:

Eyjólfur Guðmundsson Kristófer Jónsson Þorsteinn Þorsteinsson

1 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 168-170. Sbr. einnig lýsingu séra Jóhanns Björnssonar á Keldnasókn, um 1840 (sama rit, s. 145).
2 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 188.
3 *Rangárvallasýsla* 1968, s. 208.

Fyrir hönd Holtamannahrepps:

Jón Þórðarson Runólfur Halldórsson Ól. Ólafsson Þ. Guðmundsson

Fyrir hönd Rangárvallahrepps:

Steinn Guðmundsson Gísli Felixson Páll Jónsson[1]

Landamerkjabréfið var lesið upp og bókað á manntalsþingi að Þjóðólfshaga 17. maí 1890. Ekkert sambærilegt bréf er til fyrir Holtamannaafrétt.

Mörkin milli afréttarlanda Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu reyndust ekki ágreiningslaus. Á fundi sínum 7.-8. maí 1889 hafnaði sýslunefnd Rangárvallasýslu eftirfarandi markalýsingu sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu:

> Úr Fúlalæk á Sólheimasandi yfir Eyjafjallajökul beina stefnu í miðjan Meyjarstrút, þaðan beint í Námakvíslarmynni, þar sem hún fellur í Tungnaá, og þaðan fyrir vestan Tungnaárfjall í Þveröldu fyrir norðan Þórisvatn.[2]

Í staðinn lagði sýslunefnd Rangárvallasýslu til þessi mörk:

> Úr Fúlalæk beina stefnu í Hólmsárbotna, úr Hólmsárbotnum beina stefnu í austurendann á Þórisvatni. En vilji sýslunefndin í Vestur-Skaftafellssýslu ekki aðhyllast þau mörk, stingur fundurinn upp á, að málefnið sé lagt í gjörð af báðum sýslunefndunum kosinna manna á kostnað beggja sýslufélaganna.[3]

Sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu vildi ekki samþykkja þessa tillögu og eigi heldur leggja ágreininginn í gerðardóm, og var hann því óleystur allt til ársins 1989 þegar Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms um mörk Landmannaafréttar að austan og afréttar Skaftártunguhrepps að vestan með þessum orðum:

> Mörkin milli afréttarlanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi hins vegar skulu vera úr Hábarmi og í Kirkjufellsós, sem ræður merkjum og rennur fyrir austan Kirkjufell í Tungnaá. Lína þessi er mörkuð á korti í héraðsdómi.[4]

Árið 1892 sótti hreppsnefndin í Holtamannahreppi um það að hreppnum yrði skipt þannig að Efriholtaþing yrði sérstakur hreppur sem kallaðist Holtahreppur en Kálfholtsprestakall með Oddasókn annar hreppur er kallaðist „Áshreppur“. Holtamannahreppur var þá fjölmennasti hreppur Rangárvallasýslu, víðáttumikill og ógreiðfær yfirferðar og „[hagaði] að ýmsu leyti öðru vísi til í honum ofanverðum en framanverðum, að því er snertir búnaðarháttu og lífernisháttu manna“.[5] Sýslunefnd féllst á þessa ósk hreppsnefndarinnar þó að hún teldi aðra skiptingu heppilegri. Málið fór fyrir landshöfðingjann sem samþykkti umsóknina með bréfi 11. júlí 1892. Í framhaldi af þessu héldu hreppsnefndir Ása-, Holta- og Landmannahrepps með sér fund að Skammbeinsstöðum 29. nóvember um málefni afréttarins og var niðurstaðan sú að Holtahreppur skyldi eiga upprekstur á

1 Skjal nr. 2 (15).
2 Skjal nr. 4 (47) (s. 32-35/279-282).
3 Skjal nr. 4 (47) (s. 32-35/279-282).
4 H 1989 1022.
5 Skjal nr. 4 (41). Sbr. Lýður Björnsson, 1979: *Saga sveitarstjórnar á Íslandi.* Síðara bindi. Reykjavík. S. 47.

Landmannaafrétt en Ásahreppur á Holtamannaafrétt. Samþykkt var að Landmannahreppur fengi árlega andvirði alls þess óskilafjár sem kæmi fyrir í Landrétt, að undanskildum norðanlömbum, en andvirði þeirra skyldi falla til Ásahreppi. Andvirði þess óskilafjár, sem kæmi fyrir í Kambsrétt, skyldi skiptast milli Ásahrepps og Holtahrepps. Einnig var samþykkt að hreppsnefndin í Landmannahreppi annaðist árlega um refaveiðar á Landmannaafrétti gegn 50 kr. borgun árlega úr Holtahreppi.[1] Þetta samkomulag hreppanna var síðan staðfest á fundi sýslunefndar Rangárvallasýslu 12.-14. apríl 1893.[2]

Upp úr aldamótunum 1900 fóru einstaklingar og félög að falast eftir fossum á hálendi landsins til að nýta þá til raforkuframleiðslu. Á næstu árum var sérstökum umboðsmönnum falið að selja eða leigja þá fossa í Þjórsá og Tungnaá sem hreppsfélög í Rangárvallasýslu og eigendur tiltekinna jarða töldu sig eiga tilkall til. Vatnsréttindi þessi voru að lokum framseld hlutafélaginu Titan eins og nánar er rakið í kafla 6.4.3.[3]

Landsstjórnin gerði fyrirvara um sölu þessara og fleiri vatnsréttinda 3. apríl 1918 þegar svohljóðandi símskeyti var sent til allra sýslumanna landsins:

> Fossnefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almenningseign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmæta, sem hreppsfjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafls í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hérmeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarbeit og geldfjárhöfn.[4]

Eins og áður hefur komið fram gerðu hreppsnefndir Ása-, Holta- og Landmannahrepps með sér samkomulag í nóvember 1892 um að Holtahreppur skyldi eiga upprekstur á Landmannaafrétt en Ásahreppur á Holtamannaafrétt. Slíkar samþykktir eða reglur um nýtingu afréttanna höfðu áður verið gerðar milli Holtamannahrepps og Landmannahrepps og giltu þær um mislangan tíma hverju sinni. Hreppsnefnd Holtahrepps taldi sig vanhaldna af þessu samkomulagi og vildi fá því breytt. Samkvæmt skýrslu sem Eyjólfur Guðmundsson, bóndi í Hvammi á Landi, tók saman átti hreppsnefnd Holtahrepps frumkvæði að því að boða hreppana til fundar að Marteinstungu 8. maí 1911 „til að ræða um fundarsamþykktina frá 1892 um fyrirkomulag á upprekstri til afrétta og notkun afrétta hlutaðeigandi hreppa framvegis“.[5] Að sögn Eyjólfs létu ýmsir fundarmenn, einkum úr Ásahreppi, í ljós þá skoðun að Holtamenn „ættu“ Landmannaafrétt með Landmönnum en Ásahreppur Holtamannaafrétt. Hreppsnefnd Landmannahrepps hefði mótmælt þessari afstöðu og talið Landmannaafrétt eftir sem áður eign Landmannahrepps.[6] Um það var síðan deilt hvort Holtamenn hefðu á fundinum sagt upp áðurnefndum samningi frá Skammbeinsstöðum 29. nóvember 1892.[7] Nokkru áður en fundurinn að Marteinstungu var haldinn, 27. mars 1911, undirrituðu oddvitar Rangárvallahrepps og Landmannahrepps samning þess efnis að jarðirnar Selsund, Haukadalur og Svínhagi í Rangárvallahreppi gætu ekki lengur átt upprekstur á Landmannaafrétt en ábúendum Næfurholts væri eftir sem áður skylt að reka á afréttinn og gegna þar fjallskilum.[8]

1 Skjal nr. 4 (41).
2 Skjal nr. 4 (41).
3 Sbr. skjöl nr. 2 (4-12).
4 Skjal nr. 4 (66).
5 Skýrsluna undirritaði Eyjólfur Guðmundsson 6. júlí 1913 (skjal nr. 4 (32)).
6 Skjal nr. 4 (32).
7 Sbr. skjöl nr. 4 (32, 33).
8 Skjal nr. 2 (10). Jarðir þessar höfðu átt upprekstur á Landmannaafrétt a.m.k. frá því að fyrrnefnt samkomulag um afréttinn var gert 1783.

Ágreiningur um nýtingu Landmannaafréttar færðist í aukana eftir að eldgos hófst í Lambaskarði og Krókagiljum vorið 1913. Tveir menn voru sendir í rannsóknarleiðangur til að kanna áhrif náttúruhamfaranna og kom þá í ljós að Landmannaafréttur hafði spillst mjög af hraunflóði, vikri og öskufalli. Var það samdóma álit þeirra að ekki mætti að sinni reka meira fé í afréttinn en helming þess fjár er undanfarið hefði þangað farið. Fundur var haldinn um málið í þinghúsi Landmannahrepps að Skarði 30. júní 1913, og þótti tvennt koma til greina í þessum vanda. Annaðhvort að Landmenn rýmdu fyrir Holtamönnum og reyndu sjálfir að leita til annarra hreppaafrétta eða að bann yrði lagt á upprekstur Holtamanna í afréttinn. Samþykkt var áskorun til hreppsnefndarinnar um að gefa út slíkt bann og fylgja því eftir við hreppsnefnd Holtahrepps.[1] Í bréfi sem hreppsnefnd Landmannahrepps ritaði hreppsnefnd Holtahrepps sama dag segir m.a.:

> Hreppsnefndin í Landmannahreppi getur ekki fundið, að það væri réttlátt, að hreppsbúar Landmannahrepps, eigendur afréttarins, væru neyddir til að rýma burt af sínum eigin afrétti fyrir utanhreppsmönnum. Hins vegar vill hreppsnefnd Landmannahrepps sýna þá tilhliðrun að leyfa eftirtöldum bæjum upprekstur á Landmannaafrétt: 1. Skammbeinsstaðir, 2. Guttormshagi, 3. Ketilsstaðir, 4. Hagi, 5. Kaldárholt, 6. Saurbær, 7. Stúfholt, 8. Akbraut, 9. Lækur. …[2] Teljum við líklegt, að það, sem þá kynni að vanta á, að Holtahreppur hefði nægilegt upprekstrarland, kæmist vel fyrir á Holtamannaafrétti, sem Holtamenn með réttu telja sig eiga.[3]

Banni þessu var síðan fylgt eftir um haustið enda munu nokkrir bændur í Holtahreppi hafa rekið á Landmannaafrétt eins og áður.[4] Oddviti Holtahrepps svaraði þessu bréfi 12. janúar 1914, mótmælti banninu og sagði skemmdir á afréttinum hafa ráðið því að ekki hefðu fleiri bændur í hreppnum rekið fé á afrétt á liðnu sumri.[5]

Nokkru áður en þetta gerðist, þ.e. snemma árs 1913, höfðaði Holtahreppur mál gegn Ásahreppi til að fá sér dæmdan eignarrétt á Holtamannaafrétti. Fyrir sáttanefnd krafðist Holtahreppur þess að Ásahreppur viðurkenndi Holtahrepp sem meðeiganda eða sameiganda að Holtamannaafrétti og ætti því allar nytjar afréttarins að réttri tiltölu við hundraðatal ábýlisjarða beggja hreppanna. Ásahreppur krafðist sýknu fyrir sitt leyti og jafnframt dóms um að hann væri einn eigandi afréttarins með þeim rökum að hann hefði hreppt eignarrétt yfir Holtamannaafrétti eftir fundinn á Skammbeinsstöðum í samræmi við bréf landshöfðingja.[6] Í forsendu dómsins í aukarétti Rangárvallasýslu er vísað til þess þegar Holtamannahreppi var skipt í tvö hreppsfélög, Holtahrepp og Ásahrepp, og síðan segir:

> Fram að þessum tíma tilheyrðu Holtamannahreppi óskiftum og nágrannahreppnum, Landmannahreppi, tveir afréttir, nefnil. fyrnefndur Holtamannaafréttur og svo nefndur Landmannaafréttur. Töldust hreppar þessir tveir eiga báða afréttina í félagi, eins og báðir aðiljar þessa máls hafa viðurkennt.
>
> En er skifting Holtamannahrepps hafði farið fram, urðu sameigendur afréttanna eðlilega þrír en eigi tveir eins og áður hafði verið.[7]

1 Skjal nr. 4 (30).
2 Hér næst stendur en yfirstrikað: „Enn fremur vill hreppsnefnd Landmannahrepps veita þá tilslökun að leyfa hreppsbúum Holtahrepps upprekstur á þann part afréttarins, sem liggur fyrir innan Tungnaá, á svonefnd Öræfi, sem árlega hafa verið söfnuð héðan."
3 Skjal nr. 4 (31).
4 Sbr. bréf Eyjólfs Guðmundssonar í Hvammi til hreppsnefndar Holtahrepps 18. nóvember 1913 (skjal nr. 4 (33)).
5 Skjal nr. 4 (34).
6 Skjal nr. 4 (35).
7 Skjal nr. 2 (14). Sbr. skjal nr. 4 (35).

Dómendur töldu út frá þessu að krafa stefnanda væri of víðtæk og hefði Landmannahreppur þurft að vera meðaðili hans að málinu. Ekki var heldur fallist á kröfu Ásahrepps því að eignaskiptin milli Ásahrepps og Holtahrepps „gátu eigi náð til Holtamanna afréttar, því hann tilheyrði einnig Landmannahreppi“. Báðir málsaðilar hefðu gert þá yfirsjón að leita ekki úrskurðar sýslunefndar því að það væri hún sem ætti að ákveða um skipti afréttanna. Málinu var að svo búnu vísað frá dómi ex officio 24. mars 1914.[1]

Ásahreppi var skipt í tvö hreppsfélög samkvæmt bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins 13. janúar 1936. Skiptingin var ákveðin þannig: Kálfholtskirkjusókn með Vetleifsholtshverfi skyldi verða hreppur sér og nefnast Ásahreppur en Hábæjarkirkjusókn með Bjóluhverfi, Ægissíðu og Rangá verða hinn hreppurinn og nefnast Djúpárhreppur. Fjallskilakostnaður vegna afréttar Ásahrepps skiptist þannig að Ásahreppur skyldi bera 4/7 hluta en Djúpárhreppur 3/7 hluta.[2]

Þrátt fyrir ágreining um eignarhald og nýtingu afréttanna var nokkur samvinna milli hreppanna þriggja, þ.e. Ásahrepps, Holtahrepps og Landmannahrepps, um afréttarmál. Fulltrúar þeirra samþykktu t.d. á fundi 4. febrúar 1926 að taka höndum saman um að hlaða gerði í Réttanesi í kringum söfn hreppanna af afréttunum. Skyldi kostnaðinum jafnað þannig niður milli hreppanna að helmingur væri lagður á eftir sauðfjárfjölda síðastliðið ár, en hinn helmingurinn færi eftir hundraðatali jarðeigna í hreppunum.[3] Á fundi 12. ágúst 1928 komu fulltrúar Holtahrepps og Landmannahrepps sér saman um að skipta tillögum hreppanna á þá leið að 2/3 kostnaðar færi eftir sauðfjáreign þeirra en 1/3 eftir hundraðatali jarða samkvæmt jarðamatsbók. Einnig var ákveðið að 58 menn skyldu fara til smölunar í allar þrjár leitir, 29 menn úr hvorum hreppi.[4]

Ágreiningur milli Landmannahrepps og Holtahrepps braust fram að nýju ekki síst eftir að hreppstjóri Landmannahrepps, fyrir hönd hreppsnefndarinnar, gerði samning við oddvita Rangárvallahrepps til næstu fimm ára um helmingaskipti milli hreppanna á andvirði því sem fást kynni fyrir hrafntinnu o.fl. er tekin væri í svonefndum Reykjadölum á afréttamörkum hreppanna.[5] Í fundargerðabók Landmannahrepps 12. september 1935 kemur fram að oddviti Holtahrepps hafi ritað bréf, dags. 9. sama mánaðar, þar sem hann hafi gert þá kröfu að hreppurinn verði talinn meðeigandi Landmanna- og Rangárvallahrepps að hrafntinnu þeirri sem fundist hafi og fyrirfinnist á afréttum og smalaleiðum þessara þriggja hreppa. Viðhorfi Landmannahrepps er lýst svo í áðurnefndri fundargerðabók:

> Hreppsnefnd Landmanna undrast mjög þessa kröfu oddvita Holtahrepps, þar sem honum engu síður en hreppsnefndinni hér, hlýtur að vera kunnugt, að um eignarrétt að Landmannaafrétti hefur enginn ágreiningur risið fyr eða síðar, svo kunnugt sé, nefnilega að hann sé óskert eign Landmannahrepps með grasi, grjóti, og öðrum verðmætum, er þar kunna að finnast, innan þeirra landamerkja, er samþykkt hafa verið af hreppsnefnd Holtamannahrepps og þinglesin á Þjóðólfshagaþingi 17. maí 1890, án nokkurra athugasemda eða mótmæla. Hitt er jafn kunnugt, að ágreiningur hefur verið öðru hvoru um það, að hve miklu leyti Landmönnum væri bagalaust, að leyfa Holtamönnum upprekstur á afrétt sinn. Lengi vel var það að eins nokkur hluti Holtamannahrepps, sem hafði upprekstrarleyfi á Landmannaafrétt, en Landmenn fengu fyrir það, og notuðu, upprekstur stóðhrossa á Þóristungur á Holtamannaafrétti, og jafnvel ráku eitthvað af sauðfé á hann líka. En eftir fjárfellinn mikla 1882, breyttist þetta svo, að fátt eða ekkert fé var til að reka á afrétt nokkur ár, að minnsta kosti úr Landmannahreppi að Landmenn hættu því að nota upprekstur, sem áður er nefndur, á Holtamanna afrétti, en urðu þó að bera einn þriðja (1/3) kostnaðar af bátum við Tungnaá, sem var all tilfinnanlegur skattur þá fyrir svo fátæka

1 Skjal nr. 2 (14). Dómurinn var kveðinn upp 24. maí 1914.
2 Skjal nr. 5 (1).
3 Skjal nr. 4 (37).
4 Skjal nr. 4 (37) (s. 128/375).
5 Skjal nr. 4 (38). Sbr. skjal nr. 5 (6).

sveit, og orsakaði, m.fl. mikla óánægju milli hreppanna. Loks rak að því, að hreppsnefndir hinna þriggja hreppa: Ása- Holta- og Landmanna, áttu fund með sér að Skammbeinsstöðum 29. nóv. 1892. (Þá hafði hinum forna Holtamannahreppi verið skipt í tvo hreppa.)

Á þessum fundi samþykktu hreppsnefndir Ása- og Holtahreppa, fyrir sitt leyti, að Holtahreppur skyldi eiga upprekstur á Landmannaafrétt. Hreppsnefnd Landmannahrepps samþykkti þetta ekki; en sá sér ekki fært að mótmæla því eins og á stóð um fénaðarfæð í sveitinni, og það því síður, sem móti komu þau hlunnindi, að Landmenn losnuðu þá við bátakostnað og viðhald við Tungná, og fengu ennfremur í sinn sjóð andvirði alls óskilafjár, sem fyrir kæmi í Landréttum, nema norðan lamba; en af andvirði þess fjár hafði Landmannahreppur fram að þessu fengið 1/3 hluta. Þá var líka gerð sú bót í máli, að Holtahreppur legði árlega til Landmannahrepps 50 krónur til refaveiða á Landmannaafrétti. Þetta allt mætti vera svo vel kunnugt, að óþarfi sé að endurtaka það, en er aðeins gert vegna framanritaðs tilefnis. Ennfremur er það kunnugt, að hreppsnefnd Landmannahrepps hefur jafnan litið svo á, og ekki farið dult með, að kæmi það fyrir, að Landmannaafréttur gengi svo af sér, að ekki þætti fært að reka á hann fé af öllu því svæði sem nú er, þá yrðu Holtamenn að rýma, að meir eða minna leyti fyrir eigendum afréttarins, Landmönnum.

Hreppsnefnd Holtahrepps hefur beint og óbeint viðurkennt þetta, t.d. á síðasta sameiginlegum fundi um þetta mál að Skarði, 18. maí 1914, þar sem mættir voru allir hreppsnefndarmenn úr Landmanna- og Holtahreppi nema einn (úr Holtahreppi). Í fundargerð, sem þar var samþykkt í einu hljóði, stendur meðal annars: „Í sambandi við þetta kom báðum hreppsnefndunum saman um, að Landmannaafréttur væri nú svo af sér genginn, vegna eldgosanna síðastl. vor, (1913), að ómögulegt sýnist vera, að hann geti borið álíka fjártölu og undanfarið hefur verið á hann rekin. Hreppsnefndunum kom því eindregið saman um, að nauðsyn beri til þess, fyrir hreppsnefnd Holtahrepps, að halda tafarlaust áfram máli sínu á hendur Ásahreppi um eignar og upprekstrarrétt Holtamanna á Holtamannaafrétti.“[1]

Í framhaldi af þessari ályktun kvaðst hreppsnefnd Landmannahrepps vænta þess að hreppsnefnd Holtahrepps færi eftir fógetabanni því sem út hefði verið gefið viðvíkjandi hrafntinnutöku í Reykjadölum á Landmanna- og Rangárvallaafrétti. Jafnframt var samþykkt að ganga að samningstilboði þriggja manna, Sigurðar Jónssonar bílstjóra og menntaskólakennaranna Valdemars Sveinbjörnssonar og Einars Magnússonar um að greiða Land- og Rangárvallahreppi 20 kr. fyrir hvert tonn af hrafntinnu eða öðrum verðmætum bergtegundum sem kynnu að finnast í afréttarlöndum þessara hreppa næstu fimm ár og aldrei minna en 400 kr. árlega nefndan tíma. Skyldu þeir á því tímabili hafa einkaleyfi á námuvinnslunni.[2] Í reikningum Landmannahrepps fyrir árið 1937 kemur fram að hreppurinn hafði þá nokkrar tekjur af hrafntinnu.[3]

Veturinn 1942-1943 kom upp garnaveiki í sauðfé austan Þjórsár og var þá sett upp varnargirðing frá sjó, austan Hólsár og Rangár ytri, í girðingu sem var milli Rangár og Þjórsár á mörkum Landmannaafréttar og Landsveitar. Sauðfjárbændum í Landmanna- og Holtahreppi, sem þá nýttu sameiginlega Landmannaafrétt, var þá bannað að reka fé á fjall en urðu engu að síður að smala afréttinn, lögum samkvæmt, og sjá þar um refaveiðar. Þangað mun þá einkum hafa leitað fé Rangvellinga og Skaftfellinga. Af þessu hlaust nokkur kostnaður sem Landmenn og Holtamenn vildu ekki við una, eins og fram kemur í fundargerð Holtahrepps 22. febrúar 1945 og óskuðu þeir eftir því við sýslumann að smölun og refaveiðum yrði létt af hreppunum á meðan bændum í þeim væri meinað að reka sauðfé sitt á hann.[4]

1 Skjal nr. 4 (38). Seinni tilvitnunarmerki eru ekki sýnd í uppskrift en hljóta að eiga koma hér.
2 Skjal nr. 4 (38).
3 Skjal nr. 4 (38) (s. 137-138/384-385).
4 Skjal nr. 4 (39).

Í Lögbirtingarblaðinu 10. mars 1947 birtist tilkynning frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu, Birni Björnssyni, um veiðirétt í Veiðivötnum (Fiskivötnum). Af því tilefni gaf oddviti Holtahrepps frá sér tilkynningu þar sem segir að búendur í Holtahreppi geri kröfu um veiðirétt í þessum vötnum í réttu hlutfalli við aðrar sveitir sem þar eigi veiðirétt. Kröfuna byggðu þeir á eftirtöldum forsendum: Í fyrsta lagi er vísað til dóms að Ytri-Völlum árið 1467. Hér mun trúlega átt við dóminn að Skarði á Landi 25. júní 1476 sem áður hefur verið gerð nokkur skil. Í öðru lagi var því haldið fram að búendur í Holtahreppi vissu ekki annað en að frá árinu 1467 (1476?) til 29. nóvember 1892 (sbr. fundinn að Skammbeinsstöðum sem fyrr er getið) hefðu bæði Holtamannaafréttur og Landmannaafréttur verið taldir sameiginleg eign sveitanna milli Þjórsár og Rangár ytri milli fjalls og fjöru enda notaðir af búendum þessara sveita til upprekstrar og annarra afnota. Í þriðja lagi var minnt á að Holtamannahreppi hinum forna hefði verið skipt í tvö sveitarfélög, Holta- og Ásahrepp, árið 1892, og hefðu síðan allar þrjár hreppsnefndirnar átt með sér fund að Skammbeinsstöðum um það hvernig upprekstri, smölun og refaveiðum á afréttinum væri haganlegast fyrir komið. Loks var því haldið fram að Holtamenn hefðu um „tæpan síðasta áratug“ stundað óátalið veiðiskap vor og haust í vötnunum á Landmannaafrétti.[1] Af ágreiningi þessum spruttu málaferli sem lyktaði með dómi Hæstaréttar 25. febrúar 1955 (Landmannaafréttardómur fyrri).[2]

Hér að framan hefur verið minnst nokkuð á upprekstur og beitarnýtingu Holtamannaafréttar. Elsta fjallskilareglugerðin fyrir Rangárvallasýslu er frá 1894. Í 7. gr. er vikið að Holtamannaafrétti en þar segir að sérhver „sem afrjett á að nota, á tiltölu til hans, eða leigir hann“ og hafi til eignar eða umráða 25 kindur eða fleiri veturgamlar eða eldri, sé skyldugur að leggja til einn mann til fjallskila sem sé að minnsta kosti 16 ára. Þessi sama skylda eigi þó ekki við um þá sem reki á Holtamannaafrétt nema því aðeins að þeir hafi yfir að ráða 40 kindum eða fleiri. Í 8. gr. er kveðið á um að fjallskilum sé lokið og réttað í Holta- og Landréttum föstudaginn í 23. viku sumars.[3]

Séra Benedikt Eiríksson, aðstoðarprestur í Kálfholti, gerði nokkra grein fyrir fjallskilum á Holtamannaafrétti í sóknarlýsingu sinni frá um 1840 en eftir það eru *Göngur og réttir* og *Sunnlenskar byggðir* helst til frásagnar.[4] Frá 1880 hafa undanreiðarmenn lagt af stað til fjalls miðvikudaginn í 21. viku sumars.[5] Fyrsta daginn er leitað í Svörtubotnum, Hnausaveri með Hágönguhrauni, kringum Skrokköldu með Eyvindarverskvíslum báðum, í Háumýrum og Hreysiveri, með Þjórsá frá Hreysikvísl inn að Fjórðungakvísl. Síðan er leitað suður með Þjórsá, Eyvindarver og Þúfuver norðan Þúfuverskvíslar. Á fimmtudeginum skiptast leitarmenn í tvo flokka og fer annar í Þúfuver en hinn í Illugaver. Stóraver er þá leitað, Kjölur með Svartá að innan og Þúfuver sunnan kvíslar. Hinn flokkurinn leitar með Grjótakvísl, Grjótakvíslarbotna, Illugaver og allt svæðið fyrir innan það, Þveröldu og Krókaver. Á föstudeginum smala „vestanmenn“ úr Þúfu suður í Bása en „austanmenn“ smala úr Illugaveri suður fyrir Klifshagavallakvísl. Á laugardeginum er Búðarháls smalaður og allt suður að Tungnaá. Smölun lýkur þegar austanmenn og vestanmenn komu saman á svipuðum tíma að Haldi og á sunnudeginum er féð síðan flutt í sláturhús.[6]

Eins og fyrr greinir kom upp garnaveiki í sauðfé veturinn 1942-1943 og var þá hætt að reka á afréttinn. Árið 1951 var féð skorið niður. Áratug síðar hófst upprekstur að nýju og er talið að fé á afrétti hafi verið nálægt 5000 þegar mest var um 1984.[7] Afrétturinn allur er leitaður. Þó er ekki farið

1 Skjal nr. 4 (40).

2 H 1955 108.

3 Skjal nr. 4 (17). Sbr. 8. gr. fjallskilareglugerðar nr. 8/1911, nr. 80/1915 og nr. 72/1921 (skjöl nr. 4 (16, 15, 13)). Sbr. einnig skjöl nr. 4 (10, 8, 7) (fjallskilareglugerðir nr. 156/1943, nr. 239/1974 og nr. 157/1990).

4 Sbr. *Rangárvallasýsla* 1968, s. 208. *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 300-343. *Sunnlenskar byggðir* 5, s. 314-319.

5 *Göngur og réttir* 1 (1983), s. 303. Í *Sunnlenskum byggðum* 5 (s. 314) er sagt að lagt sé af stað þriðjudaginn í 21. viku sumars.

6 *Sunnlenskar byggðir* 5, s. 314-319.

7 Hér á eftir er stuðst við frásögn Sveins Tyrfingssonar, bónda í Lækjartúni, Ásahreppi, við skýrslutökur í máli nr. 1/2003.

í Nýjadal og Vonarskarð í fyrstu leit og í Öræfin er yfirleitt ekki farið nema frést hafi þar af fé.[1] Engin samsmölun eða samvinna er með gangnamönnum að norðan þó að leitarsvæði þeirra liggi saman (einkum í Jökuldal og Nýjadal). Flest hús á afréttinum eru í eigu sveitarfélaganna, þ.e. Ásahrepps og Djúpárhrepps en sveitarfélagið hefur nokkrar tekjur af fasteignagjöldum frá Landsvirkjun.[2] Stofnað hefur verið sérstakt félag um vötnin á afréttinum og standa að því bæði Holtamenn og Landmenn. Það er í tveimur deildum og er önnur þeirra einvörðungu um vötnin á Holtamannaafrétti. Ekki er kunnugt um aðrar nytjar af Holtamannaafrétti en hér hefur verið greint frá.

6. NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1. Inngangur

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu, sem tekið var til meðferðar, málum nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði, sem tekið var til meðferðar, er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítils háttar breytingum, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum.

Þannig er gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þær breytingar sem á því hafa orðið síðan. Einnig er fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda. Gerð er grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og afrétti og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað er sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka sem og eignarhaldi á og undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá er fjallað um það hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands megi draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins. Því næst er fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Í því sambandi er gerð sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum. Loks eru dregnar saman meginniðurstöður um þau atriði sem að framan hafa verið rakin.

Þá hefur óbyggðanefnd við úrlausn sína litið til og tekið mið af niðurstöðum Hæstaréttar í fyrstu dómum réttarins í þjóðlendumálum, varðandi úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi. Dómar þessir voru kveðnir upp 21. október 2004 í málum nr. 47 og 48/2004.

Í þeim köflum, sem hér fara á eftir, verður gerð grein fyrir þeim sérstöku forsendum sem úrskurður óbyggðanefndar í máli þessu byggist á. Sú umfjöllun er í beinu samhengi við framangreindar almennar niðurstöður óbyggðanefndar á svæðum I og II og vísar til þeirra. Í upphafi verður fjallað um landnám á því svæði sem hér er til meðferðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Holtamannaafréttar, þ. á m. réttindi Landsvirkjunar þar, og annarra landsvæða í Ása- og fyrrum Djúpárhreppum, hinn síðarnefndi nú innan Rangárþings ytra. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.2. Landnám

Í kafla 5.1. er rakið hvernig Landnámabók greinir frá landnámi á því svæði sem áður nefndist

1 „Öræfin liggja vestur af Vatnajökli, suður af þeim eru Veiðivötnin, (þau tilheyra Landmannaafrétti)“ (*Göngur og réttir* 1 (1983), s. 300).

2 Jónas Jónsson, oddviti Ásahrepps, Kálfholti I, við áðurnefndar skýrslutökur. Sveinn Tyrfingsson skýrði frá fasteignagjöldum Landsvirkjunar.

Holtamannahreppur en skiptist síðar í Holtahrepp, Ásahrepp og Djúpárhrepp. Frásögn hennar bendir hins vegar ekki til landsvæðið norðan Þjórsár og Tungnaár, þ.e. Holtamannaafréttur, hafi verið numið í öndverðu. Þess ber einnig að geta að sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður einnig að telja fremur ólíklegt að Holtamannaafréttur hafi verið numinn, sbr. kafla 6.3.1. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.[1]

6.3. Holtamannaafréttur

Hér verður fyrst fjallað um staðhætti og gróðurfar á Holtamannaafrétti, því næst kröfur málsaðila annarra en Landsvirkjunar og sjónarmið þeirra og loks gerð grein fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar. Um Landsvirkjun er fjallað í kafla 6.4.

6.3.1. Staðhættir og gróðurfar[2]

Landsvæði það, sem nefnt hefur verið Holtamannaafréttur, tilheyrir sunnanverðu miðhálendi Íslands.[3] Svæði þetta afmarkast til vesturs, norðurs og austurs af sveitarfélaga- og sýslumörkum, nánar tiltekið af Gnúpverjaafrétti (Árnessýslu), landsvæðum í fyrrum Akrahreppi (Skagafjarðarsýslu) og Bárðdælahreppi (Suður-Þingeyjarsýslu), nú innan Þingeyjarsveitar, og Skaftártunguafrétti (Vestur-Skaftafellssýslu). Til suðurs er Landmannaafréttur.

Holtamannaafréttur liggur að mestu í 400-1200 m yfir sjávarmáli.[4] Mesta fjarlægð frá syðsta til nyrsta hluta Holtamannaafréttar í beinni loftlínu er u.þ.b. 95 km. Mesta fjarlægðin frá austasta til vestasta hluta afréttarins er u.þ.b. 35 km. Land rís hæst í 1344 m yfir sjávarmál rétt vestan Kvíavatns á norðanverðum vesturafréttinum. Holtamannaafréttur er að mestu gróðurlaus fjöll, hraun og sandur. Fjöldi stöðuvatna er þar, áa og lækja. Einnig eru víða litlir gróðurblettir, einkum í lægðum og dalverpum. Samkvæmt skilgreiningum náttúrufræðinnar er landi skipt í gróðurfarsleg hæðabelti; láglendisbelti frá sjávarmörkum að 100-150 m hæð, hlíðabelti að 300-400 m hæð og fjallbelti ofan þeirra marka. Eftir því sem hærra dregur verður landið tegundasnauðara, uppskeruminna og rýrara vegna verri veðurskilyrða. Holtamannaafréttur er nánast allur í fjallbeltinu.

Kaldakvísl skiptir Holtamannaafrétti í tvennt, frá norðri til suðurs. Vestari hlutinn liggur á milli Þjórsár og Köldukvíslar og allt norður undir Sprengisand, Tungnafellsjökul og Vonarskarð. Svæðið er gróðursnautt, hálent og fjalllent. Norðvesturhlutinn er frekar hallalítill en halli eykst eftir því sem austar dregur og eins og áður segir rís land þar hæst (1344 m). Fyrir miðju svæðinu er Kvíslarvatn í 600 m hæð yfir sjávarmáli og þar í kring er aðalvatnasvæði vestur hlutans. Norðan Sauðafellslóns í Köldukvísl er Sauðafell (773 m) og Þveralda (754 m) ásamt Þverölduvatni tæpum 10 km norðan Sauðafells. Um 6,5 km norðan Þveröldu er Hnöttóttaalda (788 m) og Skrokkalda (922 m) um 10,5 km þar til norðausturs. Norðaustan Skrokköldu er Nyrðri-Háganga (1267 m) og Syðri-Háganga (1055 m) um 5,5 km sunnar. Á afréttinum hefur Landsvirkjun reist virkjanir með vatnsmiðlunum og lónum, sjá umfjöllun í kafla 6.4.

Eystri hluti Holtamannaafréttar liggur á milli Köldukvíslar og Tungnaár og teygir sig norður til Köldukvíslarjökuls. Landsvæði þetta liggur hátt og er mest um fjalllendi syðst, þ.e. sunnan Þórisvatns (575 m). Norðan Þórisvatns, sem er stærsta stöðuvatn landsins, eru Hágönguhraun og Veiðivatnahraun, hallalitlar og víðfeðmar hraunbreiður. Gjáfjöll og Heljargjá er fjallbreiður sem standa

1 Sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

2 Kafli 6.3.1. er byggður á skýrslu Ingva Þorsteinssonar, ráðgjafa óbyggðanefndar á sviði náttúrufræði, sbr. skjal nr. 8, útgefnum kortum Landmælinga Íslands, örnefnaskrám frá Örnefnastofnun Íslands, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.4., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

3 Eins og það er skilgreint í svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands 2015, dags. 10.5.1999.

4 Í skýrslu Ólafs Arnalds og fl., *Jarðvegsrof á Íslandi* (Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997), segir að landsvæði þetta sé u.þ.b. 2073 km^2 að flatarmáli.

þar upp úr að austanverðu en Vatnsleysuöldur að vestanverðu. Nyrst á eystri hluta Holtamannaafrétti er land hallalítið, sendið og gróðursnautt.

Holtamannaafréttur er nú að mestu gróðurlaus auðn, sbr. málsskjal nr. 8. Aðalgróðurlendið er á Búðarhálsi en hann liggur suðvestast á vestari hluta afréttarins. Einnig er gróðurlent í Þóristungum, suðaustan undir Búðarhálsi. Þá eru litlir gróðurblettir víða á afréttinum, einkum í lægðum og dalverpum, svo sem í Illugaveri norðan Sauðafells. Allmikill gróður er einnig í Sóleyjarhöfða við Þjórsá, norðan Búðarháls, og austan Þjórsár í Þjórsárverum. Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (1997) um jarðvegsrof á Íslandi flokkast landsvæðið Holtamannaafréttur á eftirfarandi hátt: 92% auðnir, 3% rýrt, 3% fremur rýrt og einungis 2% sem vel gróið land. Af þessu má sjá að afrétturinn er gróðursnauður.[1]

Áætlað hefur verið að um landnám hafi um helmingur af heildarflatarmáli afréttarins verið þakinn gróðri, þá aðallega birkiskógi, víði, fjalldrapa og ýmsum lyngjum. Gróðurþekja afréttarins þá hefur fyrst og fremst ákvarðast af því hagstæða loftslagi sem ríkt hafði í landinu, gerð berggrunnsins, vatnsheldni hans, og hæð landsins yfir sjávarmáli. Víða hefur eldfjallaaska og vikur á yfirborði staðið í vegi fyrir því að gróður næði að festa rætur.

Mest hefur gróðureyðingin verið á nyrðri og hálendari svæðum afréttarins, þar sem gróðurfarsleg skilyrði eru erfið. En mikil gróðureyðing hefur einnig orðið á suðurhluta hans sem liggur lægra, ekki síst vegna nálægðarinnar við Heklu og gosstöðvarnar á Tungnaársvæðinu.

6.3.2. Kröfugerð aðila

Kröfulína íslenska ríkisins um þjóðlendu liggur yfir landsvæði sem til meðferðar eru í öðrum málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd. Holtamannaafréttur liggur norðan þessara landsvæða og miðað við þessa kröfugerð er hann því allur í þjóðlendu.

Á hinn bóginn hafa Ásahreppur og Rangárþing ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra gert kröfu um beinan eignarétt að Holtamannaafrétti. Kröfum málsaðila er nánar lýst í kafla 3.

Um kröfur Landsvirkjunar er fjallað í kafla 6.4. og vísast þangað.

6.3.3. Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins, sbr. skjöl nr. 1 og 1 (4), er byggt á því að grundvöllur beins eignarréttar að landi hafi í öndverðu verið nám og síðan áframhaldandi framsal á þeim eignarréttindum. Vísar ríkið til þess að hvorki verði ráðið af Landnámu né öðrum heimildum að land norðan kröfulínu ríkisins hafi verið numið. Því verði að leggja til grundvallar að landið hafi verið tekið afnotatöku þannig að réttur til landsnytja grundvallist á langri venju.

Ríkið heldur því fram að frá öndverðu hafi landið skipst í jarðir og önnur lönd. Á þjóðveldisöld hafi risið byggð frjálsra bænda sem áttu bújarðir sínar, höfðu afnotarétt af afréttum og lögbundin umferðar- og afnotarétt af öðru landi. Á 11. öld hafi að mestu verið lokið skiptingu landsins í smærri og fleiri jarðir en það hafi haft í för með sér að fleiri hafi þurft á afréttum að halda þannig að leggja varð svæði undir afrétti. Ekki sé vitað nákvæmlega hvenær nám á landi hafi ekki lengur verið heimilt og bann lagt við frekari töku á landi undir afrétti en það hafi verið þegar á þjóðveldisöld.

Ríkið vísar til þess að eftir setningu þjóðlendulaga á árinu 1998 hafi Ísland skipst í þjóðlendur og eignarlönd. Af dómafordæmum Hæstaréttar og þeim úrskurðum sem þegar hafi fallið hjá óbyggðanefnd verði ráðið að land teljist þjóðlenda ef réttur til þess hefur í upphafi stofnast þannig að land hafi verið tekið sumarbeitar fyrir búpening og ef til vill annarra takmarkaðra nota.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur ríkið að almenn rök og samfelld réttarþróun allt til þjóðlendulaga leiði til þess að ríkið sé eigandi af því svæði sem mál þetta tekur til að virtum rétti afréttareigenda til upprekstrar og annarra lögbundinna hagnýtingarheimilda.

1 Ólafur Arnalds og fl. 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi.* Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins.

Af hálfu Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, sbr. skjöl nr. 5 og 5 (4), er því haldið fram að Holtamannaafréttur hafi verið undirorpinn beinum eignarrétti allt frá landnámsöld. Landið hafi upphaflega verið numið og hagnýtt allar götur síðan af íbúum í Holta- og Landsveit. Þannig hafi afrétturinn verið bundinn einkaeignarrétti sem ekki hafi fallið niður. Sveitarfélagið telur engu breyta í þessu tilliti þótt ekki séu fyrir hendi glöggar heimildir um landnám og mörk þeirra í einstökum tilvikum enda hafi markmiðið með ritun Landnámu ekki verið að lýsa landamerkjum. Þvert á móti verði að líta til þess landsvæðið hafi verið byggilegra fyrr á öldum en í dag eftir uppblástur og gjóskufall. Þá hafnar sveitarfélagið því að réttthafar yfir afréttinum verði að geta rakið eignarheimildir sem fylgt hafi jörðum þeirra frá ómunatíð. Þess í stað verði ríkið að sýna fram á að landið sé ekki undirorpið eignarrétti fyrir hefð og venjurétt.

Sveitarfélögin telja þann skilning ríkisins rangan að afréttur geti ekki talist eignarland. Hugtakið afréttur lýsi eingöngu notkun á landsvæði en segi ekkert til um eignarhald þess. Frá fornu fari hafi öll hlunnindi afréttarins verið nýtt eftir því sem lög og geta manna hafi leyft. Þessar heimildir til hagnýtingar landsins hafi verið á hendi landeigenda enda fari saman eignarréttur og heimild til hagnýtingar þar sem afrétturinn hafi einkaeignarréttarlega stöðu. Því sé ljóst að afrétturinn hafi ætíð verið undirorpinn eignarrétti líkt og önnur eignarlönd.

Sveitarfélögin benda á að fyrir hendi séu glöggar lýsingar á landamerkjum Holtamannaafréttar sem ekki hafi verið vefengdar af umboðsmönnum opinbers valds. Þessar lýsingar bendi til að allt land inna viðurkenndra landamerkja sé eignarland og sá sem vilji hnekkja því beri sönnunarbyrðina. Það sem liggi fyrir um landnám sé einnig til stuðnings kröfum þeirra sem telji til réttar á svæðinu.

Þá vísa sveitarfélögin til þess að dómstólar hafi ekki fram til þessa hafnað því að afréttir séu eign þeirra jarða sem hagnýtt hafi þá frá alda öðli til upprekstrar, veiða, nýtingu fjallagrasa, róta o.fl.

Að lokum benda sveitarfélögin á að hreppsnefndir Ása-, Holta- og Landmannahrepps hafi skrifað undir samkomulag 29. nóvember 1892 um að Ásahreppur skyldi eiga upprekstur á Holtamannaafrétt með Þóristungum en Holta- og Landmannahreppur á Landmannaafrétti. Þegar Djúpárhreppi hafi verið skipt úr Ásahreppi árið 1936 hafi síðan verið gert samkomulag um að $^{4}/_{7}$ hlutar Holtamannaafréttar tilheyrðu Ásahreppi en $^{3}/_{7}$ Djúpárhreppi. Við þessa skiptingu Ásahrepps hafi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefið út bréf 13. janúar 1936 til sýslumannsins í Rangárvallasýslu þar sem mælt sé fyrir um skiptinguna. Þar segi svo um fjárskipti hreppanna: „Afréttur núverandi Ásahrepps skal vera sameign hinna nýju hreppa.“ Telja sveitarfélögin að berlega komi fram í þessu bréfi sú afstaða ríkisins til eignarhalds á afréttinum að hann sé í sameign hreppanna.

Um sjónarmið Landsvirkjunar er fjallað í kafla 6.4. og vísast þangað.

6.3.4. Niðurstaða óbyggðanefndar

Í kafla 5 hér að framan eru rakin þau gögn málsins sem fjalla um landsvæði það sem nefnt er Holtamannaafréttur. Gögn þessi eru afrakstur af skjalaframlagningu málsaðila, skýrslutökum við aðalmeðferð málsins og kerfisbundinni leit á vegum óbyggðanefndar að frumheimildum um merki, ráðstafanir að eignarrétti og nýtingu þessa landsvæðis.[1] Af þeim er ótvírætt að við gildistöku þjóðlendulaga hefur það talist til afrétta, samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma.[2] Hvort í því hafa falist bein eða óbein eignarréttindi til landsvæðisins, þ.e. hvort þar er eignarland eða þjóðlenda samkvæmt skilgreiningum í 1. gr. þjóðlendulaga, er hins vegar atriði sem þarfnast nánari athugunar.

Kemur þá fyrst til umfjöllunar hvað ráðið verður af heimildum um afmörkun Holtamannaafréttar. Í því sambandi verður einnig litið til merkja aðliggjandi landsvæða. Að því er þau varðar

1 Sjá nánar í kafla 4.

2 Sbr. umfjöllun um hugtakið afréttur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

skal þess getið að í málum nr. 2/2003 og 7/2003 á svæði 3 hjá óbyggðanefnd er komist að þeim niðurstöðum að Landmannannaafréttur og Skaftártunguafréttur séu þjóðlendur. Gnúpverjaafréttur var einnig úrskurðaður þjóðlenda í máli nr. 7/2000. Um landsvæði norðan sveitarfélaga- og sýslumarka á Sprengisandi hefur ekki verið fjallað hjá óbyggðanefnd.

Ekkert landamerkjabréf var gert fyrir Holtamannaafrétt í kjölfar setningar landamerkjalaga 1882. Fyrstu eiginlegu merkjalýsingu Holtamannaafréttar er að finna í sóknarlýsingu frá árinu 1841. Einnig er til lögfesta allra búenda í Holtasveit og Landsveit yfir Þjórsártungum frá 27. desember 1856. Loks liggur fyrir merkjalýsing í afréttarskrá sýslumanns Rangárvallarsýslu frá árinu 1985, byggð á samhljóða lýsingu oddvita Ásahrepps og oddvita Djúpárhrepps frá 5. september 1979. Lýsing oddvitanna er samin tæpum hundrað árum eftir gildistöku upphaflegra landamerkjalaga. Ekki verður séð að hún hafi fengið þá meðferð sem landamerkjalög mæla fyrir um varðandi landamerkjabréf. Á þessa yfirlýsingu verður því að líta sem einhliða staðfestingu oddvitanna á heildarlandamerkjum afréttarins.

Ekki eru fleiri heimildir um afmörkun Holtamannaafréttar en þær sem að framan greinir. Þannig var hvorki gert landamerkjabréf fyrir afréttinn í kjölfar setningar landamerkjalaga 1882 né 1919. Þá er mörkum hans ekki lýst í þeim fjallskilareglugerðum sem settar hafa verið fyrir Rangárvallasýslu frá árinu 1894 til þessa dags. Í 4. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 157/1943 kemur hins vegar fram að það skuli vera afréttir sem áður hafi verið. Sambærilegt ákvæði er að finna í 5. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Rangárvallasýslu nr. 239/1974 sem og í 4. gr. gildandi fjallskilasamþykktar fyrir Rangárvallasýslu nr. 157/1990.

Verður þá fyrst litið til vesturmerkja Holtamannaafréttar, gagnvart Gnúpverjaafrétti (Árnessýslu). Allar fyrirliggjandi lýsingar á merkjum Holtamannaafréttar miða vesturmerki við Þjórsá, þ. á m. yfirlýsing oddvitanna 1979. Sama máli gegnir um kröfugerð Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi í máli þessu. Í máli nr. 7/2000 hjá óbyggðanefnd, Gnúpverjaafréttur, Þjórsárdalur og efstu jarðir í Gnúpverjahreppi, er einnig komist að þeirri niðurstöðu að merki þess afréttar til austurs liggi í Þjórsá.

Suðurmerki Holtamannaafréttar eru gagnvart Landmannaafrétti. Um þau er hvorki fjallað í framangreindri sóknarlýsingu frá 1841 né lögfestu frá 1856, að öðru leyti en varðar Tungnaá, sjá nánar umfjöllun um austurmerki. Hinn 7. ágúst 1951 var hins vegar gerð sátt fyrir landamerkjadómi Rangárvallasýslu í landamerkjamálinu „Hreppsnefnd Landmannahrepps f.h. hreppsins gegn landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs, o.fl.“ Auk Landmannahrepps áttu Ása- og Djúpárhreppur aðild að þessari sátt, meðal annarra. Í henni felst að mörk Landmannaafréttar og Holtamannaafréttar skyldu vera þessi:

> ... eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá í Blautukvísl, eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna, þaðan í Þóristind og þaðan sjónhendingu í Þveröldu og úr Þveröldu í Svartakamb þar sem hann er hæstur, þaðan þvert á Tungnaá, ...

Við þessi sömu mörk er miðað í Landmannaafréttardómi fyrri (H 1955 108) og síðari (H 1981 1584). Sama máli gegnir um yfirlýsingu oddvitanna 1979, kröfugerð vegna Holtamannaafréttar í máli þessu og kröfugerð málsaðila vegna Landmannaafréttar í máli nr. 2/2003 hjá óbyggðanefnd. Á hinn bóginn er þessum mörkum ekki lýst jafn nákvæmlega í landamerkjabréfi fyrir Landmannaafrétt, dags. 22. október 1886, en þar eru mörkin ekki dregin um Svartakamb og Blautukvíslarbotna. Lítið ber þó á milli og verður því talið að hér sé um sömu mörk að ræða.

Verður þá næst litið til austurmerkja Holtamannaafréttar, gagnvart Skaftártunguafrétti og Vatnajökli. Samkvæmt lögfestu yfir Þjórsártungur frá 1856, sbr. einnig sóknalýsingu 1841, liggja merkin í Tungnaá. Sama máli gegnir um yfirlýsingu oddvitanna 1979 og kröfugerð Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi í máli þessu. Í

máli nr. 7/2003 hjá óbyggðanefnd, Álftaver og Skaftártunga, er einnig komist að þeirri niðurstöðu að merki til vesturs liggi í Tungnaá. Kröfugerð Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu í máli nr. 7/2003 hjá óbyggðanefnd miðar afmörkun Skaftártunguafréttar einnig við upptök Tungnaár en draga þau með öðrum hætti á kort. Verður nú hugað nánar að því atriði.

Upptök Tungnaár eru við Vatnajökul, nánar tiltekið við skriðjökulinn Tungnaárjökul. Áin liggur í mörgum og breytilegum kvíslum við jökulinn og upptök hennar því á allbreiðu belti. Af hálfu Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi er miðað við upptök Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum við Tungnaárjökul. Af hálfu Skaftárhrepps fyrir hönd eigenda jarða í fyrrum Skaftártungu í máli nr. 7/2003 hjá óbyggðanefnd er hins vegar miðað við upptök Tungnaár í Innri-Tungnaárbotnum við Sylgjujökul, norðan (vestan) við Jökulgrindur. Samkvæmt greinargerð Odds Sigurðssonar jarðfræðings, sbr. skjal nr. 11, hefur kvíslin sem rennur úr Sylgjujökli vestan (norðan) Jökulgrinda, alltaf verið lítil miðað við heildarrennslið. Þá segir þar að aðalupptök Tungnaár hafi a.m.k. lengst af sögulegum tíma verið í Fremri-Tungnaárbotnum. Verður því miðað við það hér að svo sé. Þess skal jafnframt getið að með hliðsjón af framangreindu er það einnig niðurstaða óbyggðanefndar í máli nr. 7/2003 að merki Skaftártunguafréttar gagnvart Holtamannaafrétti nái ekki lengra norður en að upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við Tungnaárjökul.

Norðurmörk Holtamannaafréttar koma ekki fram í sóknarlýsingu frá 1841 en í lögfestu frá 1856 kemur fram að afrétturinn nái „Frá Tungná að sunnan og til Sprengisands að norðan og vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá héraða á millum“. Í lýsingu oddvitanna frá 1979 eru merkin dregin upp eftir Tungnaá „og allt upp til jökla, síðan til Vonarskarðs, Tungnafellsjökuls og loks norður á Sprengisand en þar ráða vatnaskil... “. Í kröfugerð Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi í máli þessu er gerð krafa um að norðurmerki Holtamannaafréttar og beinn eignarréttur „fylgi Þjórsá „eftir miðjum farvegi“ að Fjórðungakvísl. Þaðan eftir Fjórðungakvísl „miðjum farvegi“ í punkt við Jökuldal. Þaðan eftir Jökuldal, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í „miðjum farvegi“ Nýjadalsár. Þaðan í austasta punkt í hæðapunkt 1115. Þaðan í Deili, hæð 1125, og þaðan beint í Bárðarbungu, hæð 2009.“ Er þá komið inn á Vatnajökul. Um þessa lýsingu er vísað til tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálendinu frá árinu 1996. Lýsing oddvitanna frá 1979 er þannig ekki eins nákvæm en miðar að mestu við svipaðar slóðir, þó þannig að hún teygir sig norður að Tungnafellsjökli en kröfugerðin nær ekki svo langt. Afmörkun óbyggðanefndar á því svæði sem hér er til meðferðar miðast við sömu tillögur starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálendinu frá árinu 1996, sbr. einnig afmörkun í kafla 2.4. Svæðið þar norðan við er þannig ekki til meðferðar í máli þessu.

Ekki verður séð að landsvæðin norðan við framangreinda stjórnsýslumarkalínu séu innan lýstra landamerkja jarða eða að afréttarlýsingar á þessu svæði skarist við framangreinda afmörkun Holtamannaafréttar.

Því er áður lýst hvernig krafa Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi í máli þessu gerir ráð fyrir að norðurmerki Holtamannaafréttar, og beinn eignarréttur þeirra, liggi úr Deili og í Bárðarbungu á Vatnajökli. Úr Bárðarbungu er dregin lína suðvestur yfir jökulinn, yfir Kerlingar við jaðar hans, og í upptök Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við Tungnaárjökul. Um þessa lýsingu er vísað til tillögu starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálendinu frá árinu 1996, sbr. einnig afmörkun í kafla 2.4. Kröfugerð íslenska ríkisins felur hins vegar í sér að umræddur hluti Vatnajökuls sé þjóðlenda.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til þess að merki Holtamannaafréttar hafi náð í Bárðarbungu enda verður jökull eðli máls samkvæmt ekki notaður til sumarbeitar fyrir búfé. Afmörkun starfshóps um stjórnsýslumörk á miðhálendinu frá árinu 1996 hefur enga þýðingu að þessu leyti. Krafa Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum

Djúpárhreppi um að merki Holtamannaafréttar og beinn eignarréttur þeirra nái til umrædds hluta Vatnajökuls verður því ekki talin geta stuðst við heimildir um merki Holtamannaafréttar en um önnur þau atriði sem kröfu þessa varða er fjallað síðar.

Svo sem hér hefur verið rakið var hvorki gert landamerkjabréf fyrir Holtamannaafrétt í kjölfar gildistöku landamerkjalaga frá árinu 1882 né gildandi laga frá árinu 1919. Þannig liggur ekki fyrir lögformleg lýsing á heildarmerkjum afréttarins. Heildstæðasta lýsingin á merkjum afréttarins er lýsing oddvita Ásahrepps og oddvita Djúpárhrepps frá árinu 1979. Sú lýsing er í samræmi við dómsátt frá árinu 1951 um mörk aðliggjandi Landmannaafréttar, svo og landamerkjabréf frá árinu 1886 fyrir sama afrétt. Þá verður ekki séð að lýsing oddvitanna sé í ósamræmi við lögfestu fyrir Þjórsártungur frá árinu 1856. Óbyggðanefnd telur jafnframt að líta verði til þess að landsvæði þetta er að hluta skýrt afmarkað af jökli og ám. Fyrirliggjandi gögn benda því til þess að landamerki Holtamannaafréttar sé rétt dregin í lýsingu oddvitanna, að teknu tilliti til þess er að framan greinir um norðurmerki.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan merkja Holtamannaafréttar svo sem þau hafa verið skilgreind hér að framan. Þar ber þess fyrst að geta að hvorki af Landnámu né öðrum rituðum heimildum verður ráðið að landsvæði það, sem hér er til umfjöllunar, hafi í öndverðu verið numið í heild eða að hluta, sbr. kafla 6.2. Svo sem að framan er lýst er landsvæði þetta hálent, gróðurlítið og liggur langt frá byggð. Sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður þannig einnig að telja fremur ólíklegt að Holtamannaafréttur hafi verið numinn, sbr. kafla 6.3.1. Óvissa um aðferðir við landnám er þó of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli, sbr. umfjöllun um landnám í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Holtamannaafréttur og Landmannaafréttur eiga sér sameiginlega forsögu enda voru þessi landsvæði lengi nýtt sameiginlega af íbúum í Holtamannahreppi hinum forna og Landmannahreppi. Árið 1892 skiptist Holtamannahreppur í Holtahrepp og Ásahrepp og af því tilefni gerðu hrepparnir samkomulag um að Holtamannaafréttur skyldi tilheyra Ásahreppi og Landmannaafréttur Holtahreppi og Landmannahreppi.

Þegar Holtamannaafréttar er getið í skriflegum heimildum er það fyrst og fremst í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1710 kemur þannig fram að bændur í Holtamannahreppi hafi brúkað Landamannaafrétt til félags með Landmönnum og Landmenn á sama veg Holtamannaafrétt fyrir norðan eða innan Tungnaá. Einnig er vikið að Holtamannaafrétti í sóknarlýsingu á Efri-Holtaþingum frá 1840 og tekið fram að afréttur Holtamanna sé fyrir innan Landmannaafrétt. Upprekstur þangað hafi Holtasveit og Landsveit báðar í sameiningu eins og á Landmannaafrétt. Þá segir í sóknarlýsingu séra Jóns Torfasonar í Landþingum frá árinu 1841 að auk Landmannaafréttar eigi sveitin annan afrétt í félagsskap við Holtasveit, sem nefndur sé Holtamannaafréttur út við Þjórsá en fyrir innan Tungnaá. Er tekið fram að landsvæðið kallist „Búðarháls (fyrrum Þjórsártungur) og rennur all mikill kvísl, nefnd Kaldakvísl, austan undir honum. Ætla menn hún komi úr Vatnajöklinum svokölluðum. Þeir, sem leita þennan afrétt á haustum, fara allt til Biskupsþúfu og Sprengisands norður.“ Í sóknarlýsingunni er einnig vikið að því að á afréttinum sé svæði sem notuð hafi verið til rótargraftar, svo sem Þóristungur utast og syðst í krók þeim sem myndast af kvíslinni og Tungnaá.

Hinn 27. desember 1856 var undirrituð lögfesta yfir Þjórsártungur í nafni allra búenda í Holtasveit og Landsveit. Í skjalinu er vísað til dóms frá Ytrivöllum á Landi um Þjórsártungur frá árinu 1476 og lögfestur undir báðar sveitirnar „afrétt þann er fyrrum nefndist Þjórsártungur en nú á dögum nefnt Holtamannaafréttur og Þóristungur“. Mörkum afréttarins er lýst, svo sem áður hefur verið gerð grein fyrir. Í kjölfar þess að lögfestan var undirrituð báru hreppstjórar í Land- og Holtasveit fram kæru á árinu 1858 á hendur utanhéraðsmönnum fyrir fugla- og silungsveiði. Því máli lauk með dómi sýslumanns 21. september 1858 en sá dómur var ómerktur með dómi Landsyfirréttar 5. desember 1859, svo sem nánar er rakið í kafla 5.2. Þá er Holtamannaafréttur tilgreindur í afréttarskrá

sýslumanns Rangárvallarsýslu frá árinu 1985, sbr. samhljóða lýsingu oddvita Ásahrepps og oddvita Djúpárhrepps frá 5. september 1979, og fjallskilareglugerðum fyrir Rangárvallasýslu frá 1894 og síðar.

Samkvæmt framangreindu hafa búfjáreigendur í Holtamannahreppi hinum forna, síðar Ásahreppi og Djúpárhreppi, haft af Holtamannaafrétti hefðbundin afréttarnot, undir umsjón sveitarfélagsins/-félaganna, á sama hátt og gildir um samnotaafrétti almennt. Ekki verður annað séð en að það fyrirkomulag hafi verið ágreinings- og athugasemdalaust. Ekkert liggur fyrir um að Holtamannaafréttur hafi nokkurn tíma verið nýttur til annars en sumarbeitar fyrir búfé og ef til vill annarra takmarkaðra nota, en um framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar vísast til kafla 6.4.

Engin gögn liggja fyrir um það hvernig jarðir í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi eru komnar að rétti sínum til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til Holtamannaafréttar hafi orðið til á þann veg, að íbúar í Holtamanna- og Landmannahreppum hinum fornu hafi tekið landsvæði þetta, ásamt Landmannaafrétti, til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Síðar hafa viðkomandi hreppar skipt með sér afréttarnotum þannig að not Holtamannaafréttar tilheyra nú Ásahreppi og Djúpárhreppi, hinn síðarnefndi nú innan Rangárþings ytra. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu Ásahrepps og Rangárþings ytra, vegna sveitarfélaganna sjálfra og fyrir hönd jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, að landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé um þjóðlendu að ræða.[1]

Heimildir benda hins vegar til þess að um afrétt jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi hafi verið að ræða.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið fjallað um, eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Engin gögn liggja fyrir um að landsvæði þetta hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Verður þá tekin afstaða til kröfu Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi um beinan eignarrétt að hluta Vatnajökuls sem samkvæmt framangreindu er ekki innan merkja Holtamannaafréttar.

Óbyggðanefnd telur ekkert liggja fyrir um hvort og þá með hvaða hætti stofnast hafi til beins eignarréttar að umræddum hluta Vatnajökuls. Eins og notkun landsins hefur verið háttað hefur ekki heldur verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Af hálfu Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi hefur ekki verið sýnt fram á að landsvæði það á og undir Vatnajökli, utan landamerkja Holtamannaafréttar, sem af þeirra hálfu er gerð krafa um að talið verið til eignarlands, sé eignarland, hvorki fyrir nám, hefð, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að framangreint svæði sé þjóðlenda.

Eftir er þá að taka endanlega afstöðu til merkja Holtamannaafréttar sem samkvæmt framangreindu er þjóðlenda og afréttur jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, og aðliggjandi hluta Vatnajökuls sem einnig er þjóðlenda, sbr. kafla 6.5. Óbyggðanefnd telur ljóst að ákvarða þurfi mörk þess svæðis sem samkvæmt framangreindu er afréttur að því leyti sem það liggur að jökli, til frambúðar, sbr. b-lið 7. gr. l. nr. 58/1998. Ljóst er að jaðar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Með hliðsjón af því að hér er um einhliða ákvörðun afréttarmarka að ræða en ekki mörk

1 Sbr. einnig lokakafla í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands telur óbyggðanefnd þó fullnægjandi að miða einfaldlega og án hnitasetningar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Ekki verður séð að frekari rannsókn á þessu atriði hafi hagnýta þýðingu í þessu sambandi enda er eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðast af gróðurfari og hefur ekki þýðingu í öðru sambandi.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Holtamannaafréttur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Að vestan af Þjórsá frá ármótum Tungnaár og Þjórsár í Sultartangalóni norður að ármótum Þjórsár og Fjórðungakvíslar. Að norðan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvíslar í punkt við Jökuldal. Þaðan eftir Jökuldal, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvíslar. Þaðan í austasta punkti í hæðarpunkt 1115 m. Þaðan í Deili, hæð 1125 m, og þaðan að jökuljaðrinum í stefnu til Bárðarbungu, hæð 2009 m. Að sunnan fylgja mörkin Tungnaá frá ármótum við Þjórsá um Hrauneyjarlón og Krókslón að útfalli Blautukvíslar. Austurmörkin eru síðan frá þeim stað í stefnu í Þóristind og þaðan efst í Þveröldu austan Þórisvatns. Úr Þveröldu er síðan dregin lína í austsuðaustur efst í Svartakamb og þaðan út í Tungnaá. Fylgja mörkin síðan meginfarvegi Tungnaár allt að jökuljaðri í Fremri-Tungnaárbotnum. Þaðan fylgja mörkin síðan jökuljaðrinum uns línan milli Deilis og Bárðarbungu sker jökuljaðarinn. Miðað er við jökuljaðarinn eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998.

Sama landsvæði er afréttur jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

Það er einnig niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það á Vatnajökli sem hér er til meðferðar, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Þaðan sem lína úr Deili, hæð 1125 m, og í Bárðarbungu, hæð 2009 m, sker jökuljaðarinn og áfram í Bárðarbungu (hæð 2009 m). Úr Bárðarbungu yfir Kerlingar og þaðan að upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við jaðar Tungnaárjökuls. Á milli tveggja fyrrnefndra punkta við jaðar Vatnajökuls er miðað við jökuljaðar eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998.

Eftirtaldir hlutar þess svæðis, sem hér hefur verið lýst, þjóðlenda og afréttur Ásahrepps og fyrrum Djúpárhrepps, nú innan Rangárþings ytra, eru háðir sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. nánari skilgreiningu í náttúruminjaskrá: „Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur)“ og „Friðland í Þjórsárverum“, sbr. auglýsingu nr. 507/1987.

6.4. Um kröfur og réttindi Landsvirkjunar

Í eftirfarandi kafla verður fyrst gerð grein fyrir þeim einkaréttarlegu samningum og heimildum sem Landsvirkjun hefur átt aðild að með beinum eða óbeinum hætti, fyrirtækið byggir kröfur sínar á og þýðingu hafa fyrir mat á réttarstöðu þess á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Þá verður gerð grein fyrir þeirri löggjöf sem á hverjum tíma hefur tekið til starfsemi og réttinda Landsvirkjunar og fyrir-

tækið vísar til um réttindi sín. Að því búnu verður gerð grein fyrir hinum almenna þætti í niðurstöðum óbyggðanefndar og loks ákvörðuð sérstaklega réttarstaða fyrirtækisins á því svæði sem mál þetta tekur til. Áður en þessi efnisatriði verða rakin verður fjallað um málsástæður og röksemdir aðila.

6.4.1. Sjónarmið íslenska ríkisins

Af hálfu ríkisins er kröfum Landsvirkjunar mótmælt að svo miklu leyti sem þær fara í bága við niðurstöðu óbyggðanefndar í máli nr. 7/2000. Vísar ríkið til þess að nefndin hafi í því máli gert ítarlega rannsókn að lagaheimildum sem varða Landsvirkjun ásamt því að kanna tiltæk lögskýringargögn.

Af hálfu Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi er kröfugerð Landsvirkjunar mótmælt og því haldið fram að fyrirtæki eigi einungis afnotarétt að vatnsréttindum og tilteknum landsvæðum, auk þess að eiga sín mannvirki. Land í kringum mannvirkin sé hins vegar ekki í eigu Landsvirkjunar. Lagaheimildir Landsvirkjunar nái einungis til nýtingar en ekki beins eignarréttar.

6.4.2. Sjónarmið Landsvirkjunar

Landsvirkjun heldur því fram að bein og óbein eignarréttindi fyrirtækisins á því svæði, sem hér er til meðferðar, felist fyrst og fremst í vatnsréttindum, heimildum til bygginga og rekstri orkuvera og mannvirkja sem þeim eru tengd. Þessi réttindi reisir Landsvirkjun á einkaréttarlegum heimildum og lögum, þar með talið virkjunar- og framkvæmdarleyfum ráðherra fyrir hverja einstaka virkjun en síðar í úrskurðinum verður nánar vikið að þessum heimildum.

Af hálfu Landsvirkjunar er því haldið fram að með 2. gr. laga nr. 37/1971, sem bætti nýrri málsgrein við 4. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 59/1965, hafi verið samþykkt að Landsvirkjun tæki við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss. Vísar Landsvirkjun til þess að fram komi í athugasemdum með frumvarpi til laganna að virkjanir fyrirtækisins í Tungnaá geri það óhjákvæmilegt að Landsvirkjun öðlist nauðsynleg vatnsréttindi og önnur réttindi þeirra vegna sem ríkið eigi yfir að ráða. Einnig komi fram að fyrrgreindu lagaákvæði sé ætlað að tryggja Landsvirkjun þessi réttindi. Þá hafi fyrirtækinu verið veitt heimild með 4. gr. laga nr. 37/1971, sem breytti 6. gr. laga nr. 59/1965, til að reisa raforkuver í Þjórsá við Búrfell, í Tungnaá við Hrauneyjarfoss og í Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum fyrir allar virkjanirnar. Loks hafi fyrirtækið fengið heimild til að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar voru til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma. Hafi þessar heimildir m.a. náð til stíflugerða í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá.

Landsvirkjun bendir á að við 2. umræðu frumvarps, sem varð að lögum 37/1971, í efri deild Alþingis 14. desember 1979, hafi komið fram hjá Helga Bergs alþingismanni að ekki hefðu fengist nein svör við því í iðnaðarnefnd efri deildar hvernig vatnsréttindi, sem ríkið afhenti Landsvirkjun, yrðu metin sem framlag af hálfu ríkisins. Hjá þingmanninum hefði síðan komið fram að hann gerði ráð fyrir að það yrði gert með sama hætti og gert var við stofnun Landsvirkjunar. Af hálfu Landsvirkjunar er því haldið fram að þetta sýni mætavel vilja löggjafans. Afhending réttinda ríkisins til fyrirtækisins vegna Hrauneyjarfossvirkjunar og Sigöldu hafi verið fyrirvaralaus og án takmörkunar. Því til viðbótar hafi þetta ekki leitt til breytinga á eignarhlutföllum ríkisins og Reykjavíkurborgar í fyrirtækinu.

Varðandi hugsanlega vanheimild af hálfu ríkisins við afhendingu réttinda til Landsvirkjunar bendir fyrirtækið á að betri réttur þriðja manns standi því ekki í vegi að fyrirtækið öðlist þau lands- og vatnsréttindi í Efri-Þjórsá, Köldukvísl, Tungnaá og Þórisvatni sem framseld voru bæði með samningum og lögum, svo sem síðar verður nánar rakið í úrskurðinum. Í 1. mgr. 2. gr. þjóðlendu-

laga, nr. 58/1998, segi að ríkið sé eigandi lands og hvers konar annarra landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki séu háð einkaeignarétti. Af þessu leiði að upprunaleg vanheimild, sem kunni að hafa verið fyrir hendi, hafi ekki áhrif þar sem ríkið hafi síðar öðlast fullkominn rétt yfir þeim réttindum sem framseld voru. Samkvæmt þessum rökum beri óbyggðanefnd að viðurkenna samninga sem ríkið hafi gert um ráðstöfun réttinda á svæðinu.

Landsvirkjun vísar til þess að ákveðin þáttaskil hafi orðið í starfsemi fyrirtækisins í upphafi níunda áratugarins með þátttöku Akureyrarbæjar í fyrirtækinu, gerð samnings við ríkið frá 11. ágúst 1982 um virkjunarmál og yfirtöku byggðalína, svo og nýjum lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, sem leystu eldri lög nr. 59/1965 af hólmi. Fyrir árið 1981 hafi Landsvirkjun eignast öll vatnsréttindi á vatnasvæði Efri-Þjórsár vegna Búrfells-, Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana, þar með talið miðlunarlónið Þórisvatn. Bendir fyrirtækið á að 1. mgr. 4. gr. laga nr. 42/1983, sem sett voru í beinu framhaldi af sameignarsamningi um inngöngu Akureyrarbæjar í fyrirtækið og um breytt eignarhlutföll, sé kveðið á um það með skýrum og ótvíræðum hætti að Landsvirkjun sé eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hafi eignast fyrir setningu laganna. Um þetta ákvæði segi síðan í athugasemdum með frumvarpi til laganna að Landsvirkjun haldi sem sinni eign öllum vatnsréttindum og réttindum sem Landsvirkjun hafi öðlast til virkjana í Sogi, í Þjórsá við Búrfell og í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss samkvæmt 4. gr. laga nr. 59/1965. Með þessu telur Landsvirkjun að öll tvímæli hafi verið tekin af um að fyrirtækið ætti öll vatns- og landsréttindi sem fyrirtækið hafði eignast fyrir setningu laganna enda hefði að öðrum kosti ekki verið þörf á lagagreininni.

Af hálfu Landsvirkjunar er gerð sú krafa að staðfest verði á sama veg og í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 7/2000 að Landvirkjun fari með eignarrétt þeirra mannvirkja sem kröfugerð fyrirtækisins nær til og njóti lögvarins réttar til nýtingar þeirra vegna orkuvinnslu.

Um afmörkun virkjunarsvæða og lands undir mannvirki, sem krafa Landsvirkjunar um viðurkenningu á beinum eignarrétti nær til, hefur fyrirtækið lagt fram teikningar með hnitasetningum. Hvað þetta varðar tekur Landsvirkjun fram að nauðsynlegt sé að umferð fólks á þessu svæði sé takmörkuð vegna starfseminnar og á grundvelli öryggissjónarmiða.

Loks heldur Landsvirkjun því fram að fyrirtækið hafi á grundvelli hefðar öðlast fasteignaréttindi á þessu svæði sem hugsanlega verði talið þjóðlenda og gerir þá kröfu að þau réttindi verði viðurkennd. Samkvæmt 7. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 sé ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna frá og með gildistöku laganna 1. júlí 1998. Fyrir þann tíma hafi Landsvirkjun unnið fulla hefð á landsvæði innan athafnasvæðis Hrauneyjafossvirkjunar og mannvirkjum henni tengdum, sbr. virkjunarleyfi útgefið 30. desember 1976, landsvæði innan marka athafnasvæðis Sigöldu-virkjunar og mannvirkjum henni tengdum, sbr. virkjunarleyfi útgefið 8. mars 1973 og öllu landi sem fer undir vatnsmiðlun í Þórisvatni ásamt vatninu sjálfu, sbr. leyfi til vatnsmiðlunar frá 8. júní 1970 og 7. júlí 1971.

6.4.3. Einkaréttarlegar heimildir

Í byrjun 20. aldar var mikið um sölu á vatns- og landsréttindum á Suðurlandi. Voru meðal annars seld þau vatnsréttindi sem Ásahreppur og Holtahreppur töldu sig eiga á Holtamannaafrétti.

Á aukafundi, sem haldinn var í sýslunefnd Rangárvallarsýslu að Efra-Hvoli 16. nóvember 1916, var fjallað um sölu vatnsréttinda. Í bókun frá fundi nefndarinnar segir svo:

> Oddviti sýslunefndarinnar, sýslumaður Björgvin Vigfússon, setti fundinn og skýrði nefndinni frá, að hann hefði boðað til þessa fundar samkvæmt beiðni hreppsnefndanna í Landmannahreppi, Ásahreppi og Holtahreppi, er óskuðu nú þegar, að fá samþykki sýslunefndarinnar til þess, að mega selja, leigja eða yfirfæra á annan hátt til hlutafélagsins „Titan“ í Reykjavík öll þau réttindi til vatnsafls, sem nefndum hreppum tilheyra, í Þjórsá og Tungnaá og vötnum þeim, er renna í ár þessar bæði í afréttum hrepp-

anna eða í heimalöndum þeirra er að ánum liggja og hreppsfélögin sem slík eiga sérstaklega, svo og til þess að selja, leigja eða heimili á annan hátt sama félagi allt það land og byggingarefni í nefndum afréttum, er þarf til þess, að vatnsaflið verði notað, hvort heldur væri til stíflugarða, vatnsgeyma, áveitu eða fráveitu, eða á hvern annan hátt sem með þarf til þess að vatnsaflið sjálft verði hagnýtt í félagsins þarfir.

Oddviti lagði síðan fram skriflega beiðni hreppanna hér að lútandi frá oddvita Landmannahrepps, dags. 8. þ.m., oddvita Ásahrepps, dags. 13. þ.m. og oddvita Holtahrepps, dags. 15. þ.m.

Nefndin veitti e. hlj. skilyrðislaust samþykki sitt við beiðnum öllum samkvæmt framanskráðu.

6.4.3.1. Sala Ásahrepps á vatnsréttindum í Tungnaá

Hinn 30. apríl 1916 gerði Ólafur Finnsson, prestur í Kálfholti, hreppsnefndaroddviti Ásahrepps, sem seljandi fyrir hönd sveitarfélagsins og Einar Benediktsson, fyrrverandi sýslumaður í Reykjavík, sem kaupandi samning þar sem eftirfarandi réttindi voru seld:

Það, sem selt er, eru þau réttindi tilheyrandi Ásahreppi yfir vatnsafli og vatnsnotkun í Tungnaá á Holtamanna afrétti, er kaupandi áður hefur haft tilboð um.

Kaupverðið var 4.000 krónur og var samningurinn innritaður til þinglesturs 20. september 1917 og þinglýst árið 1918.

Afsal fyrir þessum réttindum var síðan gefið út 26. janúar 1918 en þar segir svo:

Með því að fyrrverandi sýslumaður Einar Benediktsson hefur með afsalsbrjefi, dags. 2. ágúst 1916, framselt hlutafjelaginu „Taurus“ öll rjettindi sín samkvæmt framanrituðum kaupsamningi og hlutafjelagið „Taurus“ síðan með afsali dags. 4. ágúst og 21. september 1917 framselt þau hlutafjelaginu „Titan“ en bæði þessi afsöl eru 15. október síðastl. innrituð til þinglesturs í afsals- og veðmálabók Rangárvallarsýslu ... og með því að hlutafjelagið „Titan“ hefur fyrir lok síðastl. árs greitt Ásahreppi eptirstöðvar kaupverðsins 2000 – tvö þúsund – kr. þá lýsir undirrituð hreppsnefnd Ásahrepps í Rangárvallarsýslu hjermeð yfir því að hlutafjelagið „Titan“ er rjettur eigandi alls hins selda samkvæmt framanrituðum kaupsamningi og þarmeð allra þeirra vatnsafls- og vatnsnotkunarrjettinda í Tungnaá, sem þar ræðir um, að engu undanskildu.

Afsalið var innritað til þinglesturs 27. mars 1918 og þinglýst sama ár.

Hinn 30. júlí 1916 fól hreppsnefnd Ásahrepps Ólafi Finnssyni að gera framhaldssamning við Einar Benediktsson um bætur fyrir tjón á afréttarlandi sem leiða kynni af fyrrgreindum kaupsamningi frá 30. apríl 1916. Í samræmi við umboðið var gerður samningur 5. ágúst sama ár og var hann innritaður til þinglesturs 21. september 1917 og þinglýst árið 1918. Einar Benediktsson framseldi síðan samning þennan til hf. Titan 31. október 1917.

6.4.3.2. Sala Ásahrepps á vatnsréttindum í Þjórsá

Hinn 1. desember 1916 undirritaði Ólafur Finnsson, oddviti Ásahrepps, svohljóðandi yfirlýsingu:

Ég undirskrifaður oddviti hreppsnefndarinnar í Ásahreppi í Rangárvallarsýslu lýsi hér með yfir því fyrir hönd greindrar hreppsnefndar eftir ályktun sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu samkvæmt fundargjörð 16. f.m., og að tilskyldu samþykki fyrrverandi sýslumanns Einars Benediktssonar, að öll þau réttindi til vatnsafls og notkunar þess, sem Ásahreppur á eða hefur heimild til yfir Þjórsá eða þeim

straumum eða vötnum, er liggja til Þjórsár hvort heldur er fyrir löndum eða afréttum, og hvort heldur skuli notast til áveitu, fráveitu, vatnsgeymslu eða annarra mannvirkja, fyrirtækja eða stofnana, sem miða eða lúta að fyrirtækjum eða framkvæmdum til hagnýtingar vatns eða vatnsafls á réttarsvæði hreppsins, yfirfærast til hlutafélagsins Títan gegn því, að öllum skilyrðum í fyrri samningum við nefnt félag eða herra Einar Benediktsson verði fullnægt af félaginu, og að allur ágangur, skemmdir eða landspell, sem kunna að orsakast á löndum eða afréttum við stýflur, vegalagning, vatnsgeymslu eða önnur fyrirtæki, sem standa í sambandi við starfrækslu eða notkun ofangreindra réttinda, verði bætt hreppnum með tvöfalldri upphæð þess mats, sem tveir óvilhallir, dómkvaddir menn eiga að virða, ef samkomulag verður ekki milli eiganda réttindanna og þess eða þeirra, sem eiga að hagnýta sér þau.

Með yfirlýsingu 31. október 1917 samþykkti Einar Benediktsson fyrir hönd hf. Titan yfirfærslu á þessum réttindum til félagsins. Var yfirlýsing þessi innrituð til þinglesturs 11. janúar 1919 og þinglýst sama ár.

6.4.3.3. Sala Holtahrepps á vatnsréttindum á Holtamannaafrétti, Landmannaafrétti og í Þjórsá

Hinn 3. maí 1916 veitti hreppsnefnd Holtahrepps Ingimundi Benediktssyni umboð til að selja hlut hreppsins úr fossum þeim sem tilheyrðu Holta- og Landmannaafréttum. Í kjölfarið gerði Ingimundur svohljóðandi tilboð:

Samkvæmt umboði hreppsnefndarinnar í Holtahreppi dags. 3. maí 1916 gjöri jeg undirskrifaður fyrv. sýslumanni Einari Benediktssyni, eða þeim sem hann tilvísar, það tilboð að selja rjettindi hreppsins til vatnsafls og vatnsaflsnotkunar á Holta og Landmanna afréttum fyrir 2000 – tvö þúsund – krónur.

Tilboð þetta var innritað til þinglesturs 21. september 1917 og þinglýst árið 1918.

Hinn 2. ágúst 1916 framseldi Einar Benediktsson réttindi samkvæmt tilboðinu til a/s Taurus en það félag framseldi þau áfram til hf. Titan 4. ágúst 1917. Var það framsal innritað til þinglesturs 15. október 1917. Hreppsnefnd Holtahrepps afsalaði síðan Einari Benediktssyni réttindin 19. október 1917 með vísun til tilboðsins. Afsalið var innritað til þinglesturs 26. janúar 1918 og þinglýst sama ár.

Um vatnsréttindi Holtamannahrepps í Þjórsá gaf hreppurinn út samhljóða yfirlýsingu í desember 1916 og Ásahreppur, svo sem nánar er rakið í kafla 6.4.3.2. Með yfirlýsingu 31. október 1917 samþykkti síðan Einar Benediktsson fyrir hönd hf. Titan yfirfærslu á þessum réttindum til félagsins. Var yfirlýsing þessi innrituð til þinglesturs 11. janúar 1919 og þinglýst sama ár.

6.4.3.4. Sala Ásahrepps á vatnsréttindum í Köldukvísl og Þórisvatni

Með tilboði 18. september 1917, sem staðfest var af hreppsnefnd Ásahrepps 13. október sama ár, bauð sveitarfélagið hf. Titan að kaupa:

1. allan rjett til vatns og vatnsafls í Köldukvísl,
2. rjett til þess að stífla Þórisvatn og nota það sem vatnsgeymi,
3. rjett til þess að leiða Köldukvísl úr farvegi sínum eptir því sem félagið vill.

Hefur fjelagið heimild til þess að gjöra í sambandi við réttindi þessi öll mannvirki í afrjettar- eða öðru landi hreppsins, hverju nafni sem nefnast, eptir því sem félagið telur sjer hentugt, og nota landið til þeirra, m.a. til áveitu og fráveitu vatns og vatnsgeymslu, stíflur, brautir, vegi o.s.frv. og taka byggingarefni úr landinu eptir vild.

Þó hefur hreppurinn rjett til veiða í Þórisvatni að svo miklu leyti sem kemur í bága við hagsmuni og ráðstafanir fjelagsins.

Kaupverðið skal vera 10.000 – tíu þúsund – kr. og greiðast þannig ... Auk þess skal fjelagið greiða hreppsnefndinni skaðabætur eptir dómkvaddra manna mati fyrir spjöll af graslendi sem kynnu að stafa af notkun fyrrgreindra rjettinda.

Með svohljóðandi skeyti 27. nóvember 1917 fyrir hönd hf. Titan var tilboð þetta samþykkt:

Hlutafjelagið Titan samþykkir hjermeð tilboð yðar, dags. 18. nóvember síðstl. um Köldukvísl og Þórisvatn m.m. Jafnframt heldur fjelagið að sjálfsögðu fast við öll áðurfengin rjettindi þar á meðal sjerstaklega samkvæmt samningi við hreppinn dags. 5. ágúst 1916.

Samþykki þetta var innritað til þinglesturs 29. ágúst 1918 og þinglýst árið 1919.
Hinn 13. júní 1921 gaf Ásahreppur síðan út svohljóðandi afsal í samræmi við fyrra tilboð.

Með því að h/f „Titan“ hefur greitt að fullu kaupverð það, samtals kr. 10.000 – tíu þúsund – kr. sem ræðir um í tilboði því, sem ritað er hjer að framan í eptirriti, þá lýsir hreppsnefnd Ásahrepps hjermeð yfir því að hún selur og afsalar fyrrgreindu hlutafjelagi til fullrar eignar öll rjettindi þau, sem ræðir um í tilboðinu með þeim nánari skilmálum sem þar eru teknir fram.

Afsalið var innritað til þinglesturs 14. júní 1923 og þinglýst 23. sama mánaðar.

6.4.3.5. Sala Ásahrepps á eignarhluta í Gljúfurleitarfossi

Með bréfi 18. september 1917 gerði Guðjón Jónsson í Ási, oddviti Ásahrepps, hf. Titan eftirfarandi tilboð fyrir hönd hreppsins:

að selja því eignarhluta hreppsins, helming í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá ásamt rjetti til þess að nytfæra sjer á hvern hátt, sem vera skal vatnsaflið í fossinum, og ánni fyrir neðan fossinn og 1000 – þúsund – metra upp fyrir hann - eptir því, sem félaginu kynni að þykja hentug, svo og með rjetti til þess að gjöra í landi hreppsins þar umhverfis öll mannvirki, hverju nafni sem nefnist, sem fjelagið vill, og nota landið til þeirra, meðal annars til áveitu og fráveitu vatns, vatnsgeymslu, stýflur, brautir, vegi o.s.frv., og taka byggingarefni úr landinu eptir vild. Þó skal fjelagið greiða hreppnum skaðabætur eptir dómkvaddra manna mati fyrir spjöll á graslendi, sem kynnu að vera gjörð lengra frá ánni, en 1 – einn – kílómetra.

Tilboðið var innritað til þinglesturs 27. mars 1918 og þinglýst sama ár.
Með símskeyti hf. Titan 27. nóvember 1917 til oddvita Ásahrepps var tilboð þetta samþykkt.
Hinn 26. janúar 1918 gaf Ásahreppur síðan út svohljóðandi afsal þar sem sveitarfélagið lýsir hf. Titan:

rjettan eiganda eignarhluta hreppsins, helmings, í Gljúfurleitarfossi í Þjórsá og allra þeirra réttinda, sem til eru tekin í framanrituðu tilboði, að engu undanskildu, allt með þeim skilmálum og skilyrðum sem þar eru nánar tekin fram.

Afsalið var innritað til þinglesturs 27. mars 1918 og þinglýst sama ár.

6.4.3.6. Sala vatns- og fasteignaréttinda í Árnessýslu, vestan Þjórsár

Í málum nr. 6 og 7/2000 er grein gerð fyrir sambærilegum samningum vatns- og fasteignaréttinda í Þjórsá og aðliggjandi vatnsföllum að vestanverðu. Helstu samningar, sem komu til skoðunar í þessu sambandi, eru: (1) Kaupsamningur 19. febrúar 1914 á vatnsréttindum í Gljúfurleitafossi, Tröllkonufossi og Þjófafossi í Þjórsá; Háafossi og Hjálparfossi í Fossá og Geldingarfossi í Geldingaá, (2) kaupsamningur á eignarhlut Flóa- og Skeiðamanna í Háafossi og Hjálparfossi 23. febrúar 1914 og (3) kaupsamningur um hluta af Búrfelli og Skeljafelli 28. júní 1916.

6.4.3.7. Kaup landbúnaðarráðuneytisins á réttindum hf. Titan

Hinn 8. júní 1951 var undirritaður kaupsamningur[1] milli landbúnaðarráðuneytisins og hf. Titan þar sem þau réttindi, sem rakin hafa verið hér að framan, voru, ásamt fleiri eignum, seld landbúnaðarráðuneytinu. Kaupsamningurinn var síðan áritaður 16. janúar 1952 af skilanefnd hf. Titan um afsal til landbúnaðarráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins. Samningurinn var móttekinn til þinglýsingar 29. janúar 1952. Í samningi þessum segir svo:

> Islands landbrugsminister på den ene side og aktieselskabet Titan med værneting i Reykjavik på den anden side har indgået sådan kontrakt:
>
> A/S Titan overdrager herved til den islandske stat alle vandrettigheder, som selskabet ejer i Þjórsá og bifloder og söer samt alle de rettigheder til afbenyttelse af jord, som, selskabet har erhvervet; i forbindelse med vandrettighederne og til brug i forbindelse med forventede elektriske anlæg, desuden sælger selskabet landbrugsministeriet gården Þjótandi l Villingaholtssogn.
>
> De rettigheder, som ifölge ovenskrevne bliver solgt, har selskabet erhvervet ved de nedenfor nævnte tinglæste dokumenter: [Sleppt er úr skjölum sem varða ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.]
>
> - 1. ...
>
> ...
>
> - 31. Sköde, dateret d. 26. januar 1918, angående Gljúfurleitarfoss i Þjórsá (Ásahreppurs andel).
>
> ...
>
> - 33. Sköde, dateret d. 26. januar 1918, angående vandrettigheder i Tungnaá (tilhörende Ásahreppur)
>
> - 34. Sköde, dateret d. 13. juni 1921, angående rettighederne for Kaldakvísl og Þórisvatn.
>
> - 35. Sköde, dateret d. 31. október 1917, angående vandrettigheder i Holtaafréttur og Landmannaafréttur.
>
> Disse dokumenter har köberen gjort sig bekendt med og ejendommene sælges med de rettigheder, som deri nævnes, således påtager köberen sig samtidig de forpligtelser som nævnte ejendomsrettigheder pålægger ejeren.
>
> ...

1 Skjal nr. 6 (13).

Síðan komu í samningi þessum ákvæði um kaupverð og greiðslufyrirkomulag en ekki þykja efni til að rekja þá skilmála samningsins.

6.4.3.8. Sameignarsamningar um Landsvirkjun

Hinn 1. júlí 1965 var undirritaður samningur milli borgarstjórnar Reykjavíkur og ríkisstjórnar Íslands um Landsvirkjun.[1] Þar segir í 2. gr.:

> Samningsaðilar leggja fram til stofnunar fyrirtækisins:
>
> A. Ríkissjóður:
> 1. Eignarhluta sinn í Sogsvirkjuninni.
> 2. Vatnsréttindi þau, sem ríkissjóður á í Soginu, ásamt lóðum, sem til þarf vegna mannvirkja, sem þegar eru fyrir hendi, eða síðar kunna að verða reist, til þess að hagnýta allt vatnsafl Sogsins, ásamt nauðsynlegum miðlunarvirkjum.
> 3. Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttindi til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.
> 4. Öll gögn varðandi undirbúning virkjunar við Búrfell, fram að 1. júlí '65, ásamt öllum mannvirkjum og framkvæmdum þar að lútandi.

Í 5. tölulið A-liðar var síðan fjallað um þær peningagreiðslur sem ríkissjóður lagði fyrirtækinu til og í B-lið 2. gr. var fjallað um framlag Reykjavíkurborgar.

Í þessum sameignarsamningi var ekki að finna neitt ákvæði um hve stóran eignarhluta hvor aðili ætti en í lögum nr. 59/1965 frá 20. maí sama ár, um Landsvirkjun, var hins vegar í 2. mgr. 1. gr. tekið fram að hvor aðili, ríkið og Reykjavíkurborg, ætti helming fyrirtækisins.

Hinn 27. febrúar 1981 var gerður nýr sameignarsamningur vegna samkomulags eignaraðila, dags. 12. desember 1980, um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar. Með samningnum gerðist Akureyrarbær sameigandi ásamt ríkinu og Reykjavíkurborg.

Við samninginn lagði ríkissjóður fram 35% eignarhlut sinn í Laxárvirkjun og Akureyrarbær lagði fram 65% eignarhlut sinn í virkjuninni. Eftir þessa breytingu voru eignarhlutföll eigenda Landsvirkjunar þannig að ríkissjóður Íslands átti 48,40%, Reykjavíkurborg 45,95% og Akureyrarbær 5,65%. Þá var í þessum nýja sameignarsamningi ákvæði sem heimilaði ríkissjóði að auka eignarhluta sinn í 50% með því að leggja fram fjármuni eða yfirtaka skuldir að fjárhæð 70.137.000 kr. Fjárhæð þessi skyldi leiðrétt í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 42/1983 öðlaðist samningur þessi gildi 1. júlí 1983 og sameignarsamningurinn frá 1. júlí 1965 félli þá úr gildi.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um Landsvirkjun, sem varð síðar að lögum nr. 42/1983, kemur fram að frumvarpið hafi verið samið af nefnd skipaðri af eigendum Landsvirkjunar og var þar samkomulag um framangreind eignarhlutföll og segir þar í athugasemdum við 1. gr.:

> Hér er sem fyrr gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé með heimili og varnarþing í Reykjavík, fyrirtækið sé sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Ákvæði greinarinnar um eignaraðild breytast með hliðsjón af sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar samkvæmt hinum nýja sameignarsamningi ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um Landsvirkjun frá 27. febrúar 1981 sem tekur gildi hinn 1. júlí 1983 og kemur þá í stað sameignarsamnings ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965.

1 Skjal nr. 6 (2).

Hinn 11. ágúst 1982 var gerður samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, yfirtöku byggðalína o.fl.[1] Með samningnum var orkusvæði Landsvirkjunar fært þannig út að það náði til allra landshluta. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. samningsins tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun. Jafnframt yfirtók Landsvirkjun byggðalínur og aðveitustöðvar í eigu ríkisins sem getið er um í 6. og 7. gr. samningsins. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samningsins skyldi áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist gera samkomulag um greiðslu Landsvirkjunar til ríkissjóðs vegna þeirra vatnsréttinda sem í umráðum ríkisins voru, hvort sem um væri að ræða lögbýli í eigu ríkisins, önnur eignarlönd eða vatnsréttindi á almenningum og afréttarlöndum. Landsvirkjun skyldi skv. 2. mgr. 3. gr. greiða ríkissjóði fyrir slík virkjunarréttindi endurgjald sambærileg því sem almennt væri greitt vegna slíkra réttinda. Mætti endurgjaldið samkvæmt sama ákvæði vera sem eingreiðsla eða í formi árlegs afgjalds. Næðu aðilar ekki samkomulagi um endurgjald fyrir virkjunarréttindin skuldbundu þeir sig til að hlíta mati óvilhallra matsmanna, sbr. 3. mgr. 3. gr. Eignarhlutur eigenda Landsvirkjunar breyttust ekkert með samningnum.

Hinn 28. október 1996 var gerður samningur milli eignaraðila Landsvirkjunar um breytingu á sameignarsamningnum. Í þeim samningi er í 1. gr. svohljóðandi ákvæði:

4. gr. samningsins orðist svo: Eignarhluti aðila í Landsvirkjun er sem hér segir:

1. Ríkissjóður Íslands	50,000%
2. Reykjavíkurborg	44,525%
3. Akureyrarbær	5,475%

Ekki voru gerðar neinar þær breytingar sem vörðuðu málefni þau sem hér eru til umfjöllunar.

6.4.3.9. Samningar Landsvirkjunar um bótagreiðslur

Landsvirkjun hefur gert samninga um greiðslu bóta vegna röskunar á landi og eftir atvikum skerðingu á nytjum afrétta. Verður hér fjallað um þá samninga sem gerðir hafa verið og lúta að því landsvæði sem er til umfjöllunar í máli þessu. Um samninga Landsvirkjunar um bætur á öðrum svæðum vísast til kafla 12.1.3. í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 7/2000.

Hinn 3. júlí 1981 var undirritaður samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holta- og Landmannahrepps í Rangárvallasýslu hins vegar.[2] Í 1. gr. samningsins var fjallað um að virkjunarframkvæmdir Landsvirkjunar á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár hafi haft í för með sér breytingar á árfarvegum, tilkomu nýrra vatnsvega og gróðurskemmda á afréttum hreppanna. Er það síðan rakið að leitast hafi verið við að ná samkomulagi um lausn mála, ýmist í eitt skipti fyrir öll eða til lengri eða skemmri tíma. Sagði síðan að ætlunin með þessum samningi væri að leysa þessi mál í eitt skipti fyrir öll og einnig leysa hliðstæð mál sem kynnu að koma upp í framtíðinni að því er varðaði frekari framkvæmdir Landsvirkjunar á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir. Í 2. gr. samningsins var því lýst yfir af hálfu hreppanna að þeir hafi þegar komið á framfæri öllum kröfum og athugasemdum vegna byggingar og rekstrar Búrfellsvirkjunar og Þórisvatnsmiðlunar og muni ekki gera frekari kröfur eða athugasemdir vegna framkvæmda, reksturs eða hugsanlegrar stækkunar Búrfellsvirkjunar og Þórisvatnsmiðlunar. Loks var því lýst í 3. gr. samningsins að öllum kröfum og athugasemdum, sem settar hafi verið fram af

1 Skjal nr. 6 (3).
2 Skjal nr. 6 (51).

lögmönnum hreppanna í tilefni auglýsingar iðnaðarráðuneytisins dagsettri 10. janúar 1977 og snerti hagsmuni þeirra með tilliti til framkvæmda við Sigölduvirkjun og reksturs hennar eða stækkun hennar, hafi verið komið á framfæri við Landsvirkjun og frekari kröfur eða athugasemdir yrðu ekki gerðar. Þá var því sama lýst yfir hvað varðaði framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun, rekstur hennar og hugsanlegrar stækkunar, sbr. 4. gr. Í samningnum var einnig fjallað um áætlanir Landsvirkjunar um vatnaveitur og aðrar aðgerðir sem fyrirhugaðar væru af hálfu fyrirtækisins á vatnasvæðum Þjórsár og Tungnaár til að tryggja rekstur núverandi virkjana Landsvirkjunar og þeirra virkjana sem til greina kæmi að byggja á afréttum hreppanna samkvæmt mynsturáætlun verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. Var því einnig lýst yfir af hálfu hreppanna að öllum kröfum og athugasemdum, sem snertu hagsmuni þeirra, hafi verið komið á framfæri við Landsvirkjun og frekari kröfur eða athugasemdir yrðu ekki gerðar.

Í 6. gr. samningsins var því lýst yfir af hálfu Landsvirkjunar að fyrirtækið skuldbindi sig til að greiða hreppunum bætur, kr. 3.000.000,00 í eitt skipti fyrir öll, vegna alls tjóns af hvaða tagi sem þeir hafi orðið fyrir til þessa vegna byggingar, reksturs og stækkunar Búrfellsvirkjunar, Þórisvatnsmiðlunar, Sigölduvirkjunar, Hrauneyjafossvirkjunar og annarra framkvæmda og aðgerða á afréttum hreppanna. Þá skuldbatt Landsvirkjun sig til þess að greiða hreppunum bætur fyrir hvern hektara beitarlands sem færi undir vatn eða spilltist á annan hátt vegna miðlana, vatnaveita og annarra virkjanaframkvæmda á afréttum hreppanna.

Í sama ákvæði kom fram að samkomulag væri um að bæturnar skyldu ákveðnar af Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og miðaðar við hve háar bæturnar skyldu vera til að ná upp sama beitargildi og stofnunin teldi að svæðið hefði áður haft. Bæturnar skyldur vera að lágmarki kr. 200 en að hámarki kr. 300 á hektara miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1981 og skoðast sem fullnaðarbætur í eitt skipti fyrir öll, fyrir hlutaðeigandi svæði, eins og það var orðað í samningnum. Jafnframt féllu hrepparnir frá öllum eldri kvöðum og samningum um ræktun á afréttum hreppanna, sbr. 7. gr.

Þá kom fram í 8. gr. samnings þessa að Landsvirkjun skuldbatt sig til að setja upp girðingar á afréttum hreppanna til að tryggja öryggi manna og búfjár svo og til að afréttaskil raskist ekki. Einnig voru ákvæði um skuldbindingu Landsvirkjunar um stuðlun laxgengdar um fossinn Búða í Þjórsá með gerð laxastiga um fossinn eða sprengingum, sbr. 9. gr. svo og um yfirlýsingu fyrirtækisins varðandi framkvæmdir við að reisa á kostnað þess aðstöðu fyrir lax- og silungsklak og kosta þar tilraunaeldi og rannsóknir, sbr. 10. gr. Miðað skyldi við að stöðin fullnægði sem næst þörfum vatnasvæða í Rangárvallasýslu.

Í samningnum var einnig að finna í 13. gr. ákvæði þar sem hrepparnir lýstu því sérstaklega yfir að téður samningur fæli í sér fullar bætur fyrir allt það tjón og óhagræði sem framkvæmdir og rekstur Landsvirkjunar til þessa hafi haft í för með sér á Holtamanna- og Landmannaafrétti, svo sem á gróðri og veiði. Enn fremur staðfestu hrepparnir að samningurinn fæli í sér fullar bætur fyrir samskonar tjón og óhagræði sem þeir kynnu síðar að verða fyrir vegna framkvæmda Landsvirkjunar á afréttum hreppanna í samræmi við mynsturáætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Í 14. gr. samningsins var því lýst að með samningnum sé á engan hátt tekin afstaða til ágreinings hreppanna og ríkisins um beinan eignarrétt að afréttum hreppanna eða hlunnindum innan afréttarmarka.

Í 15. gr. samningsins var svohljóðandi ákvæði: „Hrepparnir áskilja sér rétt til sérstakra bóta fyrir sand- og malartöku Landsvirkjunar á afréttum hreppanna í þágu virkjanaframkvæmda, en þó aðeins að svo miklu leyti sem hreppunum kann að verða dæmdur beinn eignarréttur að hlutaðeigandi námum.“

Samningur þessi var undirritaður með fyrirvara um staðfestingu stjórnar Landsvirkjunar og hlutaðeigandi hreppsnefnda. Sérstakt staðfestingarskjal[1] var síðan undirritað þann 24. júlí 1981 og

1 Skjal nr. 6 (52).

var samningurinn staðfestur með tveim breytingum. Annars vegar var fellt niður úr 15. gr., „en þó aðeins að svo miklu leyti sem hreppunum kann að verða dæmdur beinn eignarréttur að hlutaðeigandi námum.“ En hins vegar var bætt við viðbótar bótagreiðslum að fjárhæð kr. 0,2 millj. kr. til Ása- og Djúpárhreppa og kr. 0,4 millj. kr. til Holtamanna- og Landmannahreppa.

Landsvirkjun ritaði oddvitum hreppanna bréf þann 8. júlí 1987 í tilefni þess að fiskur hefði tekið sér bólfestu í miðlunarlónum við Sigöldu, Hrauneyjafoss og Sultartanga. Var í bréfunum lýst þeirri skoðun Landsvirkjunar að spjöll á veiðiám hefðu verið bætt að fullu með samkomulaginu frá 3. og 24. júlí 1981. Þá var þar fullyrt að Landsvirkjun hefði látið gera umrædd virkjunarlón og hefði öll réttindi og umráð yfir lónunum sem eignarrétti fylgdi að lögum. Kröfur Landsvirkjunar voru síðan ítrekaðar með bréfum dagsettum 3. febrúar 1992 og í framhaldi af því var þann 2. júní sama ár haldinn fundur með fulltrúum hreppanna og Landsvirkjun. Niðurstaða fundarins var að gert var um það samkomulag að Landsvirkjun fengi leyfi fyrir tilteknum fjölda stanga í Krókslóni, Kvíslarveitum og Þórisvatni til næstu 5 ára. Þá voru aðilar sammála um að málið yrði skoðað að nýju að liðnum framangreindum tíma, sbr. fundargerð frá 2. júní 1992. Samkomulag þetta er útrunnið og var ekki endurnýjað.

6.4.4. Heimildir Landsvirkjunar samkvæmt lögum

6.4.4.1. Inngangur

Svo sem nánar er rakið í kafla 6.4.2. hefur Landsvirkjun auk einkaréttarlegra heimilda byggt eignarréttarlegt tilkall á þeim lögbundnu heimildum sem fyrirtækinu hafa í gegnum tíðina verið veittar til byggingar og starfrækslu raforkumannvirkja í víðasta skilningi. Er því nauðsynlegt að huga nánar að eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar samkvæmt þeim lagaheimildum sem fyrirtækið varða og það byggir rétt á sem og þeim leyfum sem veitt hafa verið á grundvelli viðkomandi lagaheimilda.

Við nánari skoðun og mat á því hver réttindi Landsvirkjun eigi á svæði því, sem til meðferðar er í máli þessu og þá eftir atvikum innan svæðis sem úrskurðað kann að verða sem þjóðlenda, hefur verið farin sú leið að kanna lagaheimildir og lögskýringargögn öll, umsóknir Landsvirkjunar um virkjanir og raforkumannvirki, ásamt fylgiskjölum og samsvarandi lögbundnum leyfum ráðherra. Þannig hefur verið leitast við að skýra heimildir Landsvirkjunar og inntak þeirra réttinda sem fyrirtækið hefur öðlast á grundvelli lagaheimilda og leyfisveitinga. Fyrir ályktunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um þýðingu þeirra er síðan gerð grein í kafla 6.4.6.2.

6.4.4.2. Ákvæði í lögum um orkunýtingu fallvatna o.fl.

Samkvæmt 2. gr. vatnalaga nr. 15/1923 gildir sú meginregla að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimili. Í V. kafla laganna er síðan fjallað um notkun vatnsorku en í 1. mgr. 49. gr. segir:

> Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

Þá er í 2. mgr. 49. gr. vatnalaga mælt fyrir um að leyfi ráðherra þurfi til að virkja hluta af fallvatni sem hefur meira en 500 eðlishestöfl og megi binda leyfið skilyrðum sem ráðherra telur nauðsynleg til þess að hagkvæm virkjun á fallvatninu geti síðar farið fram eða synja um leyfið ef ekki þykir gerlegt að setja fullnægjandi skilyrði um þetta.

Í lögum um vatnsorkusérleyfi, nr. 46/1925, var að finna í 1. mgr. 2. gr. ákvæði sem kvað á um

að umráðamönnum vatnsréttinda væri eigi heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr því ef fallvatnið hefði meira en 500 eðlishestöfl.

Í 1. mgr. 1. gr. laga, nr. 83/1932, um raforkuvirki kom fram að hver sveitar- eða bæjarstjórn hefði einkarétt til þess að stofnsetja og starfrækja innan sveitar raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnsorkuver. Einkarétt þennan gat sveitar- eða bæjarstjórn veitt öðrum aðilum, einstaklingum eða félögum, að uppfylltum skilyrðum sem tilgreind voru nánar í lögunum, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Í lögum nr. 16/1942, um rafveitur ríkisins, kom fram að ríkisstjórninni væri heimilt að setja á stofn og starfrækja rafveitur sem vera skyldu eign ríkisins. Verkefni rafveitna ríkisins skyldu vera skv. 1. mgr. 2. gr. laganna að afla almenningi í landinu raforku með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá orkuverum eða öðrum orkuveitum, veita orkunni um hreppa, sýslur eða stærri landshluta og selja hana eða afhenda raforkuveitum í kaupstöðum, kauptúnum eða öðrum innanhéraðsorkuveitum eða orkuveitufélögum. Samkvæmt 12. gr. laganna hafði rafveitustjóri ríkisins umsjón með fallvötnum í eigu ríkisins.

Þá var ákvæði í 1. mgr. 1. gr. raforkulaga, nr. 12/1946, sem kvað á um að ríkinu einu væri heimilt að reisa og reka raforkuver sem stærri væru en 100 hestöfl, þó svo að ráðherra gæti skv. 4. mgr. 1. gr. laganna heimilað að fenginni tillögu frá raforkumálastjóra að veita sveitarfélagi eða einstökum manni eða fyrirtæki leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 hestöflum að stærð til að fullnægja rafaflsþörf sinni ef rafmagnsveitur ríkisins eða héraðsveitur gætu ekki eða óskuðu ekki að láta rafaflið í té.

Í lögum nr. 92/1947, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, var í 1. gr. að finna ákvæði sem heimilaði ríkisstjórninni að fela rafmagnsveitum ríkisins m.a. að reisa raforkuver við Fossá í Fróðárhreppi og við Gönguskarðsá. Í 3. gr. laganna sagði að um stofnun og rekstur þeirra orkuvera, sem um ræddi í 1. gr., færi að öðru leyti en fram kæmi í 1. gr. eftir lögum nr. 12/1946. Mjög sambærileg lög voru nr. 34/1949, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, þar sem í 1. gr. var heimild til handa ríkisstjórninni að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu, Þverá og vatnsfallið Þrándargil í Laxárdal. Tekið var fram í 4. gr. að um stofnun og rekstur orkuvera og orkuveitna færi að öðru leyti en því sem fram kæmi í 1. og 2. gr., eftir lögum nr. 12/1946. Enn var að finna eðlislík ákvæði í lögum nr. 12/1951 um ný orkuver og nýja orkuveitu rafmagnsveitu ríkisins. Þar kom fram í 1. gr. að ríkisstjórninni væri heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Fossá og Grímsá. Síðan var í 3. gr. að finna sambærilegt ákvæði og í hinum tveimur fyrrnefndu lögum að um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitu færi að öðru leyti eftir lögum 12/1946. Einnig má nefna lög nr. 65/1956, um ný orkuver og nýjar orkuveitur Rafmagnsveitna ríkisins. Í 1. gr. laganna kom fram sú heimild ríkisstjórnarinnar að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja tilgreindar ár skv. ákvæðinu. Í 4. gr. laganna kom fram að um stofnun og rekstur téðra orkuvera og orkuveitna færi að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 12/1946.

Í 1. gr. laga um orkuver Vestfjarða, nr. 54/1954, var heimildarákvæði fyrir ríkisstjórnina að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til orkuvinnslu. Ríkisstjórninni heimilaðist að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar ef viðunandi kjör fengjust, sbr. 4. gr. laganna.

Í orkulögunum nr. 58/1967, voru síðan tekin upp hliðstæð ákvæði en þar sagði í 10. gr.:

> Til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kw þarf leyfi Alþingis. Til að reisa og reka raforkuver 200-2000 kw þarf leyfi ráðherra raforkumála.
>
> Þá er heimilt að reisa og reka varastöð allt að 1000 kw án sérstaks leyfis.
>
> Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver, halda þeim rétti áfram.

Þá sagði í 11. gr:

> Umsóknir um leyfi til að reisa og reka raforkuver eða stækka skulu sendar ráðherra raforkumála, ásamt uppdráttum, kostnaðar- og rekstraráætlun hins fyrirhugaða raforkuvers. Ráðherra sendir gögn þessi Orkustofnun til umsagnar, áður en hann afgreiðir málið endanlega, eða fær það Alþingi til meðferðar.

Í II. kafla gildandi raforkulaga, nr. 65/2003, er mælt fyrir um heimild til raforkuvinnslu. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna þarf leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver. Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW en skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu slíkra raforkuvera ef orkan er seld eða hún sett inn á raforkukerfi. Um skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis er síðan fjallað í 5. gr. laganna.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi iðnaðarráðherra. Undantekningu frá því er að finna í 10. gr. laganna þar sem segir að landeiganda sé heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa allt að 3,5 MW. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur fram að um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

6.4.5. Lagaheimildir sem einkum varða Landsvirkjun

6.4.5.1. Inngangur

Hér á eftir verður nánar vikið að einstökum heimildum sem varða Landsvirkjun sérstaklega. Þær lagaheimildir, sem um er að ræða, eiga það sammerkt að samkvæmt þeim er Landsvirkjun heimilað að reisa og reka nánar tilgreind raforkuver og meginstofnlínur og einnig er veitt heimild til að gera nauðsynlegar ráðstafanir á ákveðnum vatnasvæðum til þess að tryggja rekstur raforkuveranna á hverjum tíma, m.a. með gerð vatnsmiðlana, stíflugerð o.fl. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru, til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt.

Óbyggðanefnd hefur gert ítarlega rannsókn á þeim lögum sem fjallað verður um hér á eftir og í því sambandi kannað frumvörp til laganna, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögskýringargögnum sýnist hvergi vera að finna áform í þá veru að með lögunum sjálfum sé tilætlunin sú að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum.

6.4.5.2. Lög nr. 59/1965, um Landsvirkjun

Fyrirtækið Landsvirkjun var stofnað með lögum nr. 59/1965. Stofnendur fyrirtækisins voru samkvæmt 1. gr. laganna ríkissjóður og Reykjavíkurborg og átti hvor aðili helming fyrirtækisins. Um þær eignir sem fyrirtækinu voru lagðar til í upphafi, af hálfu ríkisins, hefur verið ítarlega fjallað í kafla 6.4.3.8. hér að framan. Verður hér beint sjónum að því hvaða réttindi Landsvirkjun voru fengin með lögunum.

Í 1. mgr. 4. gr. laganna var svohljóðandi ákvæði:

> Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvílandi skuldum og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell.

Í 1. mgr. 5. gr. kom fram að ríkið og Reykjavíkurborg legðu Landsvirkjun til sem endurgjaldslaust stofnframlag eignir þær sem greindi í 4. gr. laganna. Í sameignarsamningi aðilanna um Landsvirkjun skyldi gerð nánari grein fyrir þessum framlögum. Í 6. gr. laganna sagði síðan:

> Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar.
>
> Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Þá sagði í 7. gr.:

> Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur er aflstöðvar og aðalorkuveitur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim sem fer með raforkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkjanna, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

Í athugasemdum við þessa grein segir að rétt þyki að taka fram að Landsvirkjun geri ráðherra fyrir fram ítarlega grein fyrir fyrirhugaðri tilhögun allra mannvirkja og fái samþykki hans fyrir gerð og frágangi þeirra og er í því sambandi vísað til ákvæða vatnalaga og raforkulaga.

Loks sagði í 18. gr. að ráðherra gæti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg væru til framkvæmda samkvæmt lögunum.

Í 4. og 5. gr. laganna var þannig sérstaklega vísað til og fjallað um þau eignarréttindi sem fyrirtækinu væru lögð til samkvæmt upphaflegum sameignarsamningi aðila frá 1. júlí 1965, sem nánar er fjallað um í kafla 6.4.3.8. Tilvitnuðum lagaheimildum sýnist hins vegar ekki hafa verið ætlað að ljá þeim heimildum aðra og meiri þýðingu að eignarrétti en fólst í framsali þeirra skv. tilvitnuðum samningi. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1, er það því mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 59/1965 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

6.4.5.3. Lög nr. 36/1969, breyting á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun

Lög þessi fjalla einungis um breytingu á 1. mgr. 15. gr. laganna sem fjallar um heimild til ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar.

Þessi lagabreyting hefur ekki áhrif á þau málefni sem um er fjallað í úrskurði þessum.

6.4.5.4. Lög nr. 37/1971, breyting á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun

Með setningu laga nr. 37/1971 voru gerðar verulegar breytingar á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun.

Helstu breytingar voru þær að samkvæmt 2. gr. var bætt nýrri málsgrein við 4. gr. laganna svohljóðandi:

> Landsvirkjun tekur enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss, sbr. 6. gr.

Samkvæmt 4. gr. þessara laga kom ný grein í stað 6. gr. laganna og hljóðaði greinin þannig eftir breytinguna:

Landsvirkjun er heimilt:
1 Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m.a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldneytisaflstöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

Í 2. gr. laganna, sem breytti 4. gr. eldri laga, er þannig kveðið á um það að Landsvirkjun taki enn fremur við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss og síðan vísað nánar þar um til 6. gr. laganna í breyttri mynd. Allt að einu verður ekki annað séð en að með tilvitnaðri lagaheimild sé eingöngu verið að vísa til mögulegra eignarréttinda sem ríkið annað tveggja hafi sannanlega verið komið að eða talið sig komið að með einkaeignarréttarlegu framsali en lagaákvæðinu sjálfu hafi ekki verið ætlað að ljá þeim heimildum aðra og/eða meiri þýðingu. Breyta engu í því tilliti ummæli þingmanns við 2. umræðu í efri deild Alþingis 14. desember 1970 um mat á vatnsréttindum sem ríkið afhenti Landsvirkjun, eins og hreyft hefur verið af hálfu Landsvirkjunar. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1, er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 37/1971 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

6.4.5.5. Lög nr. 60/1981, um raforkuver

Hinn 4. júní 1981 voru samþykkt á Alþingi lög um raforkuver, nr. 60/1981. Þar var í 1. mgr. 1 gr. fjallað um virkjanir Landsvirkjunar á því svæði sem hér er til umfjöllunar og er málsgreinin svohljóðandi:

Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar – að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW afli – að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW afli – að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga – að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afl.

Í 4. mgr. 1. gr. laganna sagði síðan:

Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lög þessi taka til, í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

Þá sagði í 5. mgr. 1. gr. laganna:

Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við

núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða Landsvirkjun er heimilt að styrkja landakerfið að því marki sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingar staða út frá landskerfinu.

5. gr. laganna var svohljóðandi:

Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda, samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 60/1981 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

6.4.5.6. Lög nr. 42/1983, um Landsvirkjun

Ný lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, voru samþykkt á Alþingi 23. mars 1983 og komu þau í stað laganna nr. 59/1965 með þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á þeim. Þar segir í 4. gr:

Landsvirkjun er eigandi raforkuvera, annarra mannvirkja, vatnsréttinda og búnaðar sem fyrirtækið hefur eignast fyrir setningu laga þessara.

Samkvæmt sameignarsamningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, dags. 27. febrúar 1981, tekur Landsvirkjun hinn 1. júlí 1983 við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun.

Þá segir í 6. gr:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 um raforkuver og samkvæmt sérstöku samkomulagi við ríkisstjórn Íslands, dagsettu 11. ágúst 1982, eftirtalin raforkuver að fengnu leyfi ráðherra orkumála skv. 7. gr.:

Blönduvirkjun með allt að 180 MW afli.

Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 MW afli.

Villinganesvirkjun með allt að 40MW afli.

Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins verði ávallt fullnægt. Einnig ber Landsvirkjun að kappkosta styrkingu og frekari uppbyggingu meginstofnlínukerfis síns með það fyrir augum að tryggja sem best rekstraröryggi Landsvirkjunarkerfisins í heild.

Loks segir í 7. gr:

Til byggingar nýrra raforkuvera og meginstofnlína þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess sem fer með orkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru raforkuver eða meginstofnlínur,

skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með orkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim.

Getur ráðherra krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkja sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

Í 18. gr. laganna segir að ráðherra geti heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkvæmt lögunum.

Í 1. mgr. 4. gr. er þannig tekið fram að fyrirtækið sé eigandi orkuvera, vatnsréttinda o.fl. sem það hafi eignast fyrir setningu laganna og í 2. mgr. 4. gr. er vísað til sameignarsamnings eigendanna frá 27. febrúar 1981, sbr. umfjöllun í kafla 6.4.3.8. og hnykkt á því að samkvæmt honum taki Landsvirkjun við eignarhlut ríkissjóðs og Akureyrarbæjar í Laxárvirkjun. Þá er í 5. gr. laganna vísað til þess að Landsvirkjun hafi verið lögð til stofnframlög og vísað um það til 4. gr. laganna og tilvitnaðs samnings. Allt að einu verður ekki annað séð en að með tilvitnaðri lagaheimild hafi eingöngu verið að vísa til mögulegra eignarréttinda sem ríkið annað tveggja hafi sannanlega verið komið að eða talið sig komið að með einkaeignarréttarlegu framsali en lagaákvæðinu sjálfu hafi ekki verið ætlað að ljá þeim heimildum aðra og/eða meiri þýðingu. Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 42/1983 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignarétt-indum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

6.4.5.7. Lög nr. 74/1990 um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver o.fl.

Lög nr. 74/1990 voru samþykkt á Alþingi 18. maí 1990. Þar segir í 1. gr:

Niðurlag 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981 breytist þannig að við bætast tveir málsliðir sem orðist svo:

- að stækka Búrfellsvirkjun í allt að 310 MW afl,

- að stækka Kröfluvirkjun í allt að 60 MW afl.

Ekki voru gerðar frekari breytingar á lögunum um raforkuver samkvæmt þessum breytingarlögum sem skipta máli í þessari umfjöllun.

Hins vegar var með þessum lögum einnig breytt lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, og var þar bætt tveim nýjum málsgreinum á eftir 1. mgr. 6. gr. laganna svohljóðandi:

Landsvirkjun reisir og rekur, samkvæmt lögum nr. 60/1981 eftirtalin raforkuver, að fengnu leyfi iðnaðarráðherra skv. 7. gr. þessara laga: Búrfellsvirkjun, með allt að 310 MW afli, Sultartangavirkjun, með allt að 130 MW afli, Hrauneyjafossvirkjun, með allt að 280 MW afli, Sigölduvirkjun, með allt að 200 MW afli, Kröfluvirkjun, með allt að 60 MW afli.

Landsvirkjun er heimilt, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, að gera ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuvera á Þjórsársvæðinu, m.a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.

Í bráðabirgðaákvæði I var svofellt ákvæði:

Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með um 200 þús.

tonna framleiðslugetu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun:

1. Fljótsdalsvirkjun.

2. Stækkun Búrfellsvirkjunar, 5. áfanga Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni.

3. Stækkun Kröfluvirkjunar og 1. áfanga Nesjavallavirkjunar takist samningar við Hitaveitu Reykjavíkur um samrekstur virkjunarinnar við raforkukerfi landsins.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 74/1990 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

6.4.5.8. Lög nr. 9/1997 um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun

Þessi lög fjalla einkum um stjórnun Landsvirkjunar og heimild til þess að hasla sér völl erlendis. Þá er einnig ákvæði um greiðslu arðs af eigendaframlögum.

6.4.5.9. Lög nr. 48/1999 um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum

Þau ákvæði þessara laga, sem snerta viðfangsefni úrskurðar þessa, eru 1. og 2. tl. 1. gr. laganna en sú grein varð að nýrri 1. gr. í lögunum nr. 60/1981. Þar er kveðið á um að iðnaðarráðherra sé heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að virkja fallvatn sem veitt væri um Vatnsfellsveitu úr Þórisvatni í Krókslón (Vatnsfellsvirkjun) með allt að 110 MW afli og virkja á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW afli. Jafnframt var breytt númerum greina í lögunum. Loks var fellt úr gildi ákvæði I til bráðabirgða í lögunum.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 48/1999 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

6.4.5.10. Lög nr. 67/2003 um breyting á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum

Með a-lið 1. gr. laganna var nýrri málsgrein bætt við 2. gr. laga nr. 60/1981 um heimild Landsvirkjunar að fengnu leyfi iðnaðarráðherra til að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar 2003. Að öðru leyti snerta þessi lög ekki það svæði sem hér er til umfjöllunar.

Með vísan til framangreindrar rannsóknar, sbr. kafla 6.4.5.1., er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lögum nr. 67/2003 hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998.

6.4.6. Niðurstaða óbyggðanefndar

Fyrir óbyggðanefnd liggur að kveða á um og skera úr um réttindi Landsvirkjunar á grundvelli III.

kafla laga nr. 58/1998, sbr. 7. gr. laganna. Við það mat er öðru fremur tekið mið af fyrirmælum a- og c-liða þeirrar greinar laganna. Úrlausn óbyggðanefndar er fyrst og síðast eignarréttarlegs eðlis, í hefðbundinni stjórnskipulegri merkingu, sbr. 72. gr. stjórnarskrár, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Sætir Landsvirkjun hvað það varðar sömu stöðu og aðrir einstaklingar og lögpersónur, þ.e. við það mat sem fram fer á grundvelli 7. gr. tilvitnaðra laga og fellur utan valdsviðs óbyggðanefndar að kveða á um og skera úr um önnur réttindi sbr. orðalag c-liðar 7. gr. þjóðlendulaga, sbr. og 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Af hálfu Landsvirkjunar eru, svo sem ítarleg grein hefur þegar verið gerð fyrir, sbr. kafla 6.4.2., gerðar kröfur um viðurkenningu á víðtækum réttindum á því landsvæði sem til úrlausnar er í máli þessu og koma þær kröfur eðli málsins samkvæmt til skoðunar og mats á þeim sem landsvæðum sem ella yrðu úrskurðuð þjóðlenda enda fellur það utan valdsviðs óbyggðanefndar að fjalla um stöðuna innan eignarlanda. Af hálfu Landsvirkjunar er um að ræða kröfur vegna landsréttinda sem til þarf vegna mannvirkja sem þegar eru fyrir hendi eða kunni síðar að verða reist, svo sem einstakra virkjana og virkjanasvæða, eins og það er skilgreint; uppistöðulóna; stíflna; vatnsvega; miðlunarmannvirkja; orkuflutningslína; spenna- og rofavirkja; vega; vegaslóða; háspennulína; mælistöðva; veiðiréttinda í virkjunarlónum og vatnsvegum.

Svo sem fram hefur komið styðjast kröfur Landsvirkjunar við eftirfarandi meginþætti:

Í fyrsta lagi reisir Landsvirkjun kröfur sínar á einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda.

Í öðru lagi reisir Landsvirkjun kröfur sínar á lagaheimildum og virkjunar- og framkvæmdaleyfum ráðherra og/eða annarra stjórnvalda, gefnum út á grundvelli laga.

Í þriðja lagi byggir Landsvirkjun kröfur sínar um viðurkenningu á eignarrétti yfir landsvæði og vatnsréttindum við hefð.

Verður nú nánari grein gerð fyrir niðurstöðum óbyggðanefndar um þýðingu þessara heimilda fyrir eignarréttarlega stöðu Landsvirkjunar á því svæði sem hér er til umfjöllunar. Að því ber að gæta við eftirfarandi umfjöllun að í málum nr. 6 og 7/2000 hefur óbyggðanefnd nú þegar tekið almenna afstöðu til þeirra meginálitaefna sem hér eru til úrlausnar og raunar fjallað efnislega um þær einstöku lagaheimildir sem vikið verður að hér á eftir sem og nokkrar þeirra einkaeignarréttarlegu heimilda sem Landsvirkjun byggir rétt á í málinu. Að því leyti sem ekki hefur verið teflt fram nýjum gögnum eða málsástæðum, sem máli skipta, telur nefndin sig bundna af fyrri úrlausnum sínum.

6.4.6.1. Kröfur byggðar á einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda

Hér verður fjallað um þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á að tilkomin séu fyrir einkaeignarréttarlegt framsal.

Að því leyti sem réttindi Landsvirkjunar eru byggð á löggerningum, þ.e. einkaréttarlegu framsali fasteignaréttinda, þá felst greining á inntaki þeirra réttinda fyrst og fremst í túlkun og mati á viðkomandi gerningum sem eignarheimildum, hvaða réttindi verið sé að yfirfæra að eignarrétti og svo því hvaða eignarréttarlegu heimildum sá sem afsalar réð í raun yfir. Gildir þá sú almenna og viðurkennda meginregla á sviði eignarréttar að sá sem afsalar fasteignarréttindum getur ekki afsalað víðtækari rétti en hann á sjálfur.

Í samræmi við fyrri úrskurði nefndarinnar á svæði 1 og með tilliti til annarra mála á svæði 3 þykir rétt að víkja að þeim sérstöku réttindi sem Landsvirkjun voru framseld/afhent með sameignarsamningnum frá 1. júlí 1965.

Í upphaflegum lögum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er gengið út frá því í 4.-6. gr. laganna að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi. Það er gert með skírskotun til tilvitnaðs sameignarsamnings frá 1. júlí 1965 þar sem ríkið annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar leggja hinu þá nýstofnaða fyrirtæki til tilteknar eignir. Svo sem fyrr er vitnað til skipta þau réttindi, sem tilgreind eru í 3. tl. a-liðar 2. gr. samningsins, meginmáli í þessu sambandi. Þar segir svo:

Vatnsréttindi vegna 210 MW virkjunar í Þjórsá við Búrfell, ásamt landi, sem til þarf vegna virkjunarinnar og réttinda til nauðsynlegra aðgerða ofar í ánni, vegna þessarar virkjunar.

Hér er væntanlega um að ræða þau fasteigna- og vatnsréttindi sem ríkið taldi sig komið að með samningum við skilanefnd hf. Titan, sbr. kaupsamningur frá 8. júní 1951 sem grein er gerð fyrir í kafla 6.4.3.7. Kaup hf. Titan á vatns- og landsréttindum á Holtamannaafrétti eru rakin í kafla 6.4.3. Viðsemjendur félagsins voru Ásahreppur og Holtahreppur sem töldu til réttinda á Landmannaafrétti og Holtamannaafrétti en þau sveitarfélög, sem þessir afréttir falla undir, telja nú til slíks réttar. Einnig er vikið að kaupum hf. Titan á lands- og vatnsréttindum í máli nr. 2/2003 vegna Landmannaafréttar og máli nr. 7/2000 vegna Gnúpverjaafréttar. Að áliti óbyggðanefndar er ekki um það að ræða á Holtamannaafrétti sé fyrir hendi nein þau lands- eða vatnsréttindi sem ríkið ætlaði sér síðan að framselja með einkaeignarréttarlegum hætti, sbr. einkum tilvitnað ákvæði sameignarsamningsins frá 1965 og ákvæði laga 59/1965. Svo sem ráðið verður af umræddu ákvæði sameignarsamningsins var þar eingöngu um að ræða lands- og vatnsréttindi vegna Búrfellsvirkjunar.

Í kafla 6.4.3.9. er vikið að bótasamningi sem Landsvirkjun gerði við Ása-, Djúpár-, Holta- og Landmannaafrétt vegna skerðingar hagsmuna á Holta- og Landmannaafréttum. Við almennt mat á þýðingu samninganna að eignarrétti er einkum til þess að líta að framsetning og orðalag þeirra ber það ekki með sér að tilætlunin sé sú að yfirfæra eignarréttindi til handa Landsvirkjun heldur að einvörðungu sé verið að gera samkomulag um bætur vegna röskunar á nýtingarmöguleikum þeirra sem telja til réttar þessum afréttum. Verður því almennt séð ekki byggt á téðum samningum sem grundvöll að yfirfærslu eignarréttinda, að því marki sem slík réttindi kunna að vera fyrir hendi.

Þótt upprunaleg vanheimild hafi verið fyrir hendi af hálfu ríkisins við framsal réttinda til Landsvirkjunar heldur fyrirtækið því fram að það komi ekki að sök verði afrétturinn talin þjóðlenda. Verði þetta leitt af 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998 en þar sé ríkið lýst eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Því geti óbyggðanefnd viðurkennt þá samninga sem ríkið hafi gert um ráðstöfun réttinda á svæðinu fyrir lögfestingu laga nr. 58/1998. Á þetta verður ekki fallist enda verður ekki talið að ætlunin hafi verið sú að framselja með einkaeignarlegum hætti fasteignaréttindi á umræddu svæði. Þá er óbyggðanefnd að lögum ekki bær til að stofna til eða ráðstafa réttindum yfir eða á þjóðlendum. Á hinn bóginn er á færi viðeigandi handhafa ríkisvalds í skjóli valdheimilda sinna að kveða nánar á um réttarstöðu Landsvirkjunar að þessu leyti, svo sem nánar verður vikið að hér á eftir, sbr. og 2. kafla laga nr. 58/1998.

6.4.6.2. Kröfur byggðar á lagaheimildum

Þá koma til almennrar skoðunar og eignarréttarlegs mats þau réttindi sem Landsvirkjun byggir á lagaheimildum, sem gilda og gilt hafa um starfsemi Landsvirkjunar, og koma þá jafnframt til skoðunar virkjunarleyfi og önnur framkvæmdaleyfi ráðherra gefin út á grundvelli þeirra sömu lagaheimilda. Í kafla 6.4.5. hefur verið gerð ítarleg grein fyrir þeim lagaheimildum sem um starfsemi og réttindi Landsvirkjunar fjalla og fjallað hafa á hverjum tíma eða varða með öðrum hætti réttarstöðu fyrirtækisins í þessu sambandi.

Sá háttur hefur frá upphafi verið hafður á að mælt er fyrir um heimildir Landsvirkjunar til þess að reisa og/eða reka ákveðin raforkuver, aðalorkuveitur og til þess að gera, m.a. með mannvirkjagerð, nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til þess að tryggja rekstur viðkomandi raforkuvers. Sýnist hin formlega lagalega tilhögun hvað þetta varðar hafa verið sú sama frá upphafi, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, sbr. gildandi lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum, sem og samkvæmt lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Í annan stað hafa framkvæmdir þessarar gerðar útheimt sérstakt leyfi ráðherra og/eða ríkisstjórnar áður en út í þær hefur verið ráðist. Þá hafa viðkomandi lög á hverjum tíma haft að geyma eignarnámsheimild til handa Landsvirkjun til þess að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mann-

virki og önnur réttindi sem nauðsynleg séu til þeirra framkvæmda sem Landsvirkjun eru heimilaðar og ætlaðar lögum samkvæmt. Um nánari útlistun þessa vísast til umfjöllunar í kafla 6.4.5.

Svo sem rakið er í kafla 6.4.5. hefur óbyggðanefnd gert ítarlega rannsókn á viðkomandi lagaheimildum og í því sambandi kannað tiltæk lögskýringargögn; lagafrumvörp, greinargerðir og athugasemdir með þeim, ásamt því að fara yfir allar umræður um viðkomandi lagafrumvörp. Í tilvitnuðum lögum og lögskýringargögnum er hvergi að finna áform í þá veru að stofna til hefðbundinna eignarréttarheimilda Landsvirkjun til handa að lands- og/eða vatnsréttindum. Með vísan til þeirrar rannsóknar er það mat óbyggðanefndar að með tilvitnuðum lagaheimildum hafi ekki verið stofnað til beinna eignarréttarheimilda í einkaeignarréttarlegum og stjórnskipulegum skilningi, sbr. og orðalag c-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998, Landsvirkjun til handa, að fasteignaréttindum þeim sem liggja utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998. Um er að ræða nokkurs konar og að öðru leyti óskilgreindan nýtingarrétt sem stofnað er til í skjóli valdheimilda íslenska ríkisins og á grundvelli fullveldisréttar þess. Þau réttindi, sem mælt er fyrir um í tilvitnuðum lögum, verða eðli málsins samkvæmt túlkuð með þröngum hætti. Aðild ríkisins og framsal í formi þeirra lagaheimilda er fólgið í fullveldisrétti, yfirráða- eða umráðarétti en ekki stofnun eignarréttar í hefðbundinni og stjórnskipulegri merkingu.

Til frekari stuðnings þessari niðurstöðu vísast til þess að í upphaflegu lögunum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, er beinlínis gert ráð fyrir því, sbr. t.d. 4. og 5. gr. laganna, sbr. 6. gr. þeirra, að Landsvirkjun séu lögð til ákveðin eignarréttindi, þar með talin vatnsréttindi, en það er gert með einkaeignarréttarlegri tilvísun til sameignarsamningsins, þar sem afhent eru þau réttindi sem af hálfu ríkisins höfðu verið keypt af skilanefnd hf. Titan, sbr. 3. tl. a-liðar 2. gr. samningsins. Samanburður á 4. gr., 6. gr. og 18. gr. laga nr. 59/1965, styður eindregið þá niðurstöðu að lögbundnar heimildir til handa Landsvirkjun til þess að reisa og reka raforkuver ásamt nauðsynlegum búnaði og tilfæringum, svo sem aðalorkuveitum, verði ekki skýrðar svo að með þeim heimildum hafi verið tilætlan löggjafans að stofna til hefðbundinna einkaeignarréttarlegra heimilda í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Hefði tilætlan löggjafans verið sú var engin þörf á því að kveða á um yfirfærslu þeirra eignarréttinda sem ríkið var komið að fyrir einkaréttarlega samninga, sbr. 4. gr. laganna, né að mæla fyrir um sérstaka eignarnámsheimild skv. 18. gr. laganna. Þá má enn fremur benda á tilhögun yngri lagaheimilda, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, þar sem kveðið er á um heimildir ríkisins til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka virkjanir í Blöndu í Blöndudal, Jökulsá í Fljótsdal og Héraðsvötnum við Villinganes. Allt að einu sömdu íslenska ríkið og Landsvirkjun um það, sbr. 3. gr. samningsins frá 11. ágúst 1982, að áður en rekstur hverrar virkjunar hæfist skyldi gera sérstakt samkomulag um greiðslur til handa ríkinu vegna þeirra vatnsréttinda sem væru í umráðum ríkisins, hvort sem væri vegna lögbýla í eigu ríkisins, annarra eignarlanda eða vegna vatnsréttinda á almenningum og afréttarlöndum. Var réttur ríkisins til gjaldtöku vegna þessa staðfestur með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 413/2000: Landsvirkjun gegn íslenska ríkinu, sem dæmt var í Hæstarétti þann 29. mars 2001.

Af þessu má ráða að í lagaheimild til byggingar og reksturs virkjunar, aðalorkuveitu og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á viðkomandi svæði felst ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 2. gr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Íslenska ríkið er eigandi umræddra fasteignaréttinda, vatns- og landsréttinda, sbr. 1. mgr 2. gr. laga nr. 58/1998. Ótvírætt er að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja og framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á umræddum svæðum. Hvað þau mannvirki varðar, þar með talið vegi, varnargarða, skurði, uppistöðulón, vatnsmiðlunarmannvirki o.fl., er það að segja að þó svo fyrirtækið sé eigandi mannvirkjanna og framkvæmdanna sem slíkra þá á það ekki beinan eignarrétt að því landi sem þær standa á né að því vatni sem nýtt er til orkuvinnslunnar.

Í málatilbúnaði Landsvirkjunar í málinu er því haldið fram að túlka beri 4. gr. laga nr. 42/1983, sbr. 4. gr. eldri laga nr. 59/1965, á þá leið að fyrirtækinu hafi með ótvíræðum og sjálfstæðum hætti verið fengnar eignarheimildir að öllum þeim vatnsréttindum og eftir atvikum öðrum fasteignaréttindum sem fyrirtækið hafi verið komið að fyrir setningu laganna. Málsástæða þessi gengur þvert á niðurstöður óbyggðanefndar í málum 6 og 7/2000, sbr. samhljóða rökstuðningur hér að framan, þess efnis að hvorki í eldri né yngri lögum hafi tilætlunin verið sú að stofna til einkaeignarréttarlegra heimilda Landsvirkjun til handa umfram það sem talið var felast í einkaréttarlegum samningum. Sérstaklega skal áréttað að óbyggðanefnd fellst ekki á þá málsástæðu Landsvirkjunar að með 4. gr. laga nr. 42/1983 hafi tilætlunin verið sú að stofna til eða staðfesta einkaeignarréttarlegar heimildir fyrirtækinu til handa umfram það sem talið var leiða af 2. gr. sameignarsamnings um Landsvirkjun frá 1. júlí 1965.

Eins og að framan er rakið hefur löggjafinn í skjóli valdheimilda sinna veitt Landsvirkjun með lögum, ákveðinn en þó óskilgreindan nýtingarrétt á svæði því sem um ræðir í máli þessu. Samkvæmt c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998 er það hlutverk óbyggðanefndar að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Þau sérstöku réttindi, sem löggjafinn hefur veitt Landsvirkjun, falla í öllum meginatriðum utan þeirrar hefðbundnu eignarréttarlegu skilgreiningar sem liggur nefndu lagaákvæði til grundvallar, sbr. og skilgreining eignarréttinda skv. 1. gr. laga nr. 58/1998. Með lögum nr. 58/1998 hefur nú verið stofnað til eignarréttar íslenska ríkisins að öllu því landi sem við gildistöku laganna var eigendalaust og ríkið fer með viðkomandi eignarheimildir í samræmi við 2. kafla laga nr. 58/1998. Lögtaka laganna hafði þannig grundvallarbreytingu í för með sér á hefðbundinni eignarréttarlegri stöðu Landsvirkjunar á þeim landsvæðum. Það er hins vegar á færi til þess bærra handhafa ríkisvalds að mæla nú nánar fyrir um og/eða skilgreina frekar réttarstöðu Landsvirkjunar að breyttri réttarskipan.

6.4.6.3. Kröfur byggðar á hefð

Af hálfu Landsvirkjunar er byggt á því að fyrirtækið hafi unnið hefð á landi innan athafnasvæðis Hrauneyjafossvirkjunar, Sigölduvirkjunar og landi sem fer undir vatnsmiðlun í Þórisvatni ásamt vatninu sjálfu. Umrædd landsvæði og mannvirki liggja að nokkru leyti inn á Landmannaafrétt, sbr. mál nr. 2/2003, en úr álitaefni þessu tengdu verður leyst í heild í þessu máli.

Fyrirtækið heldur því fram að fullur hefðartími hafi verið liðinn 1. júlí 1998 þegar lög nr. 58/1998 tóku gildi en frá þeim tíma er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir hefði sbr. 7. mgr. 3. gr. laganna. Um upphaf fyrningartíma miðar Landsvirkjun við virkjanaleyfi en leyfi fyrir Hrauneyfjarfossvirkjun var gefið út 30. desember 1976, leyfi fyrir Sigölduvirkjun 8. mars 1973 og leyfi vegna vatnsmiðlunar í og úr Þórisvatni 8. júní 1970 og 7. júlí 1971. Landsvirkjun hefur lagt fram kort með hnitasetningum af því landsvæði sem fyrirtækið telur að það hafi öðlast eignarrétt að fyrir hefð.

Að því marki, sem ætlunin hefur verið að yfirfæra til Landsvirkjunar eignarréttindi á einkaréttarlegum grundvelli, getur komið til álita að fyrirtækið hafi öðlast slík réttindi á grundvelli hefðar þótt viðkomandi réttindi hafi í raun ekki verið yfirfærð vegna heimildarskorts afsalsgjafa. Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að Landsvirkjun geti ekki öðlast eignarréttindi að lands- eða vatnsréttindum fyrir hefð þegar umráð fyrirtækisins eru eingöngu reist á þeim lagaheimildum sem gerð hefur verið grein fyrir í kafla 6.4.5. Verður ekki talið að réttindi fyrirtækisins á slíkum lagagrundvelli geti orðið rýmri eftir almennum lagareglum um hefð enda má gera ráð fyrir að löggjafinn hafi ekki ætlast til að Landsvirkjun öðlaðist aðra og betri réttarstöðu en leiðir beinlínis af þeim lögum sem gilda um starfsemi fyrirtækisins. Um þetta vísast nánar til umfjöllunar nefndarinnar í máli nr. 7/2000 í kafla 12.4.1. Með vísan til þess að á þessu svæði eru eingöngu um að ræða slík lögbundin réttindi getur hefð ekki komið frekar til álita.

6.4.6.4. Virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar orkuveitur á Holtamannaafrétti

Á Holtamannaafrétti hefur Landsvirkjun reist virkjanir, vatnsmiðlanir og aðrar orkuveitur. Hér á eftir verður helstu mannvirkjum nánar lýst, auk þess sem greint verður frá staðsetningu þeirra og hvenær þau voru reist og tekin til notkunar. Samhliða verður einnig getið þeirra lagaheimilda og virkjunarleyfa sem liggja til grundvallar. Loks verður tekin endanleg afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi.

Stíflur í Þórisvatni og Þórisós

Þórisvatnsmiðlun var reist á árunum 1970-1972 vegna virkjunar Þjórsár við Búrfell. Var áin Kaldakvísl stífluð við Sauðafell og henni veitt um skurð inn í Þórisvatn við norðanvert vatnið. Við útfall Þórisvatns við norðanvert vatnið var byggð Þórisstífla sem stíflar afrennsli vatnsins og veitir Köldukvísl inn í vatnið. Við suðurenda Þórisvatns var nýju útrennsli vatnsins valinn staður með vesturhlíð Vatnsfells. Var þar grafin veituskurður út úr vatninu með steinsteyptu lokuvirki til að stjórna rennsli úr vatninu. Var veitan nefnd Vatnsfellsveita en um hana er vatni úr Þórisvatni veitt í gegnum Vatnsfellsvirkjun til Krókslóns ofan Sigölduvirkjunar og þaðan til annarra stöðva neðar á vatnasviðinu.

Í 6. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, var að finna heimild fyrir fyrirtækið til að reisa allt að 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til að tryggja rekstur hennar. Því ákvæði var síðan breytt með 4. gr. laga nr. 37/1971 en þar var mælt fyrir um heimildir Landsvirkjunar til að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þóttu til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Náði heimildin meðal annar til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Þá var Landsvirkjun heimilað með 1. mgr. 1. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Samhljóða heimild er að finna í 3. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 74/1990.

Hinn 8. júní 1970 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun leyfi til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni í sambandi við virkjun Þjórsár við Búrfell. Með leyfi 7. júlí 1971 var Landsvirkjun einnig veitt heimild til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og veitu árinnar í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn. Þá veitti iðnaðarráðherra fyrirtækinu leyfi 4. desember 1991 til að hækka stíflur og gera veitumannvirki við Þórisvatn þannig að hækka mætti vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 metra yfir sjávarmáli.

Sigölduvirkjun, Sigöldulína 2, Sigöldulína 3 og Sigöldulína 4

Í kjölfar Búrfellsvirkjunar var Sigölduvirkjun reist á árunum 1973-1977 en vélasamstæður virkjunarinnar voru gangsettar 1977 og 1978. Var Tungnaá stífluð efst í gljúfrunum ofan við Sigöldu og myndaðist við það 14 km² miðlunarlón, Krókslón, sem að hluta til nær inn á Landmannaafrétt. Frá Sigölduvirkjun liggja þrjár háspennulínur en þær eru Sigöldulína 2 sem liggur að tengivirki við Hrauneyjafossvirkjun, Sigöldulína 3, sem liggur að tengivirki við Búrfellsvirkjun og Sigöldulína 4 sem liggur að aðveitustöðinni á Prestbakka á Síðu.

Með lögum nr. 37/1971 voru gerðar breytingar á lögum nr. 69/1965, um Landsvirkjun. Var nýrri málsgrein bætt við 4. gr. laganna en þar sagði meðal annars að Landsvirkjun tæki við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjanna í Tungnaá við Sigöldu. Einnig var 6. gr. laganna breytt og mælt fyrir um heimild Landsvirkjunar til að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum. Með 1. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981,

var Landsvirkjun að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar veitt heimild til að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW.
Með leyfi iðnaðarráðherra 8. mars 1973 var Landsvirkjun veitt heimild til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.

Hrauneyjafossvirkjun og Hrauneyjafosslína 1
Hrauneyjafossvirkjun var reist á árunum 1977-81 og hófst rekstur stöðvarinnar árið 1981. Var Tungnaá stífluð um 1,5 km ofan við Hrauneyjafoss og um 5 km neðan við Sigölduvirkjun. Við stífluna myndaðist 8,8 km² dægurmiðlunarlón, sem að hluta til nær inn á Landmannaafrétt. Frá virkjuninni liggur Hrauneyjafosslína 1, sem að tengivirki við Sultartanga.
Heimild til að reisa Hrauneyjafossvirkjun var að finna í lögum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 37/1971. Samkvæmt 4. gr. laganna tók Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjana í Tungnaá við Hrauneyjafoss. Í 6. gr. laganna var Landsvirkjun síðan veitt heimild til að reisa 170 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum. Með lögum nr. 60/1981 um raforkuver var Landsvirkjun veitt heimild til að stækka virkjunina í allt að 280 MW.
Hinn 30. desember 1976 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun leyfi til að reisa fyrri áfanga 140 MW virkjun við Hrauneyjafoss.

Kvíslaveita
Árið 1980 var hafist handa við að reisa Kvíslaveitu en framkvæmdinni var skipt í fimm áfanga. Fyrstu fjórum áföngunum var lokið árið 1985. Þá höfðu verið gerðar stíflur í farvegum Stóraverskvíslar, Svartár, Þúfuverskvíslar, Eyvindarverskvíslar og Hreysiskvíslar. Við þetta mynduðust fjögur lón en þau eru Dratthalavatn, Kvíslavatn, Hreysislón og Eyvindarlón. Lónin eru tengd með skurðum og vatninu veitt í Þórisvatn en áður runnu þessar kvíslar í Þjórsá. Framkvæmdum við fimmta áfanga Kvíslaveitu lauk haustið 1997 en þá voru upptakakvíslar Þjórsár austan Hofsjökuls stíflaðar. Við stífluna myndaðist Þjórsárlón en vatni úr því er einnig veitt um Kvíslaveitu í Þórisvatn.
Heimild fyrir Kvíslaveitu var að finna í 1. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, en þar var Landsvirkjun heimilað að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m.a. með Kvíslaveitu. Samhljóða heimild er að finna í 3. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 74/1990.
Með leyfi iðnaðarráðherra 4. desember 1991 var Landsvirkjun heimilað að ljúka fimmta áfanga Kvíslaveitu.

Sultartangavirkjun
Framkvæmdir við Sultartangavirkjun hófust vorið 1997 en virkjunin var gangsett 1999 og í fullum rekstri ári síðar. Sultartangavirkjun nýtir rennsli Tungnaár sem áður hefur knúið vélar Hrauneyjarfossvirkjunar og Sigölduvirkjunar. Löngu áður en Sultartangavirkjun var reist eða á árunum 1982-1984 voru Þjórsá og Tungnaá stíflaðar austan undir Sandfelli um það bil 1 km ofan ármótanna. Liggur stíflan frá rótum Sandfells yfir farveg Þjórsár, austur yfir Sultartanga og farveg Tungnaár og áfram á suðurbakka hennar í átt að Haldi við Tungnaá. Með gerð stíflunnar myndaðist ofan hennar svonefnt Sultartangalón og þaðan er vatni veitt um farveg Þjórsár í Sultartangavirkjun. Sultartangavirkjun er í Árnessýslu og því utan við það svæði sem er til meðferðar í úrskurði þessum, sbr. mál nr. 7/2000. Sultartangalón nær hins vegar inn á Holtamannaafrétt.

Í 1. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, var mælt fyrir um heimild Landsvirkjunar til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu með stíflu við Sultartanga og virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjum) með allt að 130 MW afli. Í 3. mgr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 74/1990, er einnig að finna heimild fyrir stíflu við Sultartanga.
Með bréfi iðnaðarráðherra 12. mars 1997 var Landsvirkjun veitt leyfi til að reisa Sultartanga-virkjun, ásamt aðalorkuveitum. Í leyfinu er tekið fram að afl virkjunarinnar nemi allt að 125 MW.

Vatnsfellsvirkjun og Vatnsfellslína nr. 1
Framkvæmdir við Vatnsfellsvirkjun hófust sumarið 1999 en virkjunin var gangsett síðla árs 2001. Virkjunin nýtir fallið í veituskurðinum á milli Þórislóns og Krókslóns sem er uppistöðulón Sigöldustöðvar. Frá virkjuninni liggur Vatnsfellslína 1 að Sigölduvirkjun.
Heimild til að reisa virkjunina er að finna í 1. tl. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, svo sem því ákvæði laganna var breytt með lögum nr. 48/1999.
Með bréfi forsætisráðneytisins 12. apríl 1999 var Landsvirkjun heimilað að nýta vatnsréttindi, námur og önnur jarðefni vegna virkjunarinnar að svo miklu leyti sem svæðið teldist þjóðlenda. Var leyfið reist á 2. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Með bréfi iðnaðarráðherra 8. júní 1999 fékk Landsvirkjun síðan virkjunarleyfi fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli.

Hágöngumiðlun - Hágöngulón
Framkvæmdir við Hágöngumiðlun hófust árið 1997 og var miðlunin tekin í notkun árið 1998. Hágöngulón er 37 km² stórt og nær yfir svæði sem er fyrir austan og norðaustan við fjallið Syðri-Hágöngu. Á þessu svæði sameinast árnar Kaldakvísl og Sveðja. Með Hágöngumiðlun var aukin miðlun á vatnasviði Köldukvíslar sem nýtist virkjunum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Við rekstur miðlunarinnar er vatni hleypt úr lóninu um botnrás aðalstíflunnar í Köldukvíslarfarvegi en vatnið rennur um farveg Köldukvíslar til Þórisvatns.
Hinn 11. febrúar 1997 veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun virkjanaleyfi fyrir Hágöngumiðlun. Var leyfið reist á 7. gr., sbr. 6. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 42/1983.

Hér að framan í kafla 6.4.6.1. hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið ætlunin að framselja með einkaeignarlegum hætti fasteignaréttindi á umræddu svæði. Einnig er það niðurstaða óbyggðanefndar, svo sem rakið er í kafla 6.4.6.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felist ekki tilætlun til stofnunar eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun er því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. 2. og 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfum veittum á grundvelli þeirra þó svo ótvírætt sé að Landsvirkjun er eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur byggt og komið fyrir á þessu svæði og njóti lögvarins réttar til orkunýtingar. Þá er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun hafi ekki öðlast eignarrétt að fasteigna- eða vatnsréttindum í skjóli hefðar, svo sem nánar er rætt í kafla 6.4.6.3.

Með vísan til þessa er það niðurstaða óbyggðanefndar að Landsvirkjun sé eigandi þeirra mannvirkja/framkvæmda sem fyrirtækið hefur reist og komið fyrir á Holtamannaafrétti en þessum mannvirkjum hefur nánar verið lýst hér að framan. Jafnframt er það niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirtækið njóti lögvarins réttar til orkunýtingar, sbr. umfjöllun í kafla 6.4.5. Hins vegar er Landsvirkjun hvorki eigandi lands né vatnsréttinda á svæðinu, í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998.

6.4.6.5. Fyrirhugaðar virkjanir á Holtamannaafrétti

Kröfugerð Landsvirkjunar í málinu nær til réttinda vegna mannvirkja sem enn hafa ekki verið reist. Hér á eftir verður rakið hvaða mannvirki fyrirhugað er að reisa á Holtamannaafrétti og hvar þau verða staðsett. Einnig verður getið þeirra lagaheimilda og virkjunarleyfa sem liggja til grundvallar. Loks verður tekin afstaða til þeirra krafna sem Landsvirkjun hefur uppi vegna þessara mannvirkja.

Norðlingaöldumiðlun

Landsvirkjun hefur gert áætlun um vatnsmiðlun við Norðlingaöldu en henni er ætlað að veita vatni úr Þjórsá yfir í Þórisvatnsmiðlun. Verður Þjórsá stífluð við Norðlingaöldu en við það myndast lón sem nefnt hefur verið Norðlingaöldulón. Nær lónið inn í Árnessýslu en um miðlunina er einnig fjallað í máli 7/2000. Vatni úr lóninu verður dælt um skurði og jarðgöng upp í Illugaver austan við Kjalvötn. Þar rennur það í Kvíslarveitu og síðan til Þórisvatnsmiðlunar. Einnig verða nokkrar kvíslar Þjórsár stíflaðar við Þjórsárjökul en við það myndast lón. Tilgangurinn með því er að veita vatni úr þessum kvíslum inn í Kvíslaveitu og að fella út þann aur sem berst með þeim og rynni ella niður í Norðlingaöldulón.

Hinn 30. janúar 2003 gekk úrskurður setts umhverfisráðherra um mat á umhverfisáhrifum vegna Norðlingaölduveitu. Á fundi 1. júní ákvað hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps að kynna framkvæmdina á tillögu að aðalskipulagi þannig að vatnshæðin yrði að sumarlagi 566 metrar yfir sjávarmáli en að vetrarlagi 567,8 metrar yfir sjávarmáli. Í samræmi við úrskurð ráðherra eru báðar vatnsstöður utan marka friðlandsins í Þjórsárverum, sbr. auglýsingu menntamálaráðuneytisins nr. 507/1987 frá 10. nóvember 1987.

Lagaheimild til að reisa Norðlingaölduveitu er að finna í 2. gr. laga nr. 60/1981, um raforkuver, svo sem þeim var breytt með lögum nr. 67/2003 en þar segir að Landsvirkjun sé heimilt að fengnu leyfi iðnaðarráðherra að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfisráðherra, dags. 30. janúar 2003. Ekki liggur fyrir leyfi til gerðar Norðlingaöldumiðlunar.

Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslína

Undirbúningsframkvæmdir vegna Búðarhálsvirkjunar eru hafnar en vegur hefur verið lagður að fyrirhuguðu stöðvarhúsi, auk þess sem jarðvegsvinna við þær framkvæmdir eru hafnar. Einnig hefur Landsvirkjun látið reisa brú yfir Tungnaá sem mun sinna fyrirhugaðri Búðarhálsvirkjun. Þá er fyrirhugað að reisa Búðarhálslínu 1 sem liggi frá virkjuninni í tengivirki við Sultartangavirkjun.

Í 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60/1981, er að finna heimild fyrir iðnaðarráðherra til að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka virkjun á ármótum Köldukvíslar og Tungnaár við Búðarháls (Búðarhálsvirkjun) með allt að 120 MW afli. Með bréfi, dags. 13. júlí 2001, heimilaði forsætisráðuneytið fyrir sitt leyti, Landsvirkjun að nýta vatnsréttindi, námur og önnur jarðefni til að reisa virkjun ásamt aðalorkuveitum við Búðarháls í Rangárvallasýslu og annarra framkvæmda af því tilefni. Leyfið var veitt með fyrirvara um að síðar verði fjallað um afnot Landsvirkjunar af svæðinu og endurgjald fyrir þau afnot frá því að þau hefjast þegar úrskurður óbyggðanefndar liggur fyrir. Með bréfi, dags. 22. ágúst 2001, veitti iðnaðarráðherra Landsvirkjun leyfi til að reisa 120 MW virkjun við Búðarháls og sama dag ritaði Landsvirkjun sveitarstjórn Ásahrepps bréf með beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir 120 MW virkjun við Búðarháls sem veitt var samdægurs.

Háspennulína yfir Sprengisand (Sultartangalína 4)

Á svæðisskipulagi miðhálendis Íslands fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir því að lögð verði háspennulína frá tengivirki við Svartárkot suður yfir Sprengisand að virkjun á Þjórsár/Tungnaársvæðinu.

Sú niðurstaða er fyrr rökstudd, sbr. kafli 6.4.6.2., að í lögbundnum heimildum Landsvirkjunar til byggingar og reksturs virkjana, aðalorkuveitna og/eða til framkvæmda og mannvirkjagerðar á nánar tilgreindu svæði, felist ekki tilætlun um stofnun eignarréttarlegra heimilda að vatni, landi eða öðrum fasteignaréttindum. Landsvirkjun sé því hvorki eigandi vatns- eða landsréttinda í skilningi 1., 2. eða 7. gr. laga nr. 58/1998, sbr. og 49. gr. vatnalaga í þeim tilvikum að heimildir fyrirtækisins styðjast eingöngu við lagaheimildir og leyfi veitt á grundvelli þeirra. Enn fremur er það utan valdsviðs óbyggðanefndar að ákvarða aðilum réttindi að landi vegna mannvirkja sem ekki hafa enn verið reist.

6.5. Vatnajökull og önnur landsvæði í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi

Því landsvæði, sem til meðferðar er í máli þessu, má skipta í þrennt, þ.e. Holtamannaafrétt, hluta Vatnajökuls og önnur landsvæði í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú tilheyrandi Rangárþingi ytra. Um Holtamannaafrétt er fjallað í kafla 6.3. og vísast þangað. Þá taka kröfur Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna sveitarfélaganna og jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi til alls þess hluta Vatnajökuls sem til meðferðar er í máli þessu. Um eignarréttarlega stöðu þess svæðis er því einnig fjallað í kafla 6.3.

Þar sem kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendu taka einungis til afréttarins og jökulsvæðisins austan hans er óumdeilt að annað land sem hér er til meðferðar, sbr. kafla 2.4. um afmörkun málsins, sé eignarland. Málsmeðferð óbyggðanefndar einskorðast þó ekki við kröfur aðila heldur ber nefndin sjálfstæða rannsóknarskyldu, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Eftir er því að gera grein fyrir afstöðu óbyggðanefndar til eignarréttarlegrar stöðu þeirra landsvæða sem liggja utan við kröfusvæði íslenska ríkisins.

Óbyggðanefnd telur ekkert benda til þess að utan kröfusvæðis íslenska ríkisins í máli þessu sé að finna landsvæði sem þarfnist frekari rannsóknar, sbr. kafla 4.2. um rannsóknarskyldu óbyggðanefndar. Þar ber þess sérstaklega að geta að ekki verður ráðið af heimildum að í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi séu samnotaafréttir eða afréttir einstakra jarða/stofnana umfram það sem þegar hefur verið fjallað um. Þá eru engar vísbendingar um að á svæðinu sé að finna svokallaða almenningsfjöru, sbr. umfjöllun um fjörur í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

6.6. Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

7. ÚRSKURÐARORÐ[1]

Holtamannaafréttur, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, er þjóðlenda:

Að vestan af Þjórsá frá ármótum Tungnaár og Þjórsár í Sultartangalóni norður að ármótum Þjórsár og Fjórðungakvíslar. Að norðan fylgja mörkin miðjum farvegi Fjórðungakvíslar í punkt við Jökuldal. Þaðan eftir Jökuldal, beina línu milli fimm punkta sem staðsettir eru í miðjum farvegi Fjórðungakvíslar. Þaðan í austasta punkti í hæðarpunkt 1115 m. Þaðan í Deili, hæð 1125 m og þaðan að jökuljaðrinum í stefnu til Bárðarbungu, hæð 2009 m. Að sunnan fylgja mörkin Tungnaá frá ármótum við Þjórsá um Hrauneyjarlón og Krókslón að útfalli Blautukvíslar. Austurmörkin eru síðan frá þeim stað í stefnu í Þóristind og þaðan efst í Þveröldu austan Þórisvatns. Úr Þveröldu er síðan dregin lína í austsuðaustur efst í Svartakamb og þaðan út í Tungnaá. Fylgja mörkin síðan meginfarvegi Tungnaár allt að jökuljaðri í Fremri-Tungnaárbotnum. Þaðan fylgja mörkin síðan jökuljaðrinum uns línan milli Deilis og Bárðarbungu sker jökuljaðarinn. Miðað er við jökuljaðarinn eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Sama landsvæði er afréttur jarða í Ásahreppi og fyrrum Djúpárhreppi, nú innan Rangárþings ytra.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. svæði það innan jaðars Vatnajökuls sem til meðferðar er í máli þessu, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

Þaðan sem lína úr Deili, hæð 1125 m, og í Bárðarbungu, hæð 2009 m, sker jökuljaðarinn og áfram í Bárðarbungu (hæð 2009 m). Úr Bárðarbungu yfir Kerlingar og þaðan að upptökum Tungnaár í Fremri-Tungnaárbotnum, við jaðar Tungnaárjökuls. Á milli tveggja fyrrnefndra punkta við jaðar Vatnajökuls er miðað við jökuljaðar eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll.

Landsvirkjun er ekki eigandi landsréttinda, þ.m.t. vatnsréttinda, á svæðinu í skilningi 1., 2. og 7. gr. laga nr. 58/1998 en á svæði þessu fer Landsvirkjun með eignarrétt að mannvirkjum/framkvæmdum sem fyrirtækið hefur reist þar og sem nánar hefur verið fjallað um í úrskurðinum. Jafnframt nýtur Landsvirkjun lögvarins réttar til nýtingar þessara mannvirkja/framkvæmda.

Allur kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins og Landsvirkjunar, utan þóknunar lögmanna hefur þegar verið greiddur. Þóknun lögmanna ákvarðast svo: Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl. 750.000 kr. og Þórður Bogason hdl. 550.000 kr., er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er fyrirvari um hnitasetningu að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Kristján Torfason

Allan V. Magnússon Benedikt Bogason

1 Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

VIÐAUKI

ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

í málunum nr. 1-7/2000 (uppsveitir Árnessýslu)
og 1-5/2001 (sveitarfélagið Hornafjörður)

Sérprentun 3. júní 2004

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI **83**

1. INNGANGUR **85**

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR **85**

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA **86**
3.1. Landnám 86
3.2. Hefð 88
3.3. Lög 91

4. FLOKKUN LANDS **91**
4.1. Almennt 91
4.2. Jörð 92
4.3. Almenningar 96
4.4. Afréttir 98
4.5. Jörð eða afréttur? 103
4.6. Jöklar 104
4.7. Fjallskil 108
4.8. Ítök 111
4.9. Fjörur og rekaeign 113

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD **116**
5.1. Almennt 116
5.2. Jarðamöt og jarðabækur 117
5.3. Máldagar og vísitasíur 118
5.4. Lögfestur 120
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf 121
5.6. Afsals- og veðmálabækur 124
5.7. Aðrar heimildir 125

6. NIÐURSTAÐA **126**

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar á fyrsta landsvæðinu, sem tekið var til meðferðar, sjá mál nr. 1-7/2000, er í kaflanum „Almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra. Í úrskurðum óbyggðanefndar á næsta landsvæði, sem tekið var til meðferðar, er í kaflanum „Viðauki við almennar niðurstöður óbyggðanefndar“ aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við, sjá mál nr. 1-5/2001. Framangreindir tveir kaflar hafa nú verið felldir saman, með lítils háttar breytingum, og fara hér á eftir.

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í jarðir, almenninga og afrétti og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100-150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300-400 m hæð en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um 2/3 hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600-700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari uns hann hefur horfið að mestu í 800-1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um 1/4 hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

1 Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi.* Reykjavík. S. 28.
2 Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða.* Reykjavík. S. 13.

Nú þekur gróður aðeins um 1/4 hluta landsins í heild og um 10/100 hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um 1/100 hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[1]

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874-930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[2] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[3] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjǫllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[4]

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Land-

1 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10-11. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík. S. 133-134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994.* Reykjavík. S. 565.

2 *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

3 *Landnámabók* 1986, s. 321.

4 *Landnámabók* 1986, s. 337.

námu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[1] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[2] Enn fremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[3] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[4] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

---

1 Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags.* S. 6-7, 20. Jón Jóhannesson, 1954-58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags.* S. 225-226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags.* S. 193-222.

2 Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203-217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222-225, 231-233.

3 Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578-584. Sjá enn fr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði.* 1-3. b. (1980-1996).

4 Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands.* 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands.* 1. b. Reykjavík. S. 165.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr átǫlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lǫgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[1]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[2]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að hefð sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[3]

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[4]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[5] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr.:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

---

1 *Jónsbók. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314.* Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

2 Sbr. *Biskupa sögur.* 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

3 Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder.* 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287-288.

4 *Íslenskt fornbréfasafn.* 13. b. Reykjavík 1933-1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands.* 1. b. Reykjavík 1912-1914. S. 425-426. *Alþingisbækur Íslands.* 3. b. Reykjavík 1917-1918. S. 33-35.

5 *Íslenskt fornbréfasafn* 13, s. 351.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[1]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi sem verið hefðu kirkjueign.[2]

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinsson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[3]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[4]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30-40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[5] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli upprekstrs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[6]

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

> Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg

1 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802-1873.* 3. b. Reykjavík 1925-1931. S. 360-374.
2 *Lovsamling for Island.* 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.
3 *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga.* Fyrsta þing 1. júlí til 5 augúst 1845. Reykjavík 1845. S. 2-12.
4 *Tíðindi frá Alþingi*…1845, s. 466.
5 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum.* 3. b. (1886-1889) Reykjavík 1890. S. 236-241.
6 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum.* 5. b. (1895-1898) Reykjavík 1901. S. 327-330.

> til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. …
>
> Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...[1]

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.[2]

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignaréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.[3] Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignarhefð viðurkennd enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

1 *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426-428.
2 *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.
3 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14-15.

Þá er og ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga, nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands, sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjánda öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gilti einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.[1]

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.[2]

4. FLOKKUN LANDS

4.1. Almennt

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk

1 Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga.* 7. b. Reykjavík. S. 254-255.

2 Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir.* (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

almenninga. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

> Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lǫg fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt.[1]

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.[2] Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalögum um „aðrar óbyggðar lendur“.[3] Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, eignarland og þjóðlendu, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi“. Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“. Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum eignarland og þjóðlenda. Verður nú hugað að jörðum, afréttum og almenningum í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

> Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfǫll deila til sjóvar. … Síðan skipaði hann heraðit sínum félǫgum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjǫrð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.[4]

---

1 *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás*. *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lbþ.).

2 Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.-2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

3 Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island*. 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251-257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882 og 41/1919.

4 *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139-146, 230-232.

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.[1] Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítǫk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjǫll þau eru, er vatnfǫll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjárgangi á fjǫll upp, kveða skal þar á merki“[2]. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jǫrð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar ... “[3]

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.-3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.-3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.[4] Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.[5]

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.[6] Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.[7] Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum, nr. 15/1923.[8] Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæsta-

1 *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lbþ.).

2 *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.-32. k. llb.).

3 *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

4 Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188-192 (56.-57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

5 Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

6 Sjá nú einnig 2.-3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

7 Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324-325, 350-351 (34., 35. og 52. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 188-190 (56. k. llb.).

8 Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

réttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.[1] Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.[2] Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.[3] Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákveðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.[4] Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.[5] Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins jörð í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu aðalbóli í Grágás og höfuðbóli í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið staður er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.[6]

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.[7] Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið hjáleiga kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.[8] Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og heimalönd, smálönd og hjábýli.[9] Hjáleigubyggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.[10]

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.[11] Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta.

1 Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 194-196 (6. og 60. k. llb.).
2 Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 135-136 (6. og 7. k. llb.).
3 Sjá 3. k., 8.-10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island.* 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454-455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.
4 *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106-108, 110-112 (29. og 32. k. ffb.).
5 Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.
6 Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen.* I. Bergen. S. 35.
7 *Grágás* 1992, s. 344 (48. k. lbþ.).
8 *Íslenskt fornbréfasafn.* 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem hjáleiga kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga.* Reykjavík. S. 55).
9 Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund.* Kaupmannahöfn. S. 94.
10 Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag.* Reykjavík. S. 462-463.
11 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931-1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[1] Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

Lögbýli var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli heimajarðar og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið lögbú þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.[2] Þau hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið heimaland kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

> Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalǫndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sǫk á því.[3]

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“ þó að þaðan liggi næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.[4]

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist heimaland stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubyggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.[5]

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

> *Heimalönd*. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:
>
> *a. Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

1 Hitzler, Egon 1979: *Sel - Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit.* Ósló. S. 213-215, 226.
2 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 13. b. Fylgiskjöl. Reykjavík. S. 24.
3 *Jónsbók* 1904, s. 292.
4 *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.
5 Björn Teitsson,1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703-1930.* Reykjavík. S. 78-79.

> *b. Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.[1]

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi“ eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu Lýsing Íslands að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum“.[2]

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.[3]

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi nema sérstök frávik leiði til annars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat, sem fram fer fyrir óbyggðanefnd, sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í jarðir, afrétti og almenninga, þar sem jörð hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining

1 *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892.* B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.
2 Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands.* 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.
3 Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.[1] Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.[2] Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.[3] Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningsland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.[4] Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.[5]

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

> Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.[6]

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

> Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjárgangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivǫtn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvǫku; þar eigu menn at telgja við ok fœra til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bœti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...[7]

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.[8]

---

1 Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868-869. *Íslenskt fornbréfasafn.* 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn.* 9. b. Reykjavík 1909-1913. S. 642.

2 Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187-189.

3 Bjarni Jónsson frá Vogi, 1917-1919: *Almenningar og afrjettir. Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar* (B). S. 20-22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga.“ *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61-62.

4 Bjarni Jónsson frá Vogi 1917-1919, s . 27-30.

5 Eggert Briem 1917, s. 61-62.

6 *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

7 *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).

8 *Jónsbók* 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.[1] Í því sambandi hefur verið bent á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.[2] Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar allnokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.[3] Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nytjar af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.[4]

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.[5] Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklingseignarréttinda yfir.[6] Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins og hins vegar öræfasvæðum sem engar hefðbundnar nytjar eru af.[7]

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.[8] Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.[9] Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins afréttur er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands. Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.[10]

1 Eggert Briem 1917, s. 61-62.

2 Sjá eldri Frostaþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387.* 1. b. Christiania 1846. S. 250-251. *Norges gamle love indtil 1387.* 2. b. Christiania 1848. S. 144-145.

3 Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104-114.

4 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

5 Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

6 Gaukur Jörundsson, 1982-1983: *Eignaréttur II,* s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994.* Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.-1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

7 Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

8 Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur*. Reykjavík. S. 83.

9 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

10 Bjarni Jónsson frá Vogi 1917-1919, s. 43.

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.[1] Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.[2]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur bjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.[3] Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.[4] Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má samnotaafrétti. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða afrétti einstakra jarða og stofnana en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að meginstefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparhátta verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignar-

1 Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

2 *Jónsbók* 1904, s. 176-177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig *Grágás* 1992, s. 330-331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lbþ.).

3 *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

4 Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

land, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til upprekstur á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði ...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.[1] Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi en það var bannað í afréttum og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.[2]

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.[3] Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.[4] Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.[5] Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.[6]

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.[7]

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum

1 *Jónsbók* 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330-331 (38. k. lbþ.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.-8. gr., og nr. 6/1986, 7.-8. gr.

2 *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

3 *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbþ.).

4 *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.).

5 Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

6 Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

7 Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

utan landareigna lögbýla enda gæti enginn sannað einstaklingsréttarheimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga, nr. 53/1957, sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsþarfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnota-afrétta. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur, beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum, sem hvorki falla í flokk afrétta né sýnt verði fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.[1]

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika“.[2]

Skyldur þeirra, er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum, hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.[3] Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur afréttaralmenningur, sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og samnotaafréttur. Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni, segir svo: „Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.“

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

---

1 Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

2 Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.-10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

3 Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu, nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögunum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvarar vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.[1] Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.[2]

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.[3] Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot, sem falist hefðu í sumarbeit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum, styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða, sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri, sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtsdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómar skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir samnotaafrétt, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn afréttir einstakra jarða og stofnana, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir, hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv., sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með, hefur einungis verið um að ræða

1 Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

2 Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966, um fuglaveiði og fuglafriðun, og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

3 Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur, sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið jörð, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnist allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum, þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar, kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitiland með svipuð-

um hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum“ og í „óbyggðum“.[1] Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.[2]

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.[3] Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málspaka), Gesta Danorum, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.[4] Saxi lýsir þessu sem furðufregn og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.[5] Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

> Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo óbræðiligir jöklar með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.[6]

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosið í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.[7] Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukenninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.[8] Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.[9]

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og

1 Sbr. *Grágás* 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272-273.

2 *Íslendinga sögur.* 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki…“

3 Sigurður Þórarinsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline.“ *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands.* S. 1-2, 15.

4 Sigurður Þórarinsson 1960, s. 14-15.

5 Sbr. Saxo Grammaticus, *1985: Danmarks Krønike.* Kaupmannahöfn. S. XXII-XXIII.

6 *Byskupa sögur.* 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

7 *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

8 *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrystallinis* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinsson 1960, s. 16-17).

9 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

hnígur og skríður undan eigin fargi.[1] Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.[2] Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nytjar af eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.[3]

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

> Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.[4]

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarka/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarka sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda.[5] Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatna-

1 Minnisblað Odds Sigurðssonar jöklafræðings til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

2 Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.

3 Sbr. þessi orð Sigurðar Líndals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklasvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almannaréttur er bundinn við.“ („Eignarréttur á landi og orkulindum.“ Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994.* Reykjavík 1994. S. 592).

4 Þskj. 598. Alþtíð. 1997-1998, 122. Lögþ. A: 2598.

5 Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

laga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.[1] Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka, sem þar myndast, sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.[2] Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.[3] Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands, sem hulið er jökli, fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekkta jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

---

1 Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994.* Reykjavík. S. 510-512.

2 Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

3 Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.[1] Hafi landnám náð að jökli hefur það land, sem horfið hefur undir jökul, tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalög og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars, sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900, er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land, sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalög eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998, var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalýsingu. Gagnvart jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalínu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land, sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna, falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands, sem komið hefur undan jökli, kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998 þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands, sem kemur undan jökli eftir þann tíma, njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringum-

1 Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands,“ dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands.* 29. árg. – Sigurður Þórarinsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands.* 1. b. Reykjavík. S. 43-48.

stæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum, þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru enn fremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám ef þessi réttur var brotinn.[1] Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælst til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.[2] Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.[3]

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn, er næstir bjuggu afrétti, beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarbeit því aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.[4]

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

1 Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134-136, 144-145 (6. og 18. k. llb.).
2 *Jónsbók* 1904, s. 292.
3 *Jónsbók* 1904, s. 152-154 (24. k. llb.).
4 *Jónsbók* 1904, s. 176-177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330-331 (38. k. lbþ.).

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

> Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii. [þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lǫgréttt skal vera, skipa svá ǫðrum gǫngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mǫrk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gǫnguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.[1]

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.[2]

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr.

1 *Íslenskt fornbréfasafn.* 8. b. Reykjavík 1906-1913. S. 149.
2 *Jónsbók* 1904, s. 193-194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vorsmölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimalands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimalands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða hátta þannig til að bændur sammælist um smölun heimalanda sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur, sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna, verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrir fram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum annars eða annarra aðila.[1] Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið ítak ekki skilgreint sérstaklega en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.[2]

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

> Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítǫk; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með váttum tveim eða fleirum.[3]

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.[4] Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,[5] og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda kaup og ítakaskipti.[6] Elsta skjallega heimildin um ítakaeign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.[7] Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta rekaskrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.[8] Ítökum fjölgaði síðan jafnt og þétt og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.[9]

---

1 Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

2 Sbr. *Grágás* 1992, s. 288.

3 *Jónsbók* 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í *Grágás* (1992, s. 290) án þess að orðið ítak sé þar notað.

4 Sbr. *Grágás* 1992, s. 296, 321, 329. *Jónsbók* 1904, s. 147-148, 150.

5 *Grágás* 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder.* 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

6 Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar.* Reykjavík. S. 277.

7 *Íslenskt fornbréfasafn.* 1. b. Kaupmannahöfn 1857-76. S. 178-180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

8 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67-76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246-248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248-251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

9 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, móskurður/mótak, engjatak/engjaítak, reki/rekaítak.*

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð, sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta, fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).[1] Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrísaskóg og raptvidahögg í jördunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.[2] Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.[3]

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingarafla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparhátta og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.[4] Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka, sem á jörðum hvíldu, komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.[5] Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.[6] Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það, sem ítakið er á, sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.[7] Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

---

1 Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

2 *Íslenskt fornbréfasafn.* 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

3 Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur.*

4 Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni ítak eða ískylda.

5 Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

6 Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögunum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því, sem varð að umræddum lögum, segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

7 Í greinargerð með frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 113/1952, er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti sem sveitarfélög eiga. Í lögunum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafrétti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.[1] Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397[2] og Gíslamáldaga frá 1570.[3] Þá segir í Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.[4] Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign, sem liggur að sjó, nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.[5] Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.[6] Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.[7]

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.[8] Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lǫgum sé frá komit.“[9] Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.[10] Allan reka utan rekamarka var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.[11]

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða reka-

1 *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.
2 *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.
3 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.
4 *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.
5 Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.
6 Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.
7 Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.
8 Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.-2. gr.
9 *Jónsbók* 1904, s. 194.
10 *Grágás* 1992, s. 351-352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194-195.
11 *Grágás* 1992, s. 353-354. *Jónsbók* 1904, s. 196-197. Á öðrum stað í Jónsbók (s. 203) segir þó að þess hvals, sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

maður má nýta á allan reka".[1] Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.[2] Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir".[3] Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á fiskhelgi:

> Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrvir [fellur út] utast.[4]

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.[5]

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

> Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.

> Þad var logtekid um rekamark a Auxararþijnge af badum lôgmônnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast þad landeigande hvort þad er trie edur hvalur.[6]

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá rekamaður eða fjörumaður, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

> Ef maðr kaupir reka af landi manns at lǫgmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fjǫru þeiri álnarlǫng kefli ǫll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.[7]

Rekamaður átti einnig allan ómerktan við og hval sem menn fluttu úr almenningi[8] ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins

1 *Grágás* 1992, s. 552. Í *Jónsbók* virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis út fyrir netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlǫg, þá á sá allan er veiðir" (*Jónsbók* 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

2 Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir.* 1. b. Reykjavík. S. 219.

3 *Grágás* 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. *Grágás* 1992, s. 353-354). Samkvæmt *Jónsbók* 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði".

4 *Grágás* 1992, s. 353-354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

5 Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst" *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder.* 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

6 *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1-2.

7 *Jónsbók* 1904, s. 196-197.

8 Í *Jónsbók* er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).

vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.[1] Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land".[2] Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.[3]

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.[4] Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skrám aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.[5] Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig rekagrunnurinn enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.[6] Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Öræfum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.[7] Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst".[8] Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.[9]

Netlögum má líkja við „fiskveiðilögsögu" sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

> Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.[10]

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gilti einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.[11] Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

---

1 *Grágás* 1992, s. 354-355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196-197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í Jónsbók.

2 *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201-203, 208-209.

3 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56-57.

4 Sbr. einnig hugtakið ítaksreki um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

5 Kuhn, Hans, 1943-1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags.* S. 73. Austfirðingar nota orðið sandur um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

6 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

7 Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

8 *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193-194.

9 Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, *Grágás* og *Jónsbók*, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandaspik"). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. *Jónsbók* 1904, s. 135.

10 *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

11 *Jónsbók* 1904, s. 197.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.[1] Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera almenningur.[2] Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.[3] Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.[4] Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.[5] Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annaðhvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitaefni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendulögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.[6] Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.[7]

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál og landamerki þar með.

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

1 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.
2 *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.
3 Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.
4 Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.
5 Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.
6 Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982-83: *Eignaréttur* II, s. 136.
7 Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarrétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).[1]

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.[2] Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.[3]

Á árunum 1702-1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landspjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrjettingu“ í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær, sem hér hefur verið vikið að, eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu“ sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.[4] Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar.“[5]

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.[6] Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru

1 Sbr. *Lovsamling for Island.* 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.
2 Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers.* Lundi. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Islands jordebok under förindustriell tid.* Lundi. S. 18.
3 Björn Lárusson 1967, s. 63.
4 Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island.* Kaupmannahöfn. S. 165-175.
5 *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).
6 Björn Lárusson 1982, s. 17.

dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.[1] Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800-1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.[2] Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum“.[3] Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu Ný jarðabók fyrir Ísland. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum, nr. 22/1915, sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

> Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til upprekstrs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.
>
> Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

5.3. Máldagar og vísitasíur

Hugtakið máldagi var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

> Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann

1 Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

2 *Lovsamling for Island.* 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475-481.

3 *Lovsamling for Island.* 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða lesa skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn einu sinni á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.[1]

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082-1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.[2] Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það heimanfylgja hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd afvinna, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.[3]

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. staður að skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum staðamálum á síðari hluta 13. aldar.[4] Jafnframt gilti sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.[5]

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta, sem fyrir var, í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.[6] Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum

1 *Grágás* 1992, s. 12.

2 Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis.* Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134-135.

3 Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

4 Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands.* 3. b. Reykjavík. S. 123-126, 223-226.

5 Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar.* Fyrri hluti. 1984. S. 40-49.

6 *Norges gamle love indtil 1387.* 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.[1]

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentiskt" kirkjuregistur.[2] Eftir siðaskipti tóku vísitasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.[3]

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið lögfesta fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (llb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (llb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (llb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gilti almennt en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gilti aðeins í 12 mánuði (llb. 17).[4]

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (llb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

> Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lǫgfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lǫgfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lǫgmáli réttu …

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum", þ.e. fylgja máli eftir til laga.[5] Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf „sökum harðinda, fjúka og óveðráttu". Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðrabakka.[6] Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.[7]

1 Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi." *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder.* 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.
2 *Lagasafn*. Íslensk lög 1. október 1995. S. 513-514.
3 Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn. Skrár Þjóðskjalasafns* 3. Reykjavík. S. 47-48.
4 Sbr. Sigurður Líndal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island." *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder.* 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175-176.
5 Páll Vídalín, 1854: *Skýringar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast* ... Reykjavík. S. 165.
6 *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld.* Útdrættir. Reykjavík 1993. S. 162.
7 *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519-521.

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.[1] Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga[2] virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.[3] Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarðabréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.[4] Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um land væru í ólestri.[5] Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.[6] Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalýsingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.[7] Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.[8] Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja,

1 Sjá *Alþingisbækur*. 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.
2 Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.
3 Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).
4 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga 1847*, s. 67-68; 1849, s. 26, 261-263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515-516; 1879 (fyrri partur), s. 24-28; 1881 (síðari partur), s. 118.
5 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga 1849,* s. 28-29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (fyrri partur), s.197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.
6 Sjá *Tíðindi frá Alþingi Íslendínga 1849*, s. 29, 31, 261, 274-275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763-764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá enn fr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.
7 Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.
8 Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516-518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá enn fr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gilti því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.[1] Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu.“ Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands“ sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land“ í stað „jarðar“ og „fyrirsvarsmann“ í stað „umráðamanns“, sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrám þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrám hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðila vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.[2] Orðin landamerkjalýsing og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggerninga. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari en samkvæmt 17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum, ...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjalaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

1 Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.
2 Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).[1]

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðhátta, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsimálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).[2] Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir“ umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

1 Enn fremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

2 Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lögmálum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.[1] Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lögmála á Alþingi, sbr. 8.-9. kapítula landsbrigðabálks í Jónsbók.[2]

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellísins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmanni falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pantsetningar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga, nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt tilskipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetningar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þíngi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“[3] Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skrám þeirra.[4] Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.[5]

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Landsyfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga, nr. 39/1978, þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnsýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992 var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skrám og framlagningu þeirra.[6] Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala þótt þeim hefði áður

1 *Grágás* 1992, s. 300 (14. k. lbþ.).
2 *Jónsbók* 1904, s. 127-128 (8.-9. k. lbb.), 221-222 (11.-12. k. kb.).
3 Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peningabrúkun á Íslandi.* Kaupmannahöfn. S. 57.
4 Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur.* Reykjavík. S. 29.
5 *Alþingistíðindi* A 1977-1978, s. 1382.
6 Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.[1] Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þágildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómar hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómar sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar, verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitaefni.

Heimildir um stjórnsýslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófasts. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi, sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

1 Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.

b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.

c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat

á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í jarðir, afrétti og almenninga. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum eignarland og þjóðlenda.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýtt til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð, sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það, sem ítakið er á, sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst

og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv., sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með, hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur, sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða, sem hefur verið lagt til afréttar, vísast til umfjöllunar um hugtakið jörð.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886-1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst. Enn fremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignar-

réttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur, sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land, sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv., sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands, sem hulið er jökli, fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

FYLGISKJÖL

I. Kort
II. Aðilaskrá
III. Skjalaskrá


ÞJÓÐLENDULÍNA -Mál nr. 1/2003, Ásahreppur og fyrrur
Landmannaafréttur
Krafa fjármálaráðherra f.h. ríkisins um þjóðlendumörk.
Kröfur ýmissa aðila um eignarréttindi.
Útlína jökuls skv. uppréttum Landsat-7 gervitunglamyndum og loftmyndum.
Kröfulína Landsvirkjunar.
Mismunur á jökulsvæði, eins og það er teiknað á kortgrunni, og úrskurðarlínu óbyggðanefndar,
að því leyti sem hún fylgir jökuljaðri, skýrist af mismunandi aldri og nákvæmni gagna.

m Djúpárhreppur, nú í Rangárþingi ytra, ásamt Holtamannaafrétti.



lendu, skv. úrskurði
efndar.
tareignar innan þjóðlendu
rði óbyggðanefndar.
rkjapunktur.

Dags. 9.12.2004
Kortgrunnur IS50R
Mælikvarði: 1:150 000

Kortagerð: Sigurgeir Skúlason, landfræðingur
© Landmælingar Íslands, leyfi nr. L02030013

II. Aðilaskrá

Þjóðlenda	Fjármálaráðuneytið f.h. íslenska ríkisins
Holtamannaafréttur	Ásahreppur
Holtamannaafréttur	Rangárþing ytra
Holtamannaafréttur	Ásahreppur vegna jarða í Ásahreppi.
Holtamannaafréttur	Rangárþing ytra vegna jarða í fyrrum Djúpárhreppi.
Holtamannaafréttur	Landsvirkjun

III. Skjalaskrá

Lagt fram af Ólafi Sigurgeirssyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

1 Kröfulýsing, dags. 25.4.2001.
1(1) Bréf fjármálaráðuneytis v/ meðfylgjandi kröfulýsingar, dags. 26.4.2001.
1(2) Skjalaskrá, dags. 25.4.2001.
1(3) Tilvísanaskrá, dags. 25.4.2001.
1(4) Greinargerð fjármálaráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins, dags. 30.5.2003.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

2 Yfirlit Þjóðskjalasafns yfir heimildaleit í óprentuðum frumgögnum, dags. 3.11.2004.

Landamerkjabók:

2(15) Landmannaafréttur, dags. 22.10.1886.

Jarðamatsskjöl úr Rangárvallasýslu:

2(1) a-b Jarðamat í Rangárvallasýslu 1802-1804, ásamt uppskrift að hluta.
2(2) Ljósrit úr gerðabók jarðamatsnefndar frá 1849. Sjá nánari lýsingu í skilabréfi Þjóðskjalasafnsins.

Skjöl skráð í afsals- og veðmálabækur:

2(3) Lögfesta Þjórsártungna, byggð á dómunum frá 1476. Dags. 27.12.1856. Afsals- og veðmálabók 1832-1865.
2(4) a-b Umboðsmaður hreppsnefndar Ásahrepps veitir Gesti Einarssyni umboð til að koma í verð „eign hreppsins fossunum Gljúfurleitarfossi í Þjórsá og Hrauneyjarfossi og Ármótafossi í Túná ásamt vatninu í ánum og árfarvegunum og nægu landi og byggingarefni, sem þarf til starfsrækslu og útbyggingar fossunum“. Dags. 27.2.1913. Rang. DB/3, nr. 131. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
2(5) Framsöl umboða til sölu á fossum í Þjórsá, afsöl forkaupsréttar, umboð til að koma vatnsafli í Þjórsá fyrir Galtalækjarlandi (Þjófafossi m.m.) frá árunum 1909-1914. Rang. DB/3, nr. 186-191. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
2(6) Kaupsamningar Landmanna-, Ása- og Holtahreppa við Einar Benediktsson um vatnsafl í Tungnaá á Landmanna- og Holtamannaafréttum, yfirlýsing varðandi Klofaey og Litlu-Klofaey og kaupsamningar sömu hreppa og fleiri aðila varðandi vatnsafl í Þjórsá, gerðir á árinu 1916. Rang. DB/3, nr. 457-471. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 7.
2(7) Viðurkenning hreppsnefndar Holtahrepps fyrir greiðslu fyrir vatnsaflsréttindi á Holta- og Landmannaafréttum, 9.10.1917. Rang. DB/3, nr. 13. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
2(8) Sölutilboð og afsal fyrir hálfum Gljúfurleitarfossi í Þjórsá til Titans hf. frá Ásahreppi, 18. september 1917 og 26.1.1918. Rang. DB/3, nr. 24 og 25. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
2(9) Kauptilboð Ásahrepps til Titans hf. á vatnsréttindum í Köldukvísl og Þórisvatni, 18.9.1917. Rang. DB/3, nr. 70. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.
2(10) Yfirlýsingar Einars Benediktssonar varðandi yfirfærslur á vatnsréttindum í Þjórsá og

Tungnaá, 31.10.1917. Rang. DB/3, nr. 82 og 83. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.

2(11) Samþykki sýslunefndar Rangárvallasýslu við beiðni Landmanna-, Ása- og Holtahreppa að mega selja, leigja eða yfirfæra til Titans hf. öll vatnsréttindi hreppanna „í Þjórsá og Tungnaá og vötnum þeim, er renna í ár þessar bæði í afréttum hreppanna eða í heimalöndum þeirra, er að ánum liggja“, 16.11.1916. Rang. DB/3, nr. 109. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8.

2(12) Afsal Ásahrepps til Titans hf. á vatnsréttindum í Köldukvísl og Þórisvatni, 13.6.1921. Rang. DB/3, nr. 281. Afsals- og veðmálabók Rangárvallasýslu, nr. 8. Sáttaskjöl úr Rangárvallasýslu:

2(13) a-b Sátt um landamerki Syðstu- og Miðmerkur, 31. október 1818. Sáttabók Út-Eyjafjalla 1807-1833, bls. 21.

Dóma- og þingabækur úr Rangárvallasýslu:

2(14) Ágreiningur hreppsnefnda Holta- og Ásahreppa um eignarrétt yfir Holtamannaafrétti 1913-1914. (Rang. V, 24. Dóma- og þingbók 1909-1914).

2(16) Upplestur á dómi frá 1476 og vitnisburði 1717 um Landmanna- og Holtamannaafrétt á manntalsþingi að Þjóðólfshaga í Holtum, dags. 4.6.1805, ásamt uppskrift að hluta.

3 Bréf Ögmundar Helgasonar, forstöðumanns handritadeildar Landsbókasafns, um heimildaleit í bréfabók Brynjólfs Sveinssonar biskups, dags. 14.2.2003.

4 Yfirlit yfir heimildaleit óbyggðanefndar í frumgögnum, dags. 25.11.2003.

Landamerkjabréf:

4(51) Einarsstaðir Þingeyjarsýslu, dags. 6.5.1890.

4(52) Skútustaðir í Mývatnssveit, dags. 17.4.1891.

Fasteigna- og jarðamöt:

4(1) Jarðatal Johnsens 1847. Jarðatal á Íslandi. Gefið út af J. Johnsen. Kb. 1847. (bls. 6-19).

4(2) Ný jarðabók fyrir Ísland. Kb. 1861 (bls. 6-9).

4(3) Fasteignabók 1922. Rv. 1921 (bls. 206-216).

4(4) Fasteignabók 1932. Rv. 1932 (bls. 107-110).

4(5) Fasteignabók 1938. Rv. 1942-1944 (bls. 61-63).

Fjallskilareglugerðir:

4(7) Fjallskilasamþykkt fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1990. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1990. B-deild, bls. 344-351)

4(8) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 239/1974. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1974. B-deild, bls. 506-515)

4(9) Auglýsing um breytingu á fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu nr. 157 6. júlí 1943, nr. 267/1968. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1968 B-deild, bls. 424)

4(10) Fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu, nr. 157/1943. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1943. B-deild, bls. 327-339)

4(11) Reglugerð um breyting á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu frá 8. ágúst 1921. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1936. B-deild, bls. 139-150)

4(14) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl. frá 7. júní 1915, nr. 140/1919. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1919. B-deild, bls. 187)

4(15) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrétta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafénaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 80/1915. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1915. B-deild, bls. 133-146)

4(16) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettarhöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 8/1911. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1911. B-deild, bls. 20-33)

4(17) Reglugjörð fyrir Rangárvallasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir, refaveiðar o.fl., nr. 58/1894. (Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1894. B-deild, bls. 75-87)

Menningarminjar:

4(18) Menningarminjar á miðhálendi Íslands, Rangárvallasýsla. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996.

4(19) Kort af menningarminjum á miðhálendinu (mælikvarði 1:400 000), Rangárvallasýsla.

Málsskjöl úr hæstaréttarmáli nr. 103/1953:

4(20) a-b Texta- og skjalfræðileg greinargerð Aðalgeirs Kristjánssonar og Stefáns Karlssonar í handriti, dags. 8.1.1974, ásamt prentaðri útgáfu í Griplu 1979.

4(21) a-b Lögfesta Þjórsártungna, 27.12.1865, ásamt uppskrift.

4(22) a-b Stefna á hendur Runólfi Nikulássyni hreppstjóra o.fl. vegna veiði í afréttarlöndum Holta- og Landsveitar, dags. 1.8.1858, ásamt uppskrift.

4(23) a-b Vörn Runólfs Nikulássonar hreppstjóra, dags. 21.8.1858, ásamt uppskrift.

4(24) a-b Innlegg hreppstjóra Holta- og Landmannahreppa, 18.8.1858, ásamt uppskrift.

4(25) a-b Vottorð þriggja manna um eignarhald Land- og Holtasveita á Þjórsártungum, 18.8.1858, ásamt uppskrift.

4(26) a-b Vitnisburður Gísla Brynjólfssonar í Flagveltu, dags. 19.8.1858, ásamt uppskrift.

4(28) Umræður og samþykktir Landmannahrepps, Holtahrepps og Ásahrepps um fjallskil, 1892.

4(29) Fundur hreppsnefndar Landmannahrepps um fjallskil, dags. 26.5.1906.

4(30) Fundur hreppsnefndar Landmannahrepps um að takmarka upprekstur á afréttinn, dags. 30.6.1913.

4(31) Bréf hreppsnefndar Landmannahrepps til hreppsnefndar Holtahrepps um bann við upprekstri á afréttinn, dags. 30.6.1913.

4(32) Skýrsla Eyjólfs Guðmundssonar um nýtingu Landmanna- og Holtamannaafrétta, dags. 6.7.1913.

4(33) Bréf Eyjólfs Guðmundssonar til hreppsnefndar Holtahrepps um bann við upprekstri á Landmannaafrétt, dags. 18.11.1913.

4(34) Bréf Þorsteins Jónssonar oddvita til hreppsnefndar Landmannahrepps um landspjöll á afréttinum, dags. 12.1.1914.

4(35) Dómur í máli er hreppsnefnd Holtahrepps höfðaði gegn hreppsnefnd Ásahrepps, dags. 24.3.1914.

4(36) Yfirlýsing Eyjólfs Guðmundssonar um að Einari Benediktssyni hafi verið veitt leyfi til að dveljast við Veiðivötn til land- og vatnsmælinga, dags. 9.5.1916.

4(37) Sveitarsjóðsreikningar Landmannahrepps fyrir árin 1918-1919, 1925-1926, 1926-1927, 1934, 1936-1937.

4(38) Úr fundargerð Landmannahrepps: Skýrt frá því að gerður hefði verið samningur um helmingaskipti milli Landmanna- og Rangárvallahreppa á andvirði því sem kynni að

fást fyrir hrafntinnu o.fl. Krafa Holtamanna um að eiga hlutdeild í þeirri hrafntinnu sem fundist hefði, dags. 12.9.1935.

4(39) Ályktun fundar hreppsnefnda Holtamannahrepps og Landmannahrepps um að þeirri kvöð verði aflétt af bændum að halda uppi smölun og refaveiði á afréttinum eftir að bannað var að reka á fjall vegna fjárpestar, dags. 22.2.1945.

4(40) Tilkynning oddvita Holtahrepps um að ábúendur í Holtahreppi geri kröfu til veiðiréttar í Veiðivötnum, dags. 2.6.1947.

4(41) Skjöl um skiptingu Holtamannahrepps í Holtahrepp og Ásahrepp, 1892-1893.

4(42) Eignarhlutur Ásahrepps í Gljúfurleitarfossi seldur Titan, dags. 26.1.1918.

4(43) Sýslunefnd veitir samþykki sitt fyrir því að vatnsréttindi í Þjósrá og Tungnaá séu framseld hlutafélaginu Titan, dags. 16.11.1916.

4(44) Lýsing Þorsteins Magnússonar sýslumanns (1743-1785) á veiði í Fiskivötnum, dags. 28.4.1953.

4(45) Bann við hagnýtu Þjórsártungna, dags. 16.5.1829.

4(46) Vitnisburður Guðmundar Þorsteinssonar um nýtingu Landmannaafréttar, dags. 16.8.1858.

4(47) Svar sýslunefndar Rangárvallasýslu við beiðni sýslunefndar Skaftafellssýslu um að fá opinberan styrk til að rannsaka fjalllendi fyrir norðan afrétti Skaftártungu og Síðumanna, dags. 25.6.1884.

4(48) Samkomulag að Árbæ í Holtum um nýtingu Holta- og Landmannaafrétta, dags. 26.11.1879.

4(49) Kafli úr bréfi hreppsnefndar Landmannahrepps um upprekstrarmál, 1876.

4(50) Dómur Landsyfirréttar um veiði í afréttum Holta- og Landmannahreppa, dags. 5.12.1859.

4(54) Vörn Runólfs Nikulássonar hreppstjóra, dags. 21.8.1858, ásamt uppskrift.

4(55) Vitnisburður Gísla Brynjólfssonar í Flagveltu, dags. 19.8.1858, ásamt uppskrift.

4(64) Útdráttur úr lýsingu Rangárvallasýslu, ódags. 1743-1785.

Málsskjöl úr Hæstaréttarmáli nr. 199/1978:

4(57) Lýsing hreppsnefndar Skaftártunguhrepps á afréttarmörkum hreppsins frá 12.12.1889.

4(58) Símskeyti Guðjóns Guðjónssonar, oddvita Skaftártunguhrepps, um afréttarmörk hreppsins. Lagt fram á aukadómþingi Rangárvallasýslu 2.8.1951.

4(59) Yfirlýsing Vals G. Oddsteinssonar o.fl. um símskeyti Guðjóns Guðjónssonar, dags. 19.2.1978.

4(60) Grg. Landsvirkjunar um samskipti við oddvita Ása-, Djúpár-, Holta-, og Landmannahrepps vegna framkvæmda á Holtamannaafrétt, ódagsett.

4(61) Yfirlýsing aðstoðarframkvæmdastjóra Landsvirkjunar vegna samnings fyrirtækisins við Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepp, dags. 26.11.1981.

4(62) Yfirlýsing iðnaðarráðherra vegna samnings Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps annars vegar og Landsvirkjunar hins vegar, dags. 25.11.1981.

4(63) Samningur milli Jarðefnaiðnaðar hf. og tilgreindra hreppa í Rangárvallasýslu um vinnslu jarðefna á vikursvæðum Heklu, dags. 17. desember 1977. Einnig viðauki frá 23.5. 1978.

4(65) Sátt um landamerki Landmannaafréttar, dags. 7.8.1951, ásamt korti.

Önnur óprentuð frumgögn:

4(27) Afréttaskrá Rangárvallasýslu, bls. 7-10, bréf sýslumannsins á Hvolsvelli, dags. 25.11.1985, um afréttarskrá sýslunnar, Lýsing oddvita Ásahrepps á mörkum Holtamannaafréttar, ódags., yfirlýsing hreppsnefndar Landmannahrepps, dags. 29.3.1979, um merki, eignarrétt og notkun Landmannaafréttar, bréf Oddgeirs Guðjónssonar, dags. 16.11.1979, til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um afréttaskrá sýslunnar.

4(53) Samkomulag um eignarhald og nýtingu Landmannaafréttar, dags. 16.9.1783.

4(56) Rangárvallarsýsla. Kafli úr svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015. Bls. 176-185, ásamt korti og töflum um útivistar- og ferðamannasvæði, skála og gangnamannahús í Rangárvallarsýslu, dags. maí 1997 og 1999.

4(66) Símskeyti frá Stjórnarráði Íslands til um að vatnsréttindi séu ótvírætt almenningseign, dags. 3.4.1918.

Lagt fram af Guðjóni Ægi Sigurðssyni hdl. f.h. Rangárþings ytra og Ásahrepps og eigenda jarða í Rangárþingi ytra og Ásahreppi:

5 Kröfulýsing, dags. 5.5.2003.

5(1) Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um skiptingu Ásahrepps í tvö hreppsfélög, dags. 13.1.1936.

5(2) Holtamannaafréttur yfirlitskort, ekki í mælikvarða, dags. 15.1.2002.

5(3) a-i Holtamannaafréttur hlutakort í mælikvarða 1:50 000, dags. 15.1.2002.

5(4) Greinargerð frá eigendum Holtamannaafréttar, sveitarfélaginu Rangárþingi ytra og Ásahreppi og jarða í Rangárþingi ytra og Ásahreppi, dags. 27.6.2003.

5(5) Ákvörðun Fasteignarmats ríkisins um fasteignamat stöðvarhúss og tengivirkisbyggingar Vatnsfellsvirkjunar, dags. 12.12.2002. Einnig yfirlit yfir flatarmál lóðar: „Vatnsfellsvirkjun, viðskipta og þjón.lóð“, dags. 31.12.2002.

Lagt fram af Þórði Bogasyni hdl. f.h. Landsvirkjunar:

6 Kröfugerð Landsvirkjunar í máli um þjóðlendumörk í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, dags. 15.2.2002.

6(1) Yfirlýsing, dags. 23.4.2003, um aðild Landsvirkjunar að málum á svæði 3 hjá óbyggðanefnd.

6(2) Sameignarsamningur ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar, 1965.

6(3) Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11.8.1982, um virkjanamál, yfirtöku byggðalínu, o.fl.

6(4) Heimild landbúnaðarráðherra, dags. 29.8.1966, um heimild til að beita eignarnámsheimild laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, vegna virkjunar Þjórsár við Búrfell.

6(5) Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1970, til að framkvæma vatnsmiðlun úr Þórisvatni.

6(6) Heimild iðnaðarráðherra, dags. 7.7.1971, til stíflugerðar í Þórisósi og Köldukvísl og veitu árinnar í Þórisvatn og þaðan í Tungnaá um Vatnsfellsvatn.

6(7) Heimild iðnaðarráðherra, dags. 8.3.1973, til að framkvæma virkjun í Tungnaá við Sigöldu.

6(8) Virkjunarleyfi iðnaðarráðherra, dags. 30.12.1976, fyrir fyrri áfanga Hrauneyjafossvirkjunar, 140 MW virkjun ásamt aðalorkuveitum.

6(9) Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 4.12.1991, til […] 2) hækkunar stíflna og gerð veitumannvirkja við Þórisvatn þannig að hækka megi vatnsborð Þórisvatnsmiðlunar í allt að 581 m yfir sjávarmál og 3) lúkningar 5. áfanga Kvíslaveitu.

6(10) Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 12.3.1997, til allt að 125 MW Sultartangavirkjunar á ármótum Þjórsár og Tungnaár ásamt aðalorkuverum.
6(11) Leyfi forsætisráðherra, dags. 12.4.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun.
6(12) Leyfi iðnaðarráðherra, dags. 8.6.1999, fyrir Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 MW afli ásamt aðalorkuverum.
6(13) Afsal eignarréttinda Titans A/S til landbúnaðarráðherra, dags. 16.1.1952.
6(14) Dr. Þórður Eyjólfsson: Vatnsréttindi og heimildir til þeirra samkvæmt skjölum h/f Titan, Reykjavík 1970, ljósrit, bls. 37-63.
6(15) Greinargerð Sigurðar Líndal um eignarrétt að miðlunarlónum, dags. 22.6.1987.
6(16) Bréf Landsvirkjunar, dags. 8.7.1987, til oddvita Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps.
6(17) Bréf Landsvirkjunar, dags. 31.1.1992, til Veiðifélags Holtamannaafréttar.
6(18) Bréf Landsvirkjunar, dags. 3.2.1992, til oddvita Ásahrepps.
6(19) Fundargerð dags. 2.6.1992 frá fundi fulltrúa Landsvirkjunar og fulltrúa Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps um fiskveiði á afréttunum.
6(20) Auglýsing um friðland í Þjórsárverum, nr. 507/1987, dags. 10. nóvember 1987.
6(21) Gervitunglamynd af vatnsaflsvirkjunum og miðlunum Landsvirkjunar á Þjórsár – Tungnaársvæðinu, nr. 02-03, Lv. jan. 2002.
6(22) Kort af háspennulínum Landsvirkjunar í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 02-04, Lv. jan. 2002.
6(23) Yfirlitsuppdráttur, Vatnsfellsvirkjun og Sigölduvirkjun á Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti, Ása- og Djúpárhreppi og Holta- og Landsveit. Áritað af sveitarstjórnum 6.7.1999.
6(24) Vatnsfellsvirkjun á Holtamannaafrétti, Ása- og Djúpárhreppi – deiliskipulag nr. 3. Áritað af sveitarstjórnum 6.7.1999.
6(25) Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslína 1, deiliskipulagsuppdráttur, dags. 14. febr. 2001.
6(26) Þórisós (Þórisvatn) fyrir framkvæmdir árið 1956, mynd 01-21.
6(27) Þórisós (Þórisvatn) eftir framkvæmdir árið 2000, mynd 01-22.
6(28) Hágöngumiðlun í upphafi framkvæmda árið 1997, mynd 01-25.
6(29) Hágöngumiðlun og Hágöngulón eftir framkvæmdir árið 2000, mynd 01-26.
6(30) Loftmynd af Hrauneyjafossstöð og næsta nágrenni, mynd 02-06.
6(31) Loftmynd af Sigöldustöð og næsta nágrenni, mynd 02-05.
6(32) Hrauneyjar – Sigalda – Vatnsfell fyrir framkvæmdir, samsett yfirlitsmynd frá 1959 og 1963, mynd 01-29.
6(33) Hrauneyjafossstöð – Sigöldustöð – Vatnsfellsstöð eftir framkvæmdir, samsett yfirlitsmynd frá 2000, mynd 01-30.
6(34) Sultartangi fyrir framkvæmdir árið 1963, mynd 01-23.
6(35) Sultartangavirkjun eftir framkvæmdir árið 2000, mynd 01-24.
6(36) Kvíslaveita fyrir framkvæmdir, samsett yfirlitsmynd frá 1956 og 1960, mynd 01-27.
6(37) Kvíslaveita eftir framkvæmdir, yfirlitsmynd frá 2000, mynd 01-28.
6(38) Skaftárveita, yfirlitsmynd.
6(39) Bréf Þórðar Bogasonar hdl. til Kristjáns Torfasonar, formanns óbyggðanefndar, varðandi kröfugerð Landsvirkjunar.
6(40) Greinargerð Landsvirkjunar í máli nr. 1/2003 um þjóðlendumörk í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu, dags. 4.7.2003.
6(41) Loan Agreement (Sigalda Hydroelectric Project) between International Bank for Reconstruction and Development and Landsvirkjun. Loan number 951 IC. Dags. 20.12.1973.

6(42) Bréf Hjartar Torfasonar hrl., ódags., til International Bank for Reconstruction and Development varðandi Loan Agreement, dags. 20.12.1973.

6(43) Guarantee Agreement (Sigalda Hydroelectric Project) between Republic of Iceland and International Bank for Reconstruction and Development. Loan number 951 IC. Dags. 20.12.1973.

6(44) Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ódags., til International Bank for Reconstruction and Development varðandi Loan Agreement, dags. 20.12.1973.

6(45) Bréf Landsvirkjunar, dags. 18.2.1974, til Seðlabanka Íslands, varðandi gildistöku lánssamnings Landsvirkjunar og ábyrgðarsamnings ríkissjóðs frá 20.12.1973 um lán bankans (nr. 951 IC) vegna Sigölduvirkjunar.

6(46) Bréf Landsvirkjunar, ódags., til International Bank for Reconstruction and Development varðandi Loan Agreement, Loan No. 951 IC.

6(47) Bréf International Bank for Reconstruction and Development, dags. 24.1.1974, til Landsvirkjunar varðandi Loan Agreement, varðandi Loan No. 951 IC.

6(48) a-g Kort a: Hágöngulón, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-101).
Kort b: Þórisvatn og Þórisós, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-102).
Kort c: Kvíslaveita, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-103).
Kort d: Búrfellsvirkjun, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-104).
Kort e: Sigölduvirkjun, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-105).
Kort f: Hrauneyjafossvirkjun, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-106).
Kort g: Vatnsfellsvirkjun, stíflur og vatnsvegir (nr. 03-107).

6(49) Bréf iðnaðarráðuneytis, dags. 8.2.1974, til Landsvirkjunar um eignarnámsheimild vegna virkjunar Tungnaár við Sigöldu og aðalorkuveitna í sambandi við þá virkjun. Einnig fylgir með þýðing löggilts skjalaþýðanda á sama bréfi yfir á ensku.

6(50) Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins til Landsvirkjunar um að iðnaðarráðherra hefur fallist á áform Landsvirkjunar um gerð og rekstur vatnsmiðlunar við Syðri-Hágöngu, dags. 11.2.1997.

6(51) Samningur milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holtamannaafrétti og Landmanna-afrétti, dags. 3.7.1981.

6(52) Staðfesting, dags. 24.7.1981, á samningi milli Landsvirkjunar annars vegar og Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahrepps, Rangárvallasýslu hins vegar varðandi umhverfismál og bætur fyrir skerðingu hagsmuna á afréttum hreppanna, þ.e. Holta-mannaafrétti og Landmannaafrétti, dags. 3.7.1981.

6(53) Gerðardómssamningur hreppsnefnda Djúpár-, Ása-, Holta-, og Landmannahrepps um skiptingu bóta. Ódags.

6(54) Bréf forsætisráðuneytisins til Landsvirkjunar varðandi leyfi til að reisa virkjun ásamt aðalorkuveitum við Búðarháls og annarra framkvæmda af því tilefni, dags. 13.7.2001.

6(55) Bréf iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins til Landsvirkjunar varðandi leyfi til að reisa virkjun ásamt aðalorkuveitum við Búðarháls og annarra framkvæmda af því tilefni, dags. 22.8.2001.

6(56) Bréf Landsvirkjunar til hreppsnefndar Ásahrepps varðandi framkvæmdarleyfi vegna Búðarhálsvirkjunar, dags. 22.8.2001.

6(57) Bréf oddvita Ásahrepps til Landsvirkjunar varðandi framkvæmdarleyfi vegna Búðarhálsvirkjunar, dags. 22.8.2001.

Lagt fram af óbyggðanefnd:

7 (a-g) Yfirlitskort – Lýstar kröfur á Holtamannaafrétti. Átta kort, sex í mælikvarða 1:50 000 og tvö í mælikvarða 1:100 000. Sbr. kröfulínukort einstakra málsaðila, þ.e. skjöl nr. 5(2) og 5(3).

8 Greinargerð um staðhætti og gróðurfar á Holtamannaafrétti eftir Ingva Þorsteinsson náttúrufræðing, 19.5.2003.

9(1) Fundargerð 1. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 5.5.2003.

9(2) Fundargerð 2. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 2.6.2003.

9(3) Fundargerð 3. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 27.6.2003.

9(4) Fundargerð 4. fyrirtöku máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 3.9.2003.

9(5) Fundargerð fyrri hluta aðalmeðferðar máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 5.9.2003.

9(6) Fundargerð síðari hluta aðalmeðferðar máls þessa hjá óbyggðanefnd, dags. 26.11.2003.

9(7) Fundargerð endurupptöku þessa máls hjá óbyggðanefnd, dags. 8.11.2004.

9(8) Fundargerð lokafyrirtöku, dags. 2.12.2004.

10 a-b Kort sem sýnir endanlegar kröfur. Gert af Sigurgeiri Skúlasyni landfr. (mælikvarði 1:100.000).

11 Minnisblað frá Oddi Sigurðssyni jarðfræðingi um upptök Tungnaár, dags. 23.11.2004.

Hliðsjónargögn

Lagt fram til hliðsjónar af Ólafi Sigurgeirssyni hrl.:

Ónr. Sunnlenskar byggðir V. Rangárþing vestan Eystri-Rangár. Bls. 290-293, 302-303, 312-319, 340-347, 401-405 og 420-423.

Ónr. Göngur og réttir. 1. bindi. Bls. 301-315.

Ónr. Rangárvallasýsla, Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags. Bls. 188-189.

Ónr. Jökuldalur (Nýidalur), uppruni örnefnanna, 1991. Eftir Konráð Erlendsson. Vélsleðinn 6. árg. 4. tbl. Bls. 26-27.

Ónr. Yfirlit yfir málflutningsræðu.

Lagt fram til hliðsjónar af Guðjóni Ægi Sigurjónssyni hdl.:

Ónr. Yfirlit yfir málflutningsræðu.

Ónr. Málskostnaðarreikningur.

Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

Ónr. Hrd. 1975/30 Holtamannaafréttur.

Ónr. Hrd. 1981/1584 Landmannaafréttardómur síðari.

Ónr. Hrd. 1989/1022 Mörk milli afréttalanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi hins vegar.

Ónr. Skjalaskrá í máli Hrd. 1989/1022. Mörk milli afréttalanda Skaftártunguhrepps annars vegar og Landmannahrepps og Holtahrepps og jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, hins vegar.

Ónr. Skýrslur í máli 1/2003 hjá óbyggðanefnd, 5.9.2003. 15 síður uppskrifaðar eftir hljóðupptöku.

Ónr. Upplýsingar um afrjettir og fjallaskil í Þingeyjarsýslu árið 1959.

Ónr. Lyfr.eldri VII/223. Bleiksmýrardalur.

Ónr. Hrd. nr. 128/1967. Nýjabæjarafréttur.

Ónr. Skýrslur í máli 1/2003 hjá óbyggðanefnd, (15 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

Ónr. Syðri-Háganga, Hágönguhraun og Beinagil. Gönguleiðir við Hágöngur á Holtamannaafrétti. Grein eftir Svein Tyrfingsson. Goðasteinn 1998. Bls. 177-181.
Ónr. Eftirleitir á Landmannaafrétti árið 1931. Grein eftir Þorstein Daníelsson. Goðasteinn 1998. Bls. 163-167
Ónr. Nytjar af Holtamannaafrétti á 20. öld. Grein eftir Ingibjörgu Sveinsdóttur. Goðasteinn 1998. Bls. 182-191.
Ónr. Eftirleit á Holtamannaafrétti haustið 1980. Grein eftir Ingólf Guðmundsson. Goðasteinn 1998. Bls. 169-176.

YFIRLITSKORT UM STÖÐU ÞJÓ



ÓBYGGDANEFND

Málsmeðfer

Málsmeðfer

ÞJÓÐLENDUMÁL

Grunnkort: Birt með leyfi Landmælinga Islands (L02030013)

ÐLENDUMÁLA Á LANDINU ÖLLU



ð lokið og úrskurðir kveðnir upp

ð hafin

LANDFORM ehf


ÓBYGGÐANEFND
ÞJÓÐLENDULÍNA -Mál nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8 og 9/200
Langjökull
Hofs
Þórisá
Þórisvat
Landmannaafréttur
Hekla
Almörkuin fylgir Þjórsá
allt til sjávar
Rangárvellir
Rangárvallaafréttur
Þórfjalljökull
Tindfjallajökull
Emstrur
Fljótshlíðar-
afréttur
Fljótshlíð
Almenningar
Þórsmörk
Markarfljót
Mýrdalsjökull
Eyjafjallajökull
Eyjafjöll
Mýrdalur
1. Steinsholt
2. Stakkholt
3. Merkurtungur
4. Goðaland
5. Múlatungur
6. Teigstungur
7. Hólatungur
8. Borgartungur
9. Skógafjall
10. Hvítmaga
11. Stórhöfði
Mismunur á jökulsvæðir, eins og það er teiknað á kortgrunni, og úrskurðarlínu óbyggðanefndar,
að því leyti sem hún fylgir jökuljaðri, skýrist af mismunandi aldri og nákvæmni gagna.

03, í sveitarfélögum í Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu